# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

36. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 11. FEBRÚAR 2017




## Skert frelsi á Sólheimum

Elísabet Takefusa bjó á Sólheimum í Grímsnesi í sex ár. Hún segist hafa búið við skert frelsi og vill breytta framkomu við fólk með fötlun. →24

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

### Þórarinn Tyrfingsson

Hættir störfum á Vogi

→28





### Flóttafólk í Bangladess

Myndaþáttur eftir Pál Stefánsson →32



### Styttist í kosningar

Marine Le Pen sækir á í Frakklandi →8










## Veður




Hvöss suðvestanátt norðvestan til í dag og stormur seinnipartinn með talsverðri rigningu um tíma á Breiðafirði og á Vestfjörðum. SJÁ SÍÐU 46

# Ný síða gegn vinnumansali

**VINNUMARKAÐUR** Vinnumálastofnun opnaði í gær nýjan vef, posting.is, þar sem nálgast má helstu upplýsingar um réttindi og skyldur starfsmannaleiga sem senda erlent starfsfólk til starfa á Íslandi.

„Hvernig menn eiga að haga sér þegar þeir eru með starfsemi á Íslandi og hvenær þeir eiga að borga kaup og hvað mikið að lágmarki og þess háttar,“ segir Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar.

Gissur segir að einn tilgangurinn með þessari síðu sé að sporna gegn vinnumansali. **– jhh**



**Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar**

# Sögulok hjá sumarhúsi



Hafist hefur verið handa við að rífa niður og fjarlægja fimmtíu ára sumarbústað við vatnsbakkann í þjóðgarðinum á Þingvöllum. Ríkið keypti húsið 2014. Ekki á að fjarlægja tré af lóðinni líkt og grenilund umhverfis bústað sem ríkið keypti við Valhallarreitinn í fyrrahaust. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

# Forsætisráðherra biður fólk með fötlun afsökunar

**SAMFÉLAG** Bjarni Benediktsson forsætisráðherra hefur beðið öll þau börn sem vistuð voru á Kópavogshælinu og fjölskyldur þeirra afsökunar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Tilefnið er svört skýrsla um aðbúnað barna og ofbeldi gegn þeim á Kópavogshælinu sem fram kom fyrr í vikunni.

„Sömuleiðis bið ég afsökunar allt fatlað fólk, börn og fullorðna, sem hefur verið vistað á stofnunum hér á landi og sætt þar ofbeldi eða illri meðferð. Sár reynsla verður aldrei bætt að fullu, en á grundvelli laga um sanngirnisbætur verður nú unnið að því að bæta þeim sem urðu fyrir ofbeldi eða illri meðferð þann skaða sem af því hefur hlotist, að því marki sem það er unnt,“ segir í tilkynningu frá forsætisráðherra.

Bjarni segir nauðsynlegt að horfast í augu við það hversu slæmar aðstæður fatlaðra einstaklinga voru á hælinu og draga lærdóm af skýrslunni um stöðu fatlaðra barna og foreldra þeirra, og almennt um aðbúnað fatlaðs fólks á stofnunum. **– snæ**



**Bjarni Benediktsson forsætisráðherra hefur beðist afsökunar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar á aðbúnaðinum á Kópavogshæli.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Gæti þurft að flytja þúsundir frá Kötlu

**Gjósi Katla á háannatíma ferðaþjónustunnar gæti þurft að flytja 15 þúsund manns burt á stuttum tíma. Viðbragðsáætlanir og leiðir til upplýsingagjafar eru í endurskoðun. Eldri áætlanir gerðu ráð fyrir flutningi fámenns hóps af svæðinu.**

**ÖRYGGISMÁL** Vegna vaxandi fjölda erlendra ferðamanna þarf að uppfæra ýmsar viðbragðsáætlanir vegna hugsanlegra náttúruhamfara. Ekki er síst litið til Kötlu en gríðarleg fjölgun í umferð ferðamanna um Suðurland á stuttum tíma er staðreynd.

Þetta er meðal niðurstaðna fundar undirbúningshóps viðbragðsaðila, þar á meðal Almannavarna, sem kom saman á fimmtudag.

„Ef Katla gysi á þessu ári gæti þurft að koma þúsundum ferðamanna burt af hættusvæðum en ekki þarf að fara mörg ár aftur í tímann til að finna viðbragðsáætlanir sem gerðu ráð fyrir rýmingu tiltölulega fámenns hóps íbúa og að erlendir ferðamenn heimsóttu Suðurland aðeins á sumrin,“ segir í tilkynningu undirbúningshópsins.

Víðir Reynisson, verkefnastjóri almannavarna hjá lögreglunni á Suðurlandi, segir fundinn hafa snúist um upplýsingagjöf til ferðamanna; breyttar áherslur og hvernig mætti nýta reynslu síðustu ára. „Við erum að samræma hvað við viljum gera þegar Katla fer af stað,“ segir Víðir og jafnframt hvernig samstarfi við fjölmiðla verði best háttað.

Þörfin er rík, segir Víðir, enda séu um 3.000 manns búsettir á rýmingarsvæðum Kötlu en á góðum sumardegi fjór- til fimmfaldist sú tala vegna umferðar ferðamanna.

Til eru samtímaheimildir um ein níu Kötlugos, frá 1580 að telja, sum stór eins og það síðasta sem kom upp úr jökli árið 1918. Jökulhlaupin eru gríðarstór, um 100-falt vatnsmeiri en úr Eyjafjallajökli 2010 og að minnsta kosti fjórum til fimm sinnum öflugri en vatnsflóðin á Skeiðarársandi 1996, eftir eldgosið í Gjálp. Eins að stundum hefur öskufall verið afar mikið næst eldfjallinu og um og yfir milljarður rúmmetra af gjósku ruðst upp um jökulinn.

Í frétt Fréttablaðsins fyrir nokkrum árum kom fram að þegar ferðamenn við Kötlurætur voru spurðir að því hvað þeir vissu um svæðið sem þeir voru að skoða var svar þeirra flestra á þeim nótum að þeir vissu einfaldlega ekki að undir jöklinum sem þeir stóðu við var eldstöð – hvað þá að þeir vissu um afl hennar eða eyðingarmátt. **svavar@frettabladid.is**



**Kötlugos hefur ekki náð upp úr jökli í 99 ár – en heimildir vitna um eyðileggingarmátt eldfjallsins. Skjálftavirkni í fjallinu frá því í sumar er ástæða áætlanagerðar.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Við erum að samræma hvað við viljum gera þegar Katla fer af stað.



Víðir Reynisson, verkefnastjóri hjá lögreglunni á Suðurlandi




**FÁGAÐUR AURIS Á FRÁBÆRU VERÐI**

Finndu gleðina í hljóðlátum og liprum akstri, hvort heldur með bensín- eða dísilvél eða í Hybrid-útfærslu.
Auris er með ríkulegum staðalbúnaði og glæsilegur að innan sem utan.

**Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

**TÖLUR VIKUNNAR** 05.02.2017 TIL 11.02.2017

**223**
erlendir ferðamenn slösuðust í umferðinni á Íslandi árið 2016.

**171**
ár spanna veðurmælingar í Stykkishólmi – aldrei hefur verið hlýrra en í fyrra.

**500**
verslanir í 17 löndum bjóða íslenska súkkulaðið Omnom.

**60%**
lækkun er á bréfum Icelandair frá því í apríl 2016.

**900**
fasteignir hér á landi eru skráðar í íbúðaskipti.

**84.000**
fermetrar af húsnæði verða byggðir í nýju hverfi – 201 Smári.

**20**
ár er það talið taka að flytja starfsemi Fiskistofu frá Hafnarfirði til Akureyrar.

## Þrjú í fréttum
### Einangrun, kostnaður og launamunur

**Hrefna Haraldsdóttir**
*þroskaþjálfi*



sagði aðstöðuna og umhverfið á Kópavogshæli hafa verið óboðlegt, einkum fyrir börn. Hrefna hóf þar störf 1959, þá 17 ára gömul. Viðhorfið hafi verið að fatlað fólk væri annars flokks borgarar og að ekki væri gott ef börnin sem dvöldu þar ættu í of miklum samskiptum við foreldra sína. Einangrunin hafi verið gríðarleg. Skýrsla um hælið var kynnt í vikunni.

**Eyþór Björnsson**
*forstjóri Fiskistofu*



sagði flutning stofnunarinnar frá Hafnarfirði til Akureyrar myndu taka allt að 20 ár. Flutningurinn hófst í ársbyrjun 2016. Ferðakostnaður Fiskistofu jókst um 10 milljónir á einu ári eftir flutninginn. Það skýrist meðal annars af skorti á fjarfundabúnaði.

**Hanna Katrín Friðriksson**
*þingflokksformaður Viðreisnar*



sagði ótækt að dómsmálaráðherra héldi því fram að kynbundinn launamunur væri ekki til og að ástæða launamunar væri sú að konur verðu meiri tíma með börnum sínum. Sigríður Á. Andersen dómsmálaráðherra sagði í grein í riti Orators að þótt kannanir mældu 5 prósenta launamun væri hann of lítill til að hægt væri að fullyrða um kynbundið misrétti.

# Biður Þingvallagreninu vægðar

**Fagmálastjóri Skógræktarinnar segir það illskiljanlegt að Þingvallanefnd ætli að höggva niður greniskóg við Valhallarreitinn. Prýði sé að sígrænum trjánum sem skýli fyrir vindi og séu athvarf fyrir dýr og plöntur.**

**UMHVERFISMÁL** „Það hafa margir verið að furða sig á þessu,“ segir Aðalsteinn Sigurbergsson, fagmálastjóri Skógræktarinnar, um fyrirhugaða eyðingu greniskógar á Þingvöllum.

Fréttablaðið sagði frá því á mánudag að fella ætti grenitré sem standa umhverfis sumarbústað næst Valhallarreitnum á Þingvöllum. Ríkið hefur keypt bústaðinn og hyggst fjarlægja hann ásamt trjánum sem Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður segir Þingvallanefnd telja hafa „slæm sjónræn áhrif“. Opna eigi lóðina fyrir almenningi.

„Það er í sjálfu sér ekkert skrítið að ríkið vilji kaupa upp sumarbústaðina og fjarlægja húsin en það er illskiljanlegt af hverju það þarf endilega að höggva niður öll trén sem fólkið hefur gróðursett. Mér vitanlega eru þau ekki að valda neinu umhverfistjóni eða sálartjóni,“ segir Aðalsteinn. „Það er prýði að þessum trjám, ekki síst vegna þess að þau er sígræn.“

Aðalsteinn gefur lítið fyrir þá skoðun að barrtré eigi ekki heima í þjóðgarðinum og séu þar eins og út úr kú.

„Þetta er bara ein af þessum söguminjum um hvað þjóðin er búin að vera að gera í ellefu hundruð ár á Þingvöllum. Um og upp úr aldamótunum þá var gróðursettur furulundurinn á Þingvöllum sem enn þá stendur. Eftir seinna stríð voru gróðursettir skógar meðal annars við Valhöll, við Hrafnagjárhallinn og víðar.“

Aðalsteinn minnir á að þegar gömul og stór grenitré næst Hótel Valhöll voru höggvin árið 2007 hafi verið sagt að það væri krafa heimsminjaskrár menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) að allur erlendur gróður yrði fjarlægður af Þingvöllum.

„En þegar var farið að grennslast fyrir um málið kom í ljós að krafan kom ekkert frá UNESCO. Hún var bara sett inn í lýsingu Þingvallaþjóðgarðsnefndar á því sem hún ætlaði sér að gera ef Þingvellir kæmust inn á skrána. Síðan var látið í veðri vaka að krafan hefði komið að utan en ekki héðan innanlands. En þetta er algeng skoðun hjá þeim sem gefa sig út fyrir að unna íslenskri náttúru og meina þá umhverfi án allra útlendra plantna og trjáa,“ segir Aðalsteinn.



**Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður segir að til að bæta til muna ásýnd þjóðgarðsins eigi að uppræta grenilund milli Valhallarlóðarinnar og minningarreitsins um Bjarna heitinn Benediktsson forsætisráðherra.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Að sögn Aðalsteins er umræddur lundur griðastaður fyrir plöntur og dýr.

„Skógurinn þarna, þó að hann sé greniskógur, er híbýli margra skógarfuglategunda og það eru ábyggilega margar tegundir platna og smádýra sem hafa gott af því að hafa skóginn í staðinn fyrir að hafa berangurinn á klöppinni sem var þarna fyrir,“ segir Aðalsteinn. Eitt af því sem helst vanti á Íslandi sé skjól.

„Það mun nú ekki bæta skjólskilyrðin þarna beinlínis að höggva niður öll trén sem skýla þinghelginni.“ **gar@frettabladid.is**

### Skógarhögg ekki að undirlagi Heimsminjaskrár

Í umræðu um eyðingu barrtrjáa í þjóðgarðinum á Þingvöllum hefur sú saga verið á kreiki að það sé krafa menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) að trén víki vegna stöðu Þingvalla á heimsminjaskrá. Til dæmis var haft eftir Sigurði K. Oddssyni, þáverandi þjóðgarðsverði, í Fréttablaðinu 13. júlí 2007, að þegar sótt hefði verið um að Þingvellir færu á heimsminjaskrá hefðu Sameinuðu þjóðirnar tilgreint að barrtrén skyldu fjarlægð.

Þetta er rangt eins og lesa má í bloggfærslu Björns Bjarnasonar, þáverandi formanns Þingvallanefndar, frá því 21. júlí 2007:

„Í UNESCO-skráningarvinnunni kom fram, að hinir erlendu sérfræðingar, sem sendir voru á vettvang til að meta Þingvelli í samanburði við hundruð eða þúsundir annarra staða, voru sammála mati Þingvallanefndar og sérfræðinga hennar um fækkun barrtrjáa í þinghelginni. UNESCO setti Þingvallanefnd ekki neina úrslitakosti í þessu efni, en taldi nefndina á réttri braut, þegar lögð væri áhersla á grisjun barrtrjáa. Hjörleifur Guttormsson, sem sat í Þingvallanefnd á níunda áratug síðustu aldar, hefur skýrt frá því, að á þeim tíma, eða árið 1988, hafi nefndin fyrst sent frá sér stefnu, sem miðaði að því að grisja barrtrén.“


Jeep

KOMDU OG PRUFAÐU



Opið í dag laugardag 11 - 15

Margar góðar reynsluakstursleiðir í nágrenni Mosfellsbæjar.

Tökum vel á móti þér!
Rjúkandi Lavazza kaffi á könnunni.

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 11-15


BOSS
HUGO BOSS
SAND
strellson
POLO
RALPH LAUREN
ARMANI
COLLEZIONI
eterna
VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY
gardeur
HUGO
HUGO BOSS
PETER VAN HOLLAND
FINUCCI
collezione
bugatti
Stenströms
BELLINI
collezione
LLOYD
Herra lagerinn
outlet
líka fyrir konur
Troðfull verslun af merkjavöru!
40-60%
afsláttur
af öllum vörum
Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512
Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)



**Bólusett gegn flensu.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Virknin 30% hjá eldra fólki

**HEILBRIGÐISMÁL** Virkni bóluefnis gegn inflúensu í ár er svipuð og undanfarin ár. Virknin er minnst hjá elstu kynslóðinni, það er 28 til 30 prósent hjá 65 ára og eldri. Sóttvarnalæknir hvetur lækna til að íhuga notkun veirulyfja, það er tamiflu, hjá þessum áhættuhópi við grun um eða staðfesta inflúensu, óháð bólusetningu.

„En þetta er auðvitað ákvörðun læknis hverju sinni,“ segir Guðrún Sigmundsdóttir, yfirlæknir hjá landlæknisembættinu.

Frá því í byrjun desember hafa alls 95 einstaklingar legið á Landspítala vegna inflúensu, þar af greindist 21 í síðustu viku sem er fjölgun borið saman við vikurnar á undan. Flestir eiga það sameiginlegt að vera 70 ára og eldri, meðalaldurinn er tæp 74 ár.

Guðrún tekur fram að bólusettir fái væntanlega vægari einkenni en aðrir. „Ef við myndum ekki bólusetja yrði þetta enn verra. Bólusetning dregur úr smiti meðal yngra fólks og þá jafnframt hjá þeim eldri.“

Hún segir inflúensuna útbreidda í samfélaginu, sennilega sé hún í hámarki núna og gera megi ráð fyrir að tilfellum fækki á næstu vikum. – ibs

## Súkkulaðisætari heimur í Brussel



**Konfektgerðarmaður leggur lokahönd á súkkulaðikonfekt sem hann kynnir á sýningunni Salon du Chocolat í Brussel í Belgíu. Sýningin hófst í gær og stendur fram til morguns. Þessi sýning er haldin árlega og hefur meðal annars farið fram í París, Tókýó, New York og Moskvu.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Bæta þarf öryggi við vinsælar leiðir

**Full ástæða er til að bæta merkingar og meta kerfi til eftirlits og vöktunar við Esjuna. Borgarstjóri hefur beðið ráðherra að leggjast yfir málið – tilefnið er dauðaslys í lok janúar. Íslendingar sinna illa merkingum við gönguleiðir. Víða eru þær hættulegri en margur hyggur.**

**ÖRYGGISMÁL** Slysasaga, landfræðilegar aðstæður og fjöldi útivistarfólks á Esjunni gefur fullt tilefni til þess að eftirlit og vöktun og merkingar á fjallinu séu teknar til skoðunar. Borgarstjóri hvetur til þess að heimild í lögum sé nýtt og stofnuð verði sérstök nefnd á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um úrbætur á svæðinu með tilliti til öryggismála. Veðurstofa Íslands útilokar ekki sérstaka snjóflóðaspár en fjármagn þarf að koma til.

Mikill viðbúnaður var hjá björgunarsveitum á suðvesturhorni landsins rétt fyrir mánaðamótin þegar um 160 björgunarsveitarmenn tóku þátt í leit eftir að snjóflóð féll í hlíðum Esjunnar og hreif með sér þrjá menn. Ungur maður lést í flóðinu.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri skrifaði af því tilefni Björt Ólafsdóttur, umhverfis- og auðlindaráðherra, bréf þar sem hann sagði spurningar vakna um eftirlit og snjóflóðavöktun á svæðinu, sem er eitt vinsælasta útivistarsvæðið á höfuðborgarsvæðinu. Lagði hann til að hlutaðeigandi stofnanir tækju atvikið til skoðunar og að ráðherra nýtti heimild í lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum til að skipa nefnd vegna slyssins og „... er það mat Reykjavíkurborgar að þetta alvarlega slys gefi fullt tilefni til þess að skipa slíka rannsóknarnefnd,“ segir í bréfi borgarstjóra sem staðfestir við Fréttablaðið að enn þá hafi svar ekki borist við erindi hans.

Jónas Guðmundsson, sérfræðingur í slysavörnum hjá Landsbjörg, segir málið margþætt. Fólk verði að sækja sér þekkingu og reynslu til að fara á fjöll – og „Esjan er sannarlega alvöru fjall þar sem lítið þarf að bera út af svo illa fari“. Jónas segir jafnframt að þegar fólk kemur á staðinn þurfi að vera til staðar upplýsingar sem segir viðkomandi hvaða leið sé auðveld og hver ekki – og hvaða tíma það taki að ganga viðkomandi leið og hvaða hættur geta leynst á hverri þeirra.

„Það er lítið um þetta almennt hér á landi, þetta er að finna í þjóðgörðum og nokkrum stöðum að auki. En þarna vantar upp á hjá okkur, og sérstaklega ef við berum okkur saman við það sem tíðkast víða erlendis þar sem þessar upplýsingar eru nákvæmlega útlistaðar,“ segir Jónas og bætir við að sérstakar aðstæður gefi tilefni til að skoða eftirlit og vöktun.

> **Þarna vantar upp á hjá okkur, og sérstaklega ef við berum okkur saman við það sem tíðkast víða erlendis.**
>
> Jónas Guðmundsson, sérfræðingur hjá Landsbjörg



Jónas segir að það sem vanti upp á hér á landi sé að viðvaranir séu almennar en ekki sértækar – það séu til dæmis ekki gefnar út veðurspár fyrir vinsæl útivistarsvæði. Veðurstofan sé að gera góða hluti, en þetta vanti og allt snúist þetta um fjárveitingar til slíkra öryggisatriða. Snjóflóðaspár þurfi líka að vera til staðar og fleira.

svavar@frettabladid.is


SÆLKERAHELGI Í NÓATÚNI

Frábær tilboð úr kjötborði, skemmtilegar nýjungar og ljúffengt meðlæti. Hlökkum til að sjá þig!







Alla daga 8-20

Við gerum meira fyrir þig – Nóatún Austurveri – www.noatun.is

NÓATÚN

# STEINBAKAÐ

EFTIR ALDARGAMALLI FRANSKRI
HEFÐ, DEIGIÐ ER LÁTIÐ HEFAST
Í 24 TÍMA FYRIR BAKSTUR

BAK
ARÍ
IÐ



Parísar Baguette, Súrdeigsbrauð, Noixbrauð með trönuberjum & valhnetum, Bastillubrauð, Rivolibrauð, Ólífu & ostabrauð og Tómat & ostabrauð.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Vonast til að verða Frakklandsforseti

**Marine Le Pen, leiðtogi Frönsku þjóðfylkingarinnar, þykir eiga góða möguleika á sigri í fyrri umferð forsetakosninganna í vor. Ekki er þó víst að það dugi henni til sigurs í seinni umferðinni.**

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is





Matteo Salvini, þessi með símann, er leiðtogi Norðurbandalagsins á Ítalíu. Næstur er Harald Vilimsky, austurríska Frelsisflokknum. Þá kemur Geert Wilders, leiðtogi hollenska Frelsisflokksins. Þá Marcus Pretzell fulltrúi þýska AfD-flokksins á Evrópuþinginu. Til hægri eru Le Pen og Frauke Petry, leiðtogi þýska AfD-flokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**FRAKKLAND** Marine Le Pen segist ætla að frelsa Frakkland úr viðjum alþjóðavæðingar, Evrópusambandsins og íslamskra öfgamanna. Þetta er stefnan sem hún boðaði í ræðu sinni á kosningafundi í Lyon um síðustu helgi. Hún stefnir á að verða forseti Frakklands í vor.

„Það sem er í húfi í þessum kosningum er hvort Frakkland verði áfram frjáls þjóð, tilvera okkar sem þjóðar er í húfi,“ sagði hún og lofar að setja Frakkland í forgang, rétt eins og Donald Trump hefur lofað að endurreisa Bandaríkin til einhverrar fyrri dýrðar sem hann sér í hillingum. „Fólkið er að vakna, straumar sögunnar eru að umturnast,“ segir hún og stillir upp þeim óvinum sem hún ætlar sér að berjast gegn.

Þeir eru helstir Evrópusambandið, alþjóðavæðing efnahagslífsins og innflytjendur frá múslimalöndum.

Hún segist ekki vera hægra megin í stjórnmálum, hefur jafnvel sagst vera vinstra megin við Barack Obama, fyrrverandi Bandaríkjaforseta.

„Ég er í liði með föðurlandsstefnunni. Margir evrópskir leiðtogar hafa verið í liði með alþjóðavæðingunni.“

Hún hvetur meðal annars til þess að evran verði lögð niður: „Evran er ekki gjaldmiðill. Hún er pólitískt vopn. Evran er hnífur sem Evrópusambandið stingur í bakið á fólkinu til að neyða það til að fara þangað sem það vill ekki fara.“

Le Pen er leiðtogi Frönsku þjóðfylkingarinnar, harðlínuflokks þjóðernissinna sem faðir hennar, Jean-Marie le Pen, stofnaði fyrir meira en fjórum áratugum. Hún tók við forystunni árið 2011, þegar faðir hennar var kominn yfir áttrætt og fylgi flokksins tekið að dala.

Hún hefur af töluverðum krafti reynt að draga úr þeirri harðlínuímynd sem flokkurinn hafði á sér á meðan faðir hennar var við stjórnvölinn. Hún kallar það að afeitra flokkinn og hefur óspart rekið úr honum liðsmenn sem hafa sýnt af sér gallharðan þjóðernishroka eða boðað grímulaust kynþáttahatur eða gyðingahatur.

Þetta hefur skilað henni og flokknum auknu fylgi. Hún hefur verið að mælast með yfir 20 og allt upp undir 30 prósenta fylgi og flokkur hennar, sem lengi vel var jaðarflokkur með lítið fylgi, hefur náð forystu í héraðskosningum í Frakklandi, jafnvel með yfir 40 prósent sums staðar.

Marine Le Pen er fædd 1968, tekin að nálgast fimmtugt og hefur tekið þátt í starfi flokksins frá unglingsárum, en var lengi á hliðarlínunni.

## Þjóðernisflokkar Evrópu horfa til Trumps

Í janúar hittust fulltrúar helstu þjóðernisflokka Evrópu á fundi í Koblenz í Þýskalandi.

Það var þýski flokkurinn Alternative für Deutschland, eða Valkostur fyrir Þýskaland, sem skipulagði fundinn til að stilla saman strengi flokkanna í beinu framhaldi af kosningasigri og valdatöku Donalds Trump í Bandaríkjunum.

Kosningaúrslitin í Bandaríkjunum og í Brexit-kosningunni í Bretlandi á síðasta ári hafa greinilega vakið með evrópskum þjóðernispopúlistum vonir um frekari sigra í kosningum á næstunni.

„Afstaða hans til Evrópu er augljós,“ sagði Marine Le Pen, leiðtogi Frönsku þjóðfylkingarinnar, um hinn bandaríska Trump. „Hann styður ekki kerfi sem kúgar þjóðirnar.“

Á myndinni má sjá helstu leiðtoga þessarar hreyfingar, sem hefur verið að sækja jafnt og þétt í sig veðrið á síðustu misserum.

> Afstaða hans til Evrópu er augljós. Hann styður ekki kerfi sem kúgar þjóðirnar.
>
> Marine Le Pen, leiðtogi Frönsku þjóðfylkingarinnar



## Styttist í kosningar

Marine le Pen hefur tvisvar áður boðið sig fram til forseta Frakklands en aldrei verið sigurstranglegri en einmitt nú. Skoðanakannanir spá henni fjórðungi atkvæða og þar með fyrsta sæti í fyrri umferð forsetakosninganna, sem verður haldin 23. apríl, en það tryggir henni þátttöku í seinni umferðinni hálfum mánuði síðar, þann 7. maí, þar sem kosið verður á milli tveggja efstu.

**Francois Fillon**, frambjóðandi hefðbundinna hægri manna, virtist lengi vel ætla að veita Le Pen hörðustu samkeppnina en fylgi hans hefur hrapað á síðustu vikum vegna hneykslismáls, sem ætlar að verða honum dýrkeypt.



Hann varð uppvís að því að láta ríkið greiða eiginkonu sinni og börnum fyrir að aðstoða sig án þess að neitt vinnuframlag af þeirra hálfu hafi legið fyrir. Hann reynir nú að halda í kjósendur sína með því að benda á hættuna af Le Pen: Komist hann ekki yfir í seinni umferð kosninganna þá muni fylgi hans fara beint til hennar.

Frambjóðandi sósíalista, **Benoit Hamon**, virðist ekki líklegur til að veita Le Pen eða Fillon harða samkeppni. Hann hefur ekki verið að mælast með meira en um eða rétt rúmlega 15 prósent undanfarið.



Það er hins vegar frambjóðandi óháðra, **Emmanuel Macron**, sem hefur verið að ná til sín næst mestu fylgi samkvæmt skoðanakönnunum. Hann er nú kominn upp fyrir 20 prósent. Fylgisaukninguna virðist helst mega rekja til vandræðagangs Fillons.



En komist Le Pen í seinni umferðina, sem allar líkur standa til, þá virðist hún engu að síður eiga litla möguleika á sigri í seinni umferðinni, hvort sem hún myndi etja kappi við hægri manninn Fillon eða vinstri manninn Macron.

**23.**
**apríl fer fyrri umferð forsetakosninganna fram.**

Samkvæmt skoðanakönnunum ætti hún erfitt með að ná sér í meira en 40 prósenta fylgi í seinni umferðinni, sem myndi þá skila annaðhvort Fillon eða Macron sigri.

Skoðanakannanir hafa hins vegar ekki reynst vel í nokkrum afdrifaríkum kosningum undanfarið. Kjósendur hafa ítrekað gefið fréttaskýrendum langt nef og kosið þvert á það sem skoðanakannanir höfðu bent til.



Þannig vann Donald Trump sigur í forsetakosningunum í Bandaríkjunum í nóvember síðastliðnum þrátt fyrir að lengst af hafi hann ekki þótt eiga miklar líkur á sigri. Og Bretar samþykktu úrsögn úr Evrópusambandinu í júní síðastliðnum, þrátt fyrir að skoðanakannanir hafi ekki bent til þess að sú niðurstaða yrði sérlega líkleg.

Af þessum sökum ákvað eitt franskt dagblað, Le Parisien, að sleppa því að birta tölur úr skoðanakönnunum í aðdraganda þessara forsetakosninga. Þess í stað verði látið nægja að ræða við kjósendur vítt og breitt um landið í von um að það geti gefið lesendum gleggri mynd af því hvernig afstaða þjóðarinnar er og þróast.

Að minnsta kosti má allt eins reikna með því að óvænt úrslit geti komið upp úr kjörkössunum í maí.

AÐALFUNDUR
SFR STÉTTARFÉLAGS Í ALMANNAÞJÓNUSTU
fimmtudaginn 23. mars 2017 kl. 17 að Grettisgötu 89, 1. hæð



DAGSKRÁ
- Skýrsla stjórnar.
- Reikningar félagsins.
- Lagabreytingar.
- Stjórnarkjör.
- Kosinn löggiltur endurskoðandi, 2 skoðunarmenn og 2 til vara.
- Kosið í kjörstjórn, 5 manns og jafnmargir til vara.
- Ákvörðun um iðgjald félagsmanna og skipting milli sjóða.
- Kosið í stjórnir Orlofssjóðs, Vinnudeilusjóðs, Starfsmenntunarsjóðs og Styrktar- og sjúkrasjóðs.
- Fjárhagsáætlun.
- Ályktanir aðalfundar afgreiddar.
- Önnur mál.

Allir félagsmenn eru velkomnir.
Boðið verður upp á léttan kvöldverð.

SFR STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU












Costco Wholesale  er vöruhús og meðlimaklúbbur, sem leggur metnað sinn í að bjóða meðlimum sínum hágæða vörur og þjónustu á lægsta mögulega verðinu.

## Fyrirtækjaaðild

COSTCO WHOLESALE FYRIRTÆKJAAÐILD ÓFRAMSELJANLEG

Þér er heimilt að sækja um fyrirtækjaaðild, ef þú átt eða rekur fyrirtæki.Til þess að gerast meðlimur hjá Costco, og byrja að spara, er nauðsynlegt að framvísa kennitölu fyrirtækis.
Árgjald fyrirtækjaaðildar er **3800 kr.** með vsk og með aðildinni fylgir aukakort fyrir maka, sambýling eða fjölskyldumeðlim, 18 ára eða eldri, með sama heimilisfang.

## Einstaklingsaðild

COSTCO WHOLESALE EINSTAKLINGSAÐILD ÓFRAMSELJANLEG

Öllum einstaklingum, 18 ára og eldri, er heimilt að sækja um einstaklingsaðild.
Árgjald einstaklingsaðildar er **4800 kr.** með vsk og með aðildinni fylgir aukakort fyrir maka, sambýling eða fjölskyldumeðlim, 18 ára eða eldri, með sama heimilisfang.

COSTCO WHOLESALE Cash

Sækið um aðild í dag og fáið gjafabréf í Costco og njótið sértilboða!*

## Skráning aðildarumsókna er hafin
### á www.costco.is

**Skráningarskrifstofur í Kauptúni eru opnar mánudaga til laugardaga 10-19 og sunnudaga 10-18.**

Costco Iceland, Kauptún 3, 210 Garðabær - Sími 532 5555 - Netfang costco@costco.is - www.costco.is

*Tilboðið gildir þegar þú sækir um aðild í Kauptúni fyrir opnunardag. Tilboðið er einungis hægt að nýta fyrsta aðildarárið. Bara eitt gjafabréf er í boði fyrir hvert heimili. Tilboðið er ekki hægt að yfirfæra á aðra meðlimi og gildir ekki með öðrum tilboðum. Gjafabréfin er ekki hægt að innleysa fyrir reiðufé. Costco tekur við greiðslum í formi reiðufés, kreditkorta eða debetkorta. Til þess að nýta tilboðið er nauðsynlegt að vera með aðild.

Bláskógabyggð

## Álagning fasteignagjalda 2017.

**Upphafsálagningu fasteignagjalda í Bláskógabyggð er nú lokið fyrir árið 2017.**

Sveitarfélagið Bláskógabyggð hefur lokið upphafsálagningu vegna ársins 2017. Álagningaseðlar 2017 verða ekki sendir út, en hægt er að nálgast þá á www.island.is undir „Mínar síður“ og þar í pósthólfi. Innskráning á síðuna er með íslykli eða með rafrænum skilríkjum. Forsendur álagningarinnar er einnig að finna inni á heimasíðu Bláskógabyggðar:
http://www.blaskogabyggd.is/stjornsysla/reglugerdir-og-gjaldskrar/

Greiðsluseðlar verða ekki sendir út nema þess sé sérstaklega óskað, en kröfur vegna fasteignagjalda koma inná heimabanka viðkomandi gjaldenda.

Þeim, sem óska eftir að fá heimsendan greiðsluseðil, er bent á að hafa samband við skrifstofu Bláskógabyggðar í síma 480-3000 ( mánudaga – fimmtudaga frá kl. 9.00 – 12.00 og 13.00 – 15.00, en föstudaga frá 9.00 – 12.00), eða á netfangið gudny@blaskogabyggd.is

Allar nánari upplýsingar um álagningu gjalda 2017 eru veittar á skrifstofu Bláskógabyggðar.

*Bláskógabyggð.*

# Hönnun hverfisins í höndum almennings

**Ný 620 íbúða byggð mun rísa í Smáranum, sunnan Smáralindar í Kópavogi. Almenningi gefst tækifæri á að hafa áhrif á hönnun og útfærslu hverfisins og íbúðanna með beinum hætti. Meðal annars fyrir tilstuðlan gagnvirks vefsvæðis.**

**SAMFÉLAG** „Á viðbótarfermetrinn að vera í stofunni eða svefnherberginu, á eldhúsið að vera opið eða á að vera til sameiginlegt rými til afnota fyrir íbúa? Með þessari nálgun mun almenningur geta haft bein áhrif á það hvernig hverfið, húsin og íbúðirnar mótast,“ segir Ingvi Jónasson, framkvæmdastjóri Klasa, sem sér um framkvæmd verkefnis ásamt Regin fasteignafélagi og Smárabyggð ehf.

Ný 620 íbúða byggð mun rísa í Smáranum, sunnan Smáralindar í Kópavogi, og gefst almenningi tækifæri á að hafa áhrif á hönnun og útfærslu hverfisins og íbúðanna með beinum hætti. „Við viljum fá fólk til að móta verkefnið með okkur og segja hvað því finnst skipta mestu máli við útfærslu á nútímaíbúðum og hverfi sem býður upp á nánast alla þjónustu sem völ er á,“ segir hann.

Íbúðirnar verða frá um 50 fermetrum að stærð og verður efnt til nafnaleiks í samstarfi við Kópavogsbæ um götunöfn og nafn á aðaltorgið í hverfinu. Kynning á uppbyggingu hverfisins verður í Smáralind og hófst í gær. Á sama tíma verður tekin í notkun gagnvirk síða, 201.is, þar sem fólki gefst kostur á að svara könnun sem hugmyndin er að nýta fyrir hönnun og uppbygginguna á byggingareitnum 201 Smári.


Í samstarfi við Klasa hefur Reginn Fasteignafélag, eigandi Smáralindar, unnið mikla vinnu við uppbygginguna og þróun í og kringum verslunarmiðstöðina. MYND/KLASI

**Við viljum fá fólk til að móta verkefnið með okkur og segja hvað því finnst skipta mestu máli.**
Ingvi Jónasson, framkvæmdastjóri Klasa

Halldór Eyjólfsson, þróunarstjóri Klasa, segir verkefnið spennandi og mjög áhugavert að fá fram áherslur íbúa. „Á skömmum tíma hafa orðið mjög miklar breytingar á því hvernig við lifum og húsnæðisþarfir fólks eru ekki þær sömu og þær voru fyrir nokkrum áratugum. Okkar daglega líf hefur breyst en íbúðirnar hafa ekki fylgt þróuninni nema að litlu leyti miðað við hinar hröðu tæknibreytingar og lausnir sem hafa orðið til. Nútímaheimilið er svo miklu meira en bara þak yfir höfuðið. Það þarf að uppfylla kröfur um öryggi og tæknilausnir. Mikil áhersla verður lögð á að nýta hvern fermetra til hins ýtrasta og með ýmsum snjöllum tæknilausnum má hámarka þá nýtinguna en um leið tryggja að öll nútímaþægindi séu til staðar,“ segir Halldór. **benediktboas@365.is**


KIA

Notaðir bílar
3 til 6 ára ábyrgð fylgir!


5 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ
**Kia cee'd LX 1.4**
Árgerð 4/2015, ekinn 35 þús. km, dísil, 1.396 cc, 90 hö, beinskiptur, eyðsla frá 4,2 l/100 km.
Raðnúmer: 320333
**2.590.000 kr.**
21.400 kr. á mánuði*


5 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ
**Kia cee'd ECO-Dynamics**
Árgerð 4/2015, ekinn 30 þús. km, bensín, 1.591 cc, 135 hö, beinskiptur, eyðsla frá 5,0 l/100km.
Raðnúmer: 170207
**2.890.000 kr.**
23.900 á mánuði*


5 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ
**Kia Soul EX**
Árgerð 12/2015, ekinn 27 þús. km, dísil, 1.582 cc, 128 hö, sjálfskiptur, eyðsla frá 5,2 l/100km.
Raðnúmer: 170228
**3.150.000 kr.**
25.800 kr. á mánuði*


5 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ
**Kia Rio EX 1.4**
Árgerð 11/2015, ekinn 18 þús. km, bensín, 1.396 cc, 109 hö, sjálfskiptur, eyðsla frá 6,3 l/100km.
Raðnúmer: 290544
**2.690.000 kr.**
21.200 kr. á mánuði*


6 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ
**Kia Sportage GT Line 4WD**
Árgerð 2/2016, ekinn 15 þús. km, bensín, 1.591 cc, 177 hö, sjálfskiptur, eyðsla frá 7,5 l/100 km.
Raðnúmer: 170266
**5.790.000 kr.**
47.400 kr. á mánuði*


5 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ
**Kia Sportage EX 4WD**
Árgerð 11/2015, ekinn 69 þús. km, bensín, 1.995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, eyðsla frá 5,9 l/100 km.
Raðnúmer: 992224
**4.590.000 kr.**
37.900 kr. á mánuði*


3 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ
**Kia Sportage EX 4WD**
Árgerð 6/2012, ekinn 89 þús. km, dísil, 1995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, eyðsla frá 5.9l/100km.
Raðnúmer: 992138
**3.390.000 kr.**
27.700 kr. á mánuði*


4 ÁR EFTIR AF ÁBYRGÐ
**Kia Sorento EX Luxury**
Árgerð 12/2014, ekinn 84 þús. km, dísil, 2.199 cc, 198 hö, sjálfskiptur, eyðsla frá 6,7 l/100 km.
Raðnúmer: 320045
**5.390.000 kr.**
43.900 kr. á mánuði*

*Mánaðargreiðsla m.v. 50% bílalán í 84 mánuði. Vextir 8,50% og árleg hlutfallstala kostnaðar er 10,30%.
Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar.

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR
www.notadir.is

Klettháls 2
110 Reykjavík
590 2160

**Opnunartímar:**
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16




STÓRHUNDAKYNNING ★ DAGSKRÁ FRÁ 13:00 TIL 17:00 ★ LAUGARDAG OG SUNNUDAG

TÆKIFÆRI TIL AÐ KYNNAST FJÖLDA TEGUNDA AF STÓRUM OG GLÆSILEGUM HUNDUM
HEIÐRÚN KLARA HUNDAÞJÁLFARI ★ DÝRALÆKNIR ★ LEITARHUNDAR ÍSLANDS
RAUÐAKROSS HUNDAR ★ FÓÐURVÖRUKYNNINGAR ★ LUKKUPOTTAR
**FRÁ KL 14:00 - 16:00 SALÍBUNA MEÐ SLEÐAHUNDUNUM FYRIR KRAKKANA Á ÚTISVÆÐINU**

Pro Plan · Royal Canin · Hill's · NordicGold · Belcando · Brit Premium




## Munið Valentínusardaginn Þriðjudaginn 14. febrúar



OPIÐ FRÁ
10 TIL 21
UM HELGAR

**GARÐHEIMAR**
Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar stendur fyrir fundaröðinni BORGIN – HEIMKYNNI OKKAR um þróun og mótun borgarinnar.

Borg gangandi vegfarenda

Þriðjudaginn 14. febrúar kl. 20 á Kjarvalsstöðum

Það hefur bæði heilsufarslega og hagræna kosti að fara flestallra ferða sinna gangandi í borginni. Viljinn til að temja sér að ganga um borgina mótast meðal annars af því hvort það er þægilegt, fallegt og öruggt. Hvernig sköpum við heillandi borg fyrir gangandi vegfarendur?



Gestir fundarinar eru ásamt **Hjálmari Sveinssyni,** formanni umhverfis- og skipulagssviðs, **Gísli Marteinn Baldursson** borgarfræðingur, **Ragnheiður Einarsdóttir,** sérfræðingur á skipulagssviði Strætó og **Dr. Harpa Stefánsdóttir** arkitekt, PhD skipulagsfræði.

Efnið verður skoðað frá nokkrum spennandi sjónarhornum, m.a. út frá almenningssamgöngum, fegurðarupplifun í gangandi umhverfi og skipulagi fyrir gangandi.

Fundurinn verður á kaffihúsinu á Kjarvalsstöðum.

*Allir eru velkomnir. Heitt á könnunni.*

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA



Donald Trump fær ekki alltaf öllu sínu framgengt. NORDICPHOTOS/AFP

# Donald Trump er byrjaður að rekast á veggi

**Donald Trump brást reiður við þegar áfrýjunardómstóll staðfesti ógildingu ferðabanns. Málið fer líklega fyrir Hæstarétt og fær þar flýtimeðferð. Þá hefur Trump beygt sig undir stefnu Kína gagnvart Taívan.**

**BANDARÍKIN** Donald Trump Bandaríkjaforseti er byrjaður að rekast á veggi. Annars vegar er það bandaríska dómskerfið, sem hefur stöðvað áform hans um ferðabann á múslima, en hins vegar eru það kínversk stjórnvöld sem ætla ekki að láta hann komast upp með neitt múður.

Trump er talinn ætla að skjóta úrskurði áfrýjunardómstóls til Hæstaréttar Bandaríkjanna, í von um að fá þar staðfestingu á því að það standist bandarísk lög að banna íbúum sjö múslimaríkja að ferðast til Bandaríkjanna.

„Sjáumst í dómssalnum. Öryggi þjóðarinnar er í húfi,“ skrifaði hann með hástöfum á Twitter-síðu sína fáeinum mínútum eftir að áfrýjunardómstóll staðfesti lögbann á ferðabannið.

Búist er við því að málið fái flýtimeðferð í Hæstarétti þannig að niðurstaða geti hugsanlega legið fyrir strax í næstu viku.

Hæstiréttur Bandaríkjanna er enn skipaður átta dómurum. Svo hefur verið frá því Antonin Scalia lést í febrúar á síðasta ári. Trump hefur fengið Neil Gorsuch til að taka sæti hans í dómstólnum, en vikur eða jafnvel mánuðir geta liðið þangað til hann getur hafið störf þar.

Dómararnir átta skiptast í tvo fjögurra manna hópa, þar sem annar hallast til hægri en hinn til vinstri. Því má búast við að dómstóllinn klofni í þessu máli, sem þýðir að úrskurður áfrýjunardómstólsins stæði óhaggaður.

Áfrýjunardómstóllinn, skipaður þremur dómurum, sagði stjórnvöld ekki hafa fært neinar sönnur á að ferðabannið dragi úr hættunni á hryðjuverkum í Bandaríkjunum.

> **Sjáumst í dómssalnum. Öryggi þjóðarinnar er í húfi.**
>
> Donald Trump, Bandaríkjaforseti

Hæstiréttur myndi hins vegar þurfa að taka afstöðu til þess hvort forsetinn hafi ótvíræð völd til að takmarka aðgang ákveðinna hópa að Bandaríkjunum, eða hvort dómsvaldið geti sett honum þar skorður.

Ferðabannið felur meðal annars í sér að fólki frá sjö múslimalöndum er bannað að koma til Bandaríkjanna tímabundið.

Í gær var síðan skýrt frá því að Trump hefði á fimmtudagskvöld rætt í síma við Xi Jinping, forseta Kína, en þeir höfðu þá ekki ræðst við síðan í nóvember, stuttu eftir að Trump sigraði í forsetakosningunum í Bandaríkjunum.

Trump hafði þangað til í gær neitað að láta undan kröfum Kínverja um að Bandaríkin styðji stefnu Kína gagnvart Taívan, sem er sú að Kína sé eitt og óskipt land: Taívan eigi engan rétt á sjálfstæði.

Nú hefur Trump snúið við blaðinu og beygt sig undir stefnu Kínverja. Hann fellst á að Kína sé eitt og óskipt ríki, sem þýðir að hann muni varla gera Taívan hærra undir höfði en fyrri forsetar Bandaríkjanna.

gudsteinn@frettabladid.is




Vissir þú að...
Foreldrar bera megin ábyrgð á að styðja að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi




**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is




VERÐ FRÁ:
**3.790.000** kr.
Eyðsla frá 3,9 l/100 | $CO_2$ losun frá 104g/km

**TILNEFNDUR SEM BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU 2017**

Nýr Peugeot 3008 Crossover er tilnefndur sem Bíll ársins í Evrópu 2017. Það er til marks um einstaklega vel heppnaða hönnun og framúrskarandi gæði. Það er sama hvar borið er niður, glæsilegt útlit bílsins að innan sem utan, gæðin, þægindin, akstursleiginleikarnir, allt er eins og best verður á kosið. Peugeot 3008 er hár frá götu, 22 cm undir lægsta punkt og framdrifið er fáanlegt með öflugri Grip Control spólvörn sem kemur honum í gegnum erfiðustu aðstæður. Þráðlaus tækni hleður símann þinn og með Mirror Screen tækninni getur þú notað Apple Car Play eða Mirror Link fyrir Android til að tengja snjallsímann við 8“ skjáinn. Mátaðu þig í frábær sætin og kíktu á rúmgott farangursrýmið. Peugeot 3008 er tímamótabíll. Komdu og keyrðu Peugeot í dag.

PEUGEOT 3008

MOTION & EMOTION




brimborg
Öruggur staður til að vera á

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

PEUGEOT

# ÁTVR-laus umræða



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Áfengisfrumvarpið liggur enn einu sinni fyrir á Alþingi, og þykir nú líklegra en áður til að hljóta brautargengi.

Samkvæmt frumvarpinu verður það í höndum sveitarstjórna að veita einkaaðilum leyfi til smásölu. Salan skal fara fram í afmörkuðum rýmum og einungis frá 9 að morgni til 24 að kvöldi. Áfengisauglýsingar verða sömuleiðis leyfðar.

Sem fyrr stendur styr um frumvarpið, og virðast þeir sem mótfallnir eru í grófum dráttum skiptast í tvo hópa; þá sem óttast að aukið aðgengi muni hafa neikvæð áhrif á heilsu og hátterni landsmanna annars vegar, og hins vegar þá sem telja að úrval, verðlag og þjónusta komi til með að breytast til hins verra við brotthvarf vínverslana ÁTVR.

Þessir hópar virðast sammála í andstöðu sinni, en ósammála innbyrðis um hvaða áhrif frjáls sala áfengis komi til með að hafa, enda ætti hærra verðlag og minna úrval samkvæmt öllum eðlilegum ályktunum að leiða til minnkandi neyslu. Eða hvað?

Spurningin er því hvort fyrrnefndi hópurinn ætti ekki fremur að beita sér fyrir því að núverandi fyrirkomulagi verði breytt og aðgangur að áfengi takmarkaður enn frekar, jafnvel að sala áfengis verði bönnuð með öllu? Síðarnefndi hópurinn gæti þá barist fyrir því að ríkið taki yfir aðra vinsæla neysluvöru, eins og sölu á fatnaði og jafnvel matvöru líka, en samkvæmt þeirra hugmyndum myndi slíkt leiða til stóraukins úrvals, bættrar þjónustu og lægra verðs.

Raunar er það svo að hundalógík og hræsni er að finna nánast hvert sem litið er við núverandi fyrirkomulag. Verslanir ÁTVR sækja umboð sitt og hlutverk í lög, og ber að búa til „umgjörð um smásölu áfengis sem byggist á bættri lýðheilsu og samfélagslegri ábyrgð, að takmarka og stýra aðgengi að áfengi og draga þannig úr skaðlegum áhrifum áfengisneyslu".

Verslanir ÁTVR eru 53 og hefur fjölgað um tæplega fjörutíu prósent frá aldamótum. Varla telst slík fjölgun umfram mannfjöldaþróun vænleg leið til að takmarka aðgang að skaðvaldinum? Ótalið er framboð af áfengi á veitingahúsum og börum. Aðgangur að áfengi er því sambærilegur við það sem gerist annars staðar, þó að hér starfi sérstök ríkiseinokunarverslun.

ÁTVR er líka bannað að auglýsa, en gerir það engu að síður undir rós með yfirskini forvarna. Erlendir áfengisframleiðendur auglýsa sömuleiðis óáreittir, auk þess sem netið gerir það að verkum að áfengisauglýsingar, beinar og óbeinar, eru fyrir allra augum alla daga, þótt þær séu bannaðar á blaði. Auglýsingabannið er því frauð eitt og snertir einungis innlenda framleiðendur og heildsala, og síðan náttúrulega innlendu fjölmiðlana sjálfa sem verða af mikilvægum tekjum.

Ekki má þó loka augunum fyrir lýðheilsusjónarmiðum. Engum blöðum er um það að fletta að áfengi er skaðvaldur í lífi margra. Sannleikurinn er hins vegar sá að ÁTVR gegnir engu raunverulegu hlutverki í því, eða við að bæta áfengismenningu landsmanna. Við ættum að geta tekið umræðu um hvernig best er að haga umgjörð um áfengi í okkar samfélagi án þess að ÁTVR sé þar upphaf alls og endir.

> **Raunar er það svo að hundalógík og hræsni er að finna nánast hvert sem litið er við núverandi fyrirkomulag.**

Gunnar







## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Lögbundin tímaskekkja

Fjarlægðin gerir fjöllin blá og mennina – allavega stundum – fáránlega. Það er gott að vera alvitur samtímamaður sem lítur í baksýnisspegilinn og hlær góðlátlega að flónsku fortíðar, umvafinn öruggri vissu um að nú séum við búin að negla þetta. Munið þið þegar það var í lagi að hneppa fólk í þrældóm vegna þess hvernig húð þess var á litinn? Vandræðalegt. Já, og þegar blóðtaka þótti allra meina bót? Vitleysingar. Og guð, munið þið eftir því þegar það þótti töff að vera með sítt að aftan?

Við ættum þó líklega ekki að hlæja of dátt. Því sama hvað við höldum verðum við, einn góðan veðurdag, flón fortíðar. En hvað ætli það verði í fari okkar sem mun vekja kátínu í bland við óhug með komandi kynslóðum? Verður það skeggvöxtur karlmanna krúttkynslóðarinnar sem líta út eins og fjöldaframleiddir tuskubangsar sem erfitt er að þekkja í sundur? Verður það offjárfesting okkar í vítamín-pillum sem sýnt er að geri lítið sem ekkert gagn? Verða það ofhlaðnir skápar okkar af fatnaði sem saumaður er af frelsissviptum börnum í Bangladess með blóðuga fingur og tóma maga? Eða: verður það meðferð okkar á mömmu hans Sölva Tryggvasonar?

### Allt er sjötugum fært

Fjölmiðlamaðurinn Sölvi Tryggvason greindi frá því í vikunni að senn ætti móðir hans stórafmæli, hún væri að verða sjötug. Móðir Sölva er kennari og starfar hjá hinu opinbera. Sölvi sagði hana unga í anda, létta í spori og elska vinnuna sína. En frá og með næsta vori fá nemendur ekki lengur að njóta leiðsagnar hennar og ákafa.

Mömmu Sölva langar ekki til að hætta að vinna. En hún hefur ekkert um eigin örlög að segja. Því hún er fórnarlamb lögbundinnar tímaskekkju sem kveður á um að opinberir starfsmenn láti af störfum þegar þeir ná sjötíu ára aldri.

Að reka fólk úr starfi vegna aldurs er mannvonska sem hlýtur að jaðra við brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Auðvitað á fólki að vera frjálst að láta af störfum um sjötugt óski það þess. En að skylda fólk til að hætta að vinna er æskudýrkun á sterum, fruntalegir fordómar og mismunun sem ætti ekki að leyfast.

Eins og eftirfarandi dæmi sýna er sjötugt enginn aldur:

- Gladys Burrill frá Hawaí hljóp sitt fyrsta maraþon þegar hún var áttatíu og sex ára. Níutíu og tveggja ára sló hún met er hún varð elst kvenna til að hlaupa maraþon.
- Þjóðverjinn Heinz Wenderoth var níutíu og sjö þegar hann útskrifaðist með doktorsgráðu frá Háskólanum í Hannover.
- Hollywood leikkonan Jessica Tandy var áttræð þegar hún hlaut Óskarsverðlaun fyrir leik sinn í kvikmyndinni Driving Miss Daisy.
- Benjamín Franklín, stjórnmálafrömuður og einn landsfeðra Bandaríkjanna, var sjötugur þegar hann skrifaði undir sjálfstæðisyfirlýsinguna.
- Thor Vilhjálmsson var sjötíu og tveggja þegar hann hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir bók sína Morgunþula í stráum.
- Málfríður Einarsdóttir frá Munaðarnesi var 78 ára er hún gaf út fyrstu bók sína. Alls urðu bækur hennar sex.
- Bretinn Bertha Wood fékk fyrstu bók sína út gefna þegar hún var hundrað ára.
- Barbara Hillary var fyrst svartra kvenna til að ganga á Norðurpólinn. Hún var sjötíu og fimm ára. Þegar hún var sjötíu og níu skellti hún sér á Suðurpólinn.
- Bandaríska myndlistarkonan Anna Mary Robertson Moses, kölluð Grandma Moses, sem var í miklu uppáhaldi m.a. hjá John F. Kennedy byrjaði ekki að mála fyrr en hún var sjötíu og sex ára.
- Donald Trump er sjötugur (þótt meirihluti mannkyns kysi líklega að honum yrði gert að setjast í helgan stein).

### Sveigjanleg starfslok

Þorsteinn Víglundsson, félags- og jafnréttismálaráðherra, segir að vinna sé hafin í ráðuneytinu við að gera starfslok opinberra starfsmanna sveigjanlegri. Óskandi er að sú vinna gangi hratt og örugglega fyrir sig svo að mamma hans Sölva Tryggvasonar fái að njóta góðs af henni.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Nýr

# Hyundai Tucson.

## Framhjóladrifinn, dísil, beinskiptur.

## Verð aðeins **3.890.000 kr.**




**Nýr Hyundai Tucson** er einstaklega fallegur, með sjálfskiptingu, framhjóladrifinn eða fjórhjóladrifinn með sparneytna bensín- eða dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai TUCSON með fimm ára ábyrgð. **Hyundai Tucson - 4wd, dísil, ssk. Verð frá 4.990.000 kr.**

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

HYUNDAI

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Hyundai Tucson 2wd / Dísilvél 1,7 lítrar, 141 hestöfl, eldsneytisnotkun 4,9 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,9 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

**OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16**

ENNEMM / SÍA / NM79772 *Eldsneytisnotkun miðast við uppgefnar tölur frá framleiðanda í blönduðum akstri.

# Forysta KSÍ fær nýtt andlit

**Nýr formaður KSÍ verður kjörinn á ársþingi sambandsins í dag. Geir Þorsteinsson lætur af störfum eftir 25 ár en í framboði eru tvö ólík formannsefni.**

**FÓTBOLTI** Í fyrsta sinn í langan tíma ríkir mikil óvissa í aðdraganda ársþings KSÍ um hver verði kjörinn formaður sambandsins til næstu tveggja ára. Ljóst er að nýr formaður verður kjörinn í dag en valið stendur á milli Guðna Bergssonar og Björns Einarssonar.

Málflutningur þeirra í aðdraganda kosninganna hefur verið ólíkur en Fréttablaðið bar undir þá þrjár spurningar sem þeir svara hér til hliðar.

Formaður KSÍ hefur síðan 1952 komið úr annaðhvort KR eða Val. Guðni er sem kunnugt er uppalinn í Val en Björn er formaður Víkings.

eirikur@frettabladid.is



## Hvað segja frambjóðendurnir?

**Guðni Bergsson** | **Björn Einarsson**

### Hver er mikilvægasta breytingin sem þarf að gera á starfi KSÍ?

**G:** Ég held að besta svarið við þessu sé að gera gott starf enn betra. Við megum ekki gleyma því að við erum á frábærum stað með fótboltann í landinu. Grasrótarstarfið er mjög öflugt og við eigum að hlúa vel að því og starfinu í öllum deildum um allt land bæði, karla og kvenna. Sem nýr formaður vil ég hafa gegnsæi, virka stjórn, öfluga skrifstofu og þjóna hagsmunum allra aðildarfélaganna.

**B:** Styrkja þarf alla stýringu og stjórnarhætti. Stuðla að liðsheild stjórnar, aðildarfélaga og skrifstofu sem byggir á gagnsæi, trausti og trúverðugleika.

Efla þarf ímynd KSÍ – snúa vörn í sókn. Efla þarf ímyndina gagnvart samfélaginu, aðildarfélögunum og samstarfsaðilum.

### KSÍ vill gera róttækar breytingar á Laugardalsvelli. Ertu hlynntur þeim hugmyndum?

**G:** Það er æskilegt og jafnvel nauðsynlegt að fá betri keppnisvöll fyrir okkur. Þetta er til skoðunar hjá Borgarbrag í samstarfi við erlent ráðgjafarfyrirtæki. Fyrir liggur að við erum að fara að spila mótsleiki í framtíðinni í mars og nóvember sem verður vandamál á núverandi keppnisvelli. Eitt er ljóst að fjárhag KSÍ má ekki setja í neina hættu vegna þessa og það verður haft að leiðarljósi.

**B:** Ég mun fara ýtarlega yfir þær hugmyndir sem liggja fyrir varðandi Laugardalsvöllinn. Ljóst er að styrkja þarf núverandi umgjörð er snýr að vellinum – til að gera hann betur í stakk búinn fyrir aukin verkefni og þær kröfur sem gerðar eru til þjóðarleikvanga.

Að sama skapi verður að stíga varlega til jarðar. Þetta verkefni tengt Laugardalsvellinum má ekki með neinu móti hafa áhrif á afkomu KSÍ.

### Af hverju ættu þingfulltrúar að kjósa þig sem formann KSÍ?

**G:** Ég hef góða og víðtæka reynslu fyrir það hlutverk að leiða KSÍ. Að vera fyrrverandi knattspyrnumaður og lögmaður gefur mér styrk og tengsl til að gæta hagsmuna íslenskrar knattspyrnu og bakgrunn til þess að taka farsælar ákvarðanir fyrir fótboltann í landinu. Ég er fullur áhuga og ætla að sinna þessu óskiptur. Fótboltinn þarf formann sem hefur innsýn og tíma til þess að halda áfram af fagmennsku í uppbyggingu fótboltans.

**B:** Mitt mat er að formaður KSÍ verði að þekkja hinn krefjandi heim aðildarfélaga sambandsins. Ég hef mikla reynslu úr grasrótinni þar sem ég hef verið samfellt við stýringu á mínu félagi í yfir 10 ár. Þá hef ég mikla reynslu sem stjórnanda- og rekstrarreynslu við að stýra fyrirtækjum bæði á Íslandi og erlendis. Grasrótarreynsla og rekstrarreynsla mín eru að mínu mati frábært veganesti í að leiða KSÍ.

## Nýjast

**Coca-Cola bikar karla 8 liða úrsl.**

**Fram - FH 28-32**
**Markahæstir:** Þorsteinn Gauti Hjálmarss. 7, Andri Þór Helgason 5/1 - Einar Rafn Eiðsson 6/2, Óðinn Þór Ríkharðsson 6, Arnar Freyr Ársælsson 6, Jóhann Birgir Ingvarsson 5.

**Haukar - Selfoss 31-28**
**Markahæstir:** Daníel Þór Ingason 9, Ivan Ivokovic 6, Guðmundur Árni Ólafsson 5/1 - Elvar Örn Jónsson 10, Teitur Örn Einarsson 6/5, Guðni Ingvarsson 4.

**Valur - Stjarnan 26-18**
**Markahæstir:** Ólafur Ægir Ólafsson 5, Josip Juric 5/2, Anton Rúnarsson 4/2 - Starri Friðriksson 4, Gunnar Valdimar Johnsen 3, Ari Magnús Þorgeirsson 3.

**ENGINN TEITUR AÐ TRUFLA JÓN ARNÓR Í HÖLLINNI Í DAG**
KR-ingnum Jóni Arnóri Stefánssyni hefur enn ekki tekist að verða bikarmeistari á Íslandi. Það má segja að Teitur Örlygsson hafi staðið í vegi fyrir Jóni í þau tvö skipti sem Jón hefur verið með KR í bikarúrslitum. Teitur skoraði 10 af 18 stigum sínum í fjórða leikhluta, þar af fimm síðustu stig leiksins, þegar Njarðvík vann KR í bikarúrslitaleiknum 2002. Sjö árum síðar var Teitur aftur að flækjast fyrir Jóni Arnóri Stefánssyni í bikarúrslitaleik en nú í öðru hlutverki. Teitur var þá orðinn þjálfari Stjörnunnar sem kom öllum á óvart og vann úrslitaleikinn á eftirminnilegan hátt. Úrslitaleikur KR og Þórs hefst klukkan 16.30 í Laugardalshöll.



**SYSTURNAR HAFA ALDREI TAPAÐ BIKARÚRSLITALEIK**
Skallagrímur spilar sinn fyrsta bikarúrslitaleik í dag. Í liði Skallagríms eru samt leikmenn sem hafa reynslu af því að vinna titla og þar á meðal tvær sigursælar systur úr Borgarnesi. Þær Guðrún Ósk og Sigrún Sjöfn Ámundadætur hafa unnið samtals átta bikarmeistaratitla. Það sem meira er, þær hafa aldrei tapað bikarúrslitaleik á ferli sínum. Guðrún Ósk Ámundadóttir hefur unnið bikarinn fimm sinnum og Sigrún Sjöfn Ámundadóttir hefur unnið bikarinn þrisvar. Úrslitaleikur Skallagríms og Keflavíkur hefst klukkan 13.30 í Laugardalshöllinni.



## Í dag

**Maltbikarinn, úrslit**

| | | |
|---|---|---|
| L 13.30 | Keflavík - Skallagr. | Laugard. |
| L 16.30 | KR - Þór Þorl. | Laugard. |

**Olís-deild kvenna**

| | | |
|---|---|---|
| L 13.30 | Stjarnan - Selfoss | Mýrin |
| L 13.30 | Valur - Grótta | Valshöll |
| L 13.30 | Fylkir - ÍBV | Fylkishöll |
| L 16.00 | Haukar - Fram | Ásvellir |

**Coca-Cola bikar karla:**

| | | |
|---|---|---|
| L 16.00 | Grótta - Afturelding | Seltj. |

**Laugardagur**

| | | |
|---|---|---|
| 12.20 | Arsenal - Hull | Sport |
| 14.25 | Ingolst. - Bayern | Sport 3 |
| 14.55 | Leeds - Cardiff | Sport 2 |
| 17.20 | Liverpool - Tottenham | Sport |
| 17.25 | Wolves - Newcastle | Sport 2 |
| 18.00 | Pebble Beach | Golfstöðin |
| 19.40 | Osasuna - Real Madrid | Sport |
| 03.00 | UFC 208 | Sport |

**Sunnudagur**

| | | |
|---|---|---|
| 13.20 | Burnley - Chelsea | Sport |
| 15.50 | Swansea - Leicester | Sport |
| 18.00 | Pebble Beach | Golfstöðin |



# Ford TRANSIT




FORD TRANSIT **CONNECT**
FRÁ **2.218.000** KR. ÁN VSK
2.750.000 KR. MEÐ VSK
**NÚ FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR**

FORD TRANSIT **CUSTOM**
FRÁ **3.177.000** KR. ÁN VSK
3.940.000 KR. MEÐ VSK
**NÚ FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR**

FORD TRANSIT **VAN**
FRÁ **4.109.000** KR. ÁN VSK
5.095.000 KR. MEÐ VSK
**NÚ FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR**
**NÝTT FJÓRHJÓLADRIF**

FORD TRANSIT **BUS**
FRÁ **4.508.000*** KR. ÁN VSK
5.590.000 KR. MEÐ VSK
**FÁANLEGUR 12–18 MANNA**
*verð miðast við hópferðaleyfishafa

# #VINSÆLASTIR

**STÓRSÝNING Í DAG!**
**OPIÐ FRÁ 12-16**

## Kynntu þér nýjungarnar og úrvalið á stórsýningu

Transit eigendur hafa í áratugi sett traust sitt á styrk, virkni og áreiðanleika Ford atvinnubíla. Þeir hafa fengið fjölda verðlauna enda vinnuþjarkar, sparneytnir og þekktir fyrir lága bilanatíðni. Í fyrra var Ford Transit mest seldi atvinnubíll í heimi.

Transit er ríkulega búinn m.a. með Bluetooth, olíumiðstöð með tímastillingu (alltaf heitir á morgnana), spólvörn, brekkubremsu og aksturstölvu.

Brimborg leggur mikla áherslu á framúrskarandi þjónustu við Transit eigendur enda leggja þeir traust sitt á atvinnubíla frá Ford.

Ford

***Ford er frábær!***
***Komdu og kynntu þér í Ford Transit nýjungarnar***
***á stórsýningu í Brimborg***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16




Samtökin hefja átakið Fokk ofbeldi og selja meðal annars húfu til styrktar verkefninu Öruggar borgir. Húfurnar má meðal annars kaupa í verslun Vodafone í Kringlunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ofbeldi og ótti hamlar konum

**Inga Dóra Pétursdóttir**, framkvæmdastýra UN Women, vill vakningu um alvarlegar afleiðingar kynbundins ofbeldis gegn konum.

„Ofbeldi gegn konum og stúlkum í almenningsrýmum er hnattrænt vandamál," segir Inga Dóra Pétursdóttir, framkvæmdastýra UN Women á Íslandi, sem fer fyrir vitundarvakningu um eitt útbreiddasta mannréttindabrot í heiminum í dag; ofbeldi gegn konum og stúlkum.

Nú hafa samtökin sett af stað sölu á Fokk ofbeldi-húfu UN Women. Öll innkoma af sölu húfunnar rennur til verkefnis UN Women, Öruggar borgir (Safe Cities Global Initiative).

„Þetta átak er svolítið skemmtilegt að því leytinu til að það er verið að leggja áherslu á það að vandamálin eru ekki bara í ákveðnum borgum í ákveðnum löndum. Heldur úti um allan heim en birtingarmyndir ofbeldisins eru ólíkar," segir Inga Dóra sem hefur ferðast til nokkurra borga sem hafa skuldbundið sig til að taka þátt í því að tryggja öryggi kvenna í borgum.

„Ég kom til Mexíkóborgar þar sem atvinnuþátttaka kvenna er um 50 prósent. Þar ferðast 70 prósent fólks með almenningssamgöngum og þar er mjög mikil kynferðisleg áreitni og ofbeldi. Þar í borg var ákveðið að gera almenningssamgöngur öruggari.

Hér í Reykjavík upplifa 70 prósent kvenna sig óörugg í miðborginni. Þetta eru allt ólíkar birtingarmyndir, en hafa sömu áhrif og draga úr athafnafrelsi kvenna. Ofbeldi gegn konum og ótti við ofbeldi getur hindrað konur í að sækja um vinnu, haft áhrif á það hvernig þær eyða frítíma sínum og margt fleira. Þær hafa minna val og þessu viljum við breyta," segir Inga Dóra og segir mikilvægt að Reykjavíkurborg hafi skuldbundið sig til verkefnisins árið 2014.

„Það mikilvægasta er þó að það verði almenn hugarfarsbreyting," bendir Inga Dóra á. „Ofbeldi er víða hluti af lífi kvenna og það þarf vakningu um kynbundið ofbeldi. það þarf að viðurkenna vandann og koma fólki í skilning um alvarlegar afleiðingar þess," segir Inga Dóra en rannsóknir á vegum Sameinuðu þjóðanna sýna að konur sem búa á þéttbýlissvæðum eru tvöfalt líklegri til að verða fyrir ofbeldi, sérstaklega í fátækustu löndum heims.

kristjanabjorg@frettabladid.is

**Ein af hverjum þremur** konum í heiminum hefur mátt þola ofbeldi.

**Ein af hverjum fimm** hefur mátt þola kynferðislegt ofbeldi.

**70%** íslenskra kvenna upplifa sig óöruggar í miðborg Reykjavíkur að næturlagi.

**95%** kvenna í Nýju-Delí á Indlandi finnst þær ekki öruggar á götum úti.

**Fullorðinsfræðsla**
**Gæðaúttektir**

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins óskar eftir samstarfi við matsaðila til að sinna gæðaúttektum í fullorðinsfræðslu. Meginhlutverk matsaðila er að meta hvort upplýsingar fræðsluaðila uppfylli skilyrði og vinna í samstarfi við FA að þróun gæðakerfisins.

Frekari upplýsingar um verkefnið og kröfur um hæfni matsaðila er að finna á vefslóðinni **frae.is**. Áhugasamir sendi verðtilboð til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins **frae@frae.is** ásamt upplýsingum um hæfni og reynslu af úttektum, fyrir 1. mars 2017.

Haukur 02.17

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

# Framúrskarandi árangur á íslenskum markaði

Fjórir sjóða GAMMA skiluðu hæstu ávöxtun í sínum flokki á síðasta ári, borið saman við sambærilega sjóði.*

Fjárfestingarsjóður

**GAMMA: TOTAL RETURN FUND** er blandaður sjóður með virkri stýringu til millilangs eða langs tíma.

Ávöxtun ársins 2016:

**14,7%**

Árleg nafnávöxtun:




Fjárfestingarsjóður

**GAMMA: EQUITY FUND** fjárfestir í skráðum hlutabréfum og að hluta til í óskráðum hlutabréfum á íslenskum hlutabréfamarkaði.

Ávöxtun ársins 2016:

**9,3%**

Árleg nafnávöxtun:




Fjárfestingarsjóður

**GAMMA: CREDIT FUND** fjárfestir að meginhluta í skuldabréfum án ríkisábyrgðar og nýtir tækifæri á skuldabréfa- og vaxtamarkaði.

Ávöxtun ársins 2016:

**7,1%**

Árleg nafnávöxtun:




Verðbréfasjóður

**GAMMA: ICELAND GOVERNMENT BOND FUND** fjárfestir í ríkistryggðum skuldabréfum með virkri stýringu.

Ávöxtun ársins 2016:

**5,9%**

Árleg nafnávöxtun:




*Gögn til viðmiðunar eru tekin af vefsíðunni Keldan.is. Í samanburði ríkisskuldabréfasjóða er miðað við sjóði með virka stýringu sem mega bæði fjárfesta í verðtryggðum og óverðtryggðum skuldabréfum.

Tölur í auglýsingu vísa til fortíðar og athygli er vakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun. Almennt fylgir áhætta fjárfestingu í fjárfestingar- og verðbréfasjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða staðið í stað.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR / 519 3300 / GAMMA@GAMMA.IS / GAMMA.IS**

GAMMA
REYKJAVÍK / LONDON

Fyrirvari: Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf. GAMMA Capital Management hf. er rekstrarfélag Fjárfestingarsjóðs GAMMA og Verðbréfasjóðs GAMMA. Ofangreindir fjárfestingarsjóðir eru deildir í Fjárfestingarsjóði GAMMA og ofangreindur verðbréfasjóður er deild í Verðbréfasjóði GAMMA, skv. lögum nr. 128/2011. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar má finna í útboðslýsingu, reglum og lykilupplýsingum (KIID), sem nálgast má á heimasíðu GAMMA eða á skrifstofu félagsins og eru fjárfestar hvattir til að kynna sér þessar upplýsingar nánar. Ávöxtunartölur sjóða GAMMA eru fengnar frá GAMMA Capital Management hf. Kaupum á hlutdeildarskírteinum GAMMA: Credit Fund fylgir einhver hætta á verðsveiflum, kaupum á hlutdeildarskírteinum GAMMA: Total Return Fund og GAMMA: Iceland Government Bond Fund fylgir nokkur hætta á verðsveiflum og kaupum á hlutdeildarskírteinum GAMMA: Equity fylgir veruleg hætta á verðsveiflum, en áhættumælikvarðinn getur breyst án fyrirvara.






**ACURA**

Borðstofustólar. Dökkgrátt áklæði og svartir stálfætur. Fáanlegur í fleiri útfærslum (einnig í leðri)

**38.990 kr.** ~~48.990 kr.~~

IDdesign



**GATE**

Borðstofuborð. Svartur viðarrammi með bláu eða svörtu linoleum efni ofan á borðplötu. Einnig fáanlegt með viðarfótum og hvítum toppi á boðplötu. Stærð: 205 x 100 cm

**159.990 kr.** ~~199.990 kr.~~

IDdesign

iittala

## IITTALA

Nýi ultramarine-blue liturinn frá Iittala, sem er að gera allt vitlaust, er kominn í Höllina.












## ELLY

Nú er Elly sófinn og stólarnir komnir aftur í nýju glæsilegu sléttflauel áklæði. Litir: Grátt, rautt og blátt

Þriggja sæta sófi. Stærð: 183 x 82 x 85 cm

**69.990 kr.** ~~89.990 kr.~~

Hægindastóll. Stærð: 83 x 82 x 85 cm

**43.990 kr.** ~~54.990 kr.~~



## EBBA

Hægindastóll.
Fjórir litir í sléttflaueli
Lion gulur, blár, bleikur eða grár.

**47.990 kr.** ~~59.990 kr.~~



## BOYD

Þriggja sæta sófi. Dökkgrátt sléttflauel áklæði.
Stærð: 215 × 87 × 78 cm

**95.990 kr.** ~~119.990 kr.~~

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is





Betu fannst fallegt á Sólheimum. Það er framkoma starfsfólks og skipulag sem hún gagnrýnir. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Niðurbrotin á Sólheimum

**Margrét Elísabet Yuka Takefusa** þurfti aðstoð réttindagæslumanns fatlaðra við að komast frá Sólheimum í Grímsnesi. Hún segist hafa búið við skert frelsi og vill breytta framkomu við fólk með fötlun.

Margrét Elísabet Yuka Takefusa er þrjátíu og þriggja ára gömul. Hún býr á Selfossi í snotурri íbúð með meðleigjanda sínum og tveimur kisum. Hún og meðleigjandi hennar fá aðstoð tvisvar í viku við þrif og önnur heimilisstörf. Margrét Elísabet er alltaf kölluð Beta. Hún vinnur við þrif á hóteli í bænum og hana dreymir um að starfa sem leiðbeinandi á leikskóla einn daginn.

Beta bjó í sex ár á Sólheimum í Grímsnesi, frá árinu 2009 til ársins 2015, og er umhugað um að segja frá reynslu sinni af búsetu þar. Hún hafi um langa hríð búið þar tilneydd og við skert frelsi. „Ég brotnaði niður á næstum hverjum einasta degi,“ segir Beta sem greindi frá reynslu sinni í viðtölum við starfsmann hjá Átaki, félagi fólks með þroskahömlun, í desember síðastliðnum. Beta vill stíga fram undir nafni og skýra þær aðstæður sem hún bjó við á Sólheimum til að vekja athygli á réttindum og hagsmunabaráttu fólks með fötlun.

Félagið Átak var stofnað af fólki með þroskahömlun árið 1993. Hlutverk þess er að gæta hagsmuna félagsmanna sinna, tryggja lífsgæði og réttindi fólks með þroskahömlun og að vinna gegn fordómum. Lögð er áhersla á að fólk með þroskahömlun tali sjálft fyrir hagsmunum og réttindum sínum. Félagið hefur að undanförnu skoðað reynslu fólks á Sólheimum með tilliti til lífsgæða þess og réttinda.

Beta greinir frá því að hún hafi flutt á Sólheima í kjölfar kreppunnar. Það hafi ekki verið neitt annað í boði fyrir hana. Áður bjó hún í miðbænum með móður sinni og vildi ekki flytja á Sólheima. Aðallega vegna þess hvað Sólheimar eru einangraður staður. Langt í burtu frá öllu sem hún þekkti. „Þau ár sem ég bjó á Sólheimum fannst mér eins og ég væri bara í búri. Ég gat ekki farið neitt, ég gat ekki gert neitt og eins með frelsið. Ég hafði ekkert frelsi,“ segir hún.

Betu fannst yndislega fallegt á Sólheimum og hún naut náttúrufegurðarinnar. Það er framkoma starfsfólks og skipulag sem hún gagnrýnir. Spurð um það hvernig henni hafi fundist að búa á Sólheimum og hvernig henni hafi liðið þar segir hún: „Starfsskipulagið er frekar lélegt að mínu mati. Mér finnst ekki vera tekið mikið tillit til íbúa. Það er mjög lítið hlustað á þá, ekki tekið mark á þeim. Það er mikið af starfsfólki sem segir manni: „Þú átt að gera hitt og ekki þetta.“ Þú færð ekki frelsi, þú ræður engu,“ segir Beta og segir þó það eina sem hún gat einhverju ráðið um hafa verið heimsóknir til vina sem búa á svæðinu. „En ef þú vilt fara út af svæðinu þarftu að láta vita sem ég skil en samt finnst mér það rosalega leiðinlegt. Að karlmaður eða kvenmaður á fimmtugsaldri þurfi að láta vita hvert þau eru að fara. Ég brotnaði niður næstum því á hverjum einasta degi af því ég gat ekki höndlað þetta, ég bað til guðs svo mikið um að komast þaðan. Svo loksins fékk ég þetta pláss sem ég er í núna,“ segir Beta um íbúðina sem hún býr í.

### Vildi ekki vera á Sólheimum

Hún sótti um íbúðina á Selfossi en þurfti að bíða lengi eftir að komast að. Hún þurfti aðstoð réttindagæslumanns við að sækja um búsetuúrræðið til að komast burt af Sólheimum. „Ég sótti bara um en þurfti að bíða. Starfsfólkið á Sólheimum var ekki mikið fyrir það að hjálpa. Allt sem er fyrir utan Sólheima vill það ekki hjálpa með. Þannig að ég þurfti að fá aðstoð frá réttindagæslunni. Ég þurfti að leita mér aðstoðar annars staðar frá til að komast af Sólheimum.“

Beta segist oft hafa tjáð starfsfólki Sólheima að hún vildi ekki búa þar. Svörin hafi verið á þá leið að hún væri þarna og það væri ekkert hægt að gera í því. „Ég gat ekkert gert. En samt fannst mér að ég hefði átt að fá meiri samúð og hjálp við að finna eitthvað annað.“

Beta bjó ein í íbúð. Það kom starfsfólk til hennar sem hjálpaði henni að taka til og þrífa. „Að mínu mati kom starfsfólkið inn á heimilið mitt og byrjaði að stjórna mér. Mér finnst allt í lagi að láta minna mig á. En mér fannst fólkið vera með nefið ofan í öllu, eins og einkalífinu.“

### Þurfti að taka þátt

Beta segist hafa orðið vitni að því að starfsfólk Sólheima hafi beðið íbúa um að tala jákvætt um Sólheima. Hún segir það hafa beðið íbúa kurteislega um þetta. „Mér finnst það ekki sanngjarnt. Þú átt að segja hvað þér finnst, segja þinn hug. Mér finnst það ákveðin spilling að gera þetta,“ segir Beta.

Hún segist vita um íbúa sem vilji ekki búa á Sólheimum. Aðrir hafi alist upp þarna og þekki ekki annað. Hún var ekki sátt við dagsskipulagið og einhæf störf í boði. „Ég þurfti að mæta í hring og syngja morgunsöng, sem ég fattaði ekki og meikar engan sens. Hringurinn var gerður til að koma skilaboðum til okkar. Hvað væri næst á döfinni og svoleiðis en ég skildi ekki af hverju fólk þurfti að mæta saman í hring og syngja saman. En málið er að þetta hefur

EF ÉG VAR SKRÁÐ Á LISTA FYRIR SAUMASTOFU FÓR ÉG ÞANGAÐ OG ÞAR BEIÐ MÍN ALLTAF ÞAÐ SAMA. ÉG GAT EKKI MÓTMÆLT ÞVÍ.

VIÐHORFIN Á SÓLHEIMUM ERU EINS OG VIÐ SÉUM BÖRN OG EKKI BARA Á SÓLHEIMUM, HELDUR VIÐGENGST ÞAÐ Í HEIMINUM.

verið hefð. Ég var ekki að fíla þetta,“ segir Beta.

### Einhæf vinna á lágum launum

„Á hverjum einasta degi var ég umkringd fólki sem hafði líkamlega og andlega fötlun. Þetta er yndislegt fólk, ekki misskilja mig. En mér leið eins og ég væri innilokuð því það var enginn á svipuðu róli og ég. Ég skil ekki af hverju í ósköpunum ég var send þangað.

Vinnan á Sólheimum var mismunandi. Kertagerð, smíðastofa, listastofa, saumastofa og svo mismunandi hvað þú gerir eftir dögum. Ef ég var skráð á lista fyrir saumastofu fór ég þangað og þar beið mín alltaf það sama. Ég gat ekki mótmælt því. Það sem mig langaði að gera var að vinna með fötluðu fólki. En ég sé mig ekki í þeim flokki, að vera á verndaðri vinnustofu. Ég hef meiri áhuga á því að verða fóstra og hjálpa. Svo fá allir laun fyrir vinnuna en þau eru mjög lág því allir eru líka á bótum.“

### Ósátt við bensínkostnað

Þegar Beta var í fríi notaði hún tímann til að heimsækja vin sinn sem bjó líka á Sólheimum. Hann flutti þangað árið 2014 og þá kynntist hún fyrst einhverjum sem var á svipuðu róli og hún sjálf. Þau náðu vel saman, gátu treyst hvort öðru og talað saman. Annars gat hún ekki farið af Sólheimum því hún var ekki með afnot af bíl.

„Ef við ætluðum að nota Sólheimabílinn þurfti það að vera hópur. Þú máttir ekki fá bílinn fyrir bara eina manneskju. Ef þú vilt fara í bíó eða eitthvað þarftu að fara í hóp og þú þarft að borga bensín. En þó svo að þú sért ekki að nota bílinn er samt tekinn af þér peningur ef bíllinn er keyrður. Þá þurfa allir að borga bensín sem ég var mjög ósátt við,“ segir Beta um fyrirkomulagið.

### Eins og við séum börn

Henni fundust samskipti við starfsfólk oft óþægileg. „Starfsfólkið talaði við mig eins og ég væri lítið barn, sem mér fannst mjög óþægilegt og mikil óvirðing því ég er fullorðin manneskja. En samt var talað við mig eins og lítið „baby“. Það sem pirraði mig mjög mikið var að ég hef orðið vitni að því að starfsfólk talaði við mann í hjólastól sem er 50 ára eins og hann væri 6 ára. Ég veit að þó svo að hann sé með fötlun og geti ekki talað á hann samt þá virðingu skilið að talað sé við hann eins og fullorðna manneskja.

Viðhorfin á Sólheimum eru eins og við séum börn og ekki bara á Sólheimum, heldur viðgengst það í heiminum að koma fram við fatlað fólk eins og börn og því þarf að breyta. Það þarf að koma fram við fullorðið fatlað fólk af virðingu.“

Ef Beta nefndi það við starfsfólkið að hún vildi ekki láta tala við sig eins og barn fannst henni eins og það væri ekki hlustað á hana.

„Inn um annað eyrað og út um hitt. En það var líka starfsfólk sem ég átti í góðum samskiptum við. En því miður ekki mikið af því.“

### Refsað fyrir að taka ekki til

Hún segir margar reglur gilda um ýmislegt á Sólheimum. „Það var mikið af reglum. Til dæmis í búðinni var þannig kerfi að þú máttir skrifa allan mat á reikning en þú máttir alls ekki skrifa á þig nammi. Það sem ég tók eftir var að starfsfólkið mátti skrifa á sig nammi en ekki við sem bjuggum þar. Mér fannst það

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 83329 02/17




**Styrkir verða veittir til barna á aldrinum 6–16 ára**
Úthlutað verður úr sjóðnum á sumardaginn fyrsta, 20. apríl 2017.
Umsækjendur sem hafa ekki fengið úthlutað úr sjóðnum áður ganga fyrir.

**Leggðu þitt af mörkum til Vildarbarna með Icelandair**
Farðu á www.vildarborn.is og sjáðu hvernig þú getur hjálpað börnum, sem eru langveik eða búa við sérstakar aðstæður, að komast í draumaferðina sína.

+ **Umsóknareyðublöð eru á www.vildarborn.is**

Vildarbörn Icelandair

ICELANDAIR

# Aðstoðaði Betu að komast í burtu



Sigrún Jensey Sigurðardóttir segir nánast ógerlegt að sækja um félagslegt húsnæði milli sveitarfélaga.

Sigrún Jensey Sigurðardóttir, réttindagæslumaður á Suðurlandi, aðstoðaði Betu við að finna nýtt búsetuúrræði árið 2015 og komast burtu frá Sólheimum. Á svipuðum tíma fór hún á fund réttindavaktar velferðarráðuneytisins og greindi þá frá ámælisverðum þáttum sem snertu réttindi og lífsgæði íbúa á Sólheimum í Grímsnesi. Þriðjungur einstaklingsmála sem til hennar bárust var frá íbúum Sólheima. Þeirra á meðal málefni Betu.

Sigrún Jensey gerði athugasemdir við að allur póstur til íbúa færi fyrst á skrifstofu framkvæmdastjóra þar sem hann væri opnaður og tekin ákvörðun um hvort hann færi til þess sem stílað var á. Rafræn vöktun væri í einkarými án heimildar. Sigrún benti einnig á að allir íbúar þyrftu að borga í mötuneyti staðarins hvort sem þeir nýttu það eða ekki. Þjónustan væri undirmönnuð, fagmenntun afar takmörkuð og þá gerði hún athugasemdir við aðbúnað og aðgengi á staðnum.

Akstursþjónusta væri lítil sem engin og íbúar kæmust illa í lágverðsverslanir og reiddu sig á að kaupa nauðsynjavörur í verslun sem rekin er af Sólheimum. Þá mat Sigrún það svo að vinnulaun greidd íbúum væru alltof lág og myndlistarmenn fengju ekki greitt fyrir verk sín. Söluandvirði verka þeirra rynni til Sólheima.

Á síðasta ári fór réttindavaktin þess á leit við velferðarráðuneytið að það tæki málið til meðferðar. „Svör hafa enn ekki borist frá velferðarþjónustunni,“ segir Sigrún Jensey.

*Beta segir frá því að hún hafi ekki viljað búa á Sólheimum. Hún hafi oft látið vita af því, hafi óttast um framtíð sína, hvernig var þín aðkoma að málinu?* „Ég aðstoðaði Elísabetu við að komast frá Sólheimum sem réttindagæslumaður,“ segir Sigrún Jensey. „Nú er það þannig að í Grímsnes- og Grafningshreppi stóð henni ekkert annað húsnæði til boða og það að flytja á milli sveitarfélaga fyrir fólk sem hefur einungis örorkubætur til að framfleyta sér er nánast ógerlegt. Þar sem ég þekki til skilyrða sveitarfélögin til dæmis umsóknir um félagslegt húsnæði þannig að einstaklingur þarf að hafa átt lögheimili í sveitarfélaginu frá einu ári upp í þrjú ár til að geta sótt um. Leiguverð er það hátt á almennum markaði að það er ógerlegt fyrir fólk á örorkubótum að leigja. Þetta þýðir í raun að ef þú flytur í stuðningsúrræði úti í sveit og flytur lögheimili þitt ertu fastur þar, sem er ömurlegur veruleiki þeirra sem í því lenda. Það að ekki hafi verið hlustað á hana í þessu mikilvæga máli lýsir tillitsleysi í hennar garð. Af því tilefni vil ég benda á að í 19. grein samnings Sameinuðu þjóðanna sem fjallar um „að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu“ segir að ríkið skuli tryggja fötluðu fólki tækifæri til þess að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra, og að því sé ekki gert að eiga heima þar sem tiltekið búsetuform ríkir.“

*Hvað finnst þér alvarlegast þegar kemur að lífsgæðum og réttindum fólks með fötlun?* „Það er þegar eftirfarandi meginreglur í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem Ísland hefur fullgilt, hafa verið brotnar: Virðing fyrir meðfæddri göfgi, sjálfræði einstaklinga, þar með talið frelsi til að taka eigin ákvarðanir, og sjálfstæði þeirra og að sérhver fatlaður einstaklingur á rétt á því, til jafns við aðra, að líkamleg og andleg friðhelgi hans sé virt.“

*Beta segir frá því að henni hafi stundum verið refsað þegar hún tók ekki til. Er svona framkoma í garð skjólstæðinga algeng?* „Svona framkoma var því miður þekkt hér áður fyrr en í lögum réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88 /2011 kemur skýrt fram að beiting nauðungar er bönnuð og er hún jafnframt vel skilgreind: Nauðung samkvæmt lögum þessum er athöfn sem skerðir sjálfsákvörðunarrétt einstaklings og fer fram gegn vilja hans eða þrengir svo að sjálfsákvörðunarrétti hans að telja verði það nauðung þótt hann hreyfi ekki mótmælum.“

Sigrún telur að með setningu laganna hafi dregið úr þessari framkomu við fólk með fötlun. „Ég tel að það hafi orðið vitundarvakning við setningu þessara laga og stórlega dregið úr henni. En því miður er hætta á þessari framkomu þar sem fagfólk er ekki til staðar,“ segir hún.



Beta er fegin meira frelsi. „Ég get farið í bíó og út að borða og í bæinn hvenær sem ég vil.“ FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

mikil óvirðing og mismunun. Það var borin meira virðing fyrir starfsfólkinu en okkur.“

Hún segir starfsfólk hafa brugðist við með skömmum ef ekki var farið eftir reglum. Þá hafi henni verið refsað. „Maður fékk skammir. Svo ef það var verið að fara í leikhús eða einhverjar ferðir, en ef þú gerðir eitthvað af þér, eins og ef þú varst ekki búinn að taka til í herberginu þínu eða íbúðinni þinni, þá var refsað þannig að þú máttir ekki fara með í leikhúsferðina.“

**Svo ef það var verið að fara í leikhús eða einhverjar ferðir, en ef þú gerðir eitthvað af þér, eins og ef þú varst ekki búinn að taka til í herberginu þínu eða íbúðinni þinni þá var refsað þannig að þú máttir ekki fara með í leikhúsferðina.**

### Brotnaði niður

Beta segir ár sín á Sólheimum hafa einkennst af vanlíðan og ótta um framtíðina. „Mér leið ekki vel þar. Ég brotnaði niður út af framkomu starfsfólksins við mig. Ég hugsaði að ég ætti aldrei eftir að fara þaðan, þess vegna brotnaði ég niður. Ég veit að sumt fólk er þarna næstum því allt sitt líf og ég vonaði að það kæmi ekki fyrir mig og var eiginlega hrædd. Mér fannst starfsfólkið ekki reyna að hugga mig. Ég var ein. Ef mér leið illa gat ég ekki leitað til neins.“

### Frjáls ferða sinna

Líðanin er betri eftir að hún flutti frá Sólheimum. Hún er ánægð á Selfossi. „Ég er frjáls ferða minna. Ég get farið í bíó og út að borða og í bæinn hvenær sem ég vil. Ég bý sjálfstætt með meðleigjanda mínum og köttunum okkar. Við fáum aðstoð við þrif. Mér líður betur hér. Kosturinn við að búa hér er að ég get farið hvert sem ég vil. Það eina sem ég þarf að gera er að fara út á stoppistöð. Ég er mjög fegin því.“

Beta segist hafa heyrt margt gott og fallegt um Sólheima áður en hún flutti þangað sjálf. „Það sem situr í mér er hvernig er komið fram við íbúana á Sólheimum, ég vil að því verði breytt. Það er ljótt að segja það en ég vil helst að Sólheimum verði lokað, hætt að nota þá fyrir heimili. Það yrði frekar bara safn en heimili fyrir fólk. Það er mitt mat.“

**visir.is** Hlusta má á viðtalið á Vísi.


OKKAR SÉRSVIÐ ER

Háræðaslitsmeðferðir

HENDUR – ANDLIT – HÁLS – BRINGA




PANTAÐU FRÍAN TÍMA Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA 893-0098

Snyrtistofan Hafblik

Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com


## Yfirlýsing frá Átaki Skert lífsgæði þroskahamlaðra

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks segir að aðildarríkin skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk geti nýtt sér rétt sinn til tjáningar- og skoðanafrelsis, þ.m.t. frelsi til að leita eftir, taka við og miðla upplýsingum og hugmyndum, til jafns við aðra, með hjálp hvers kyns samskiptamiðla að eigin vali.

Markmiðið með samningi þessum er að stuðla að því að fatlað fólk njóti allra mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við aðra, jafnframt því að vernda og tryggja slík réttindi og frelsi, og að auka virðingu fyrir meðfæddri göfgi þess.

Ný skýrsla um Kópavogshæli er sorgleg lesning og fyrir fólk með þroskahömlun er það skelfing ein að vita að um 30 árum of seint erum við fyrst að vakna upp við þennan vonda veruleika.

Í skýrslunni má sjá lífssögur



fatlaðs fólks sem bjó á Kópavogshæli og harmar stjórn Átaks þessar sögur sem nú líta dagsins ljós.

Stjórn Átaks, félags fólks með þroskahömlun, ætlar nú í framhaldi af þessari umræðu að birta viðtöl við fólk með þroskahömlun sem segir reynslusögur sínar.

Harpa Björnsdóttir, starfsmaður hjá Átaki, hefur séð um að taka viðtölin og halda utan um verkefnið. Viðtölin eru unnin í samstarfi við viðmælendur og blaðamann Fréttablaðsins.

Okkar hlutverk sem félags fólks með þroskahömlun er að birta ➡



## Mismunun stofnana verði upprætt

Alþingi samþykkti síðasta haust að samningur um réttindi fatlaðs fólks skyldi fullgiltur. Samningurinn var undirritaður af hálfu Íslands fyrir tæpum tíu árum, þ.e. 30. mars 2007.

Markmiðið með samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er að stuðla að því að fatlað fólk njóti allra mannréttinda og mannfrelsis til fulls og jafns við aðra. Átak, félag fólks með þroskahömlun, leggur áherslu á þetta markmið samningsins þegar rætt er um réttindi, tækifæri og lífsgæði íbúa á Sólheimum.

Fullgilding samningsins er mikilvægur áfangi í að tryggja fötluðu fólki mannréttindi og tækifæri sem flestu ófötluðu fólki þykja sjálfsögð. Á þessu ári verður lokið við þá vinnu en í fjórðu grein samningsins um almennar skuldbindingar kemur fram að eftir fullgildingu þurfi að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar með talið á sviði lagasetningar, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin. Að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að uppræta mismunun vegna fötlunar sem einstaklingur, stofnun eða einkafyrirtæki gerir sig sekt um.



## Dæmi um nauðung

- Líkamleg valdbeiting, til dæmis í því skyni að koma í veg fyrir að fatlaður einstaklingur skaði sjálfan sig eða aðra, eða valdi stórfelldu tjóni á eigum sínum eða annarra.
- Húsnæði sem tilheyrir fötluðum einstaklingi er læst.
- Fatlaður einstaklingur er læstur inni eða ferðafrelsi hans skert með öðrum hætti.
- Fatlaður einstaklingur er fluttur milli staða gegn vilja sínum.
- Aðgangur fatlaðs einstaklings að eigum sínum er takmarkaður eða þær fjarlægðar gegn vilja hans.
- Einstaklingur er þvingaður til athafna, svo sem til að taka lyf eða nota hjálpartæki.
- Valdi eða þvingun er beitt við athafnir daglegs lífs.
- Fjarvöktun í skilningi laga þessara er rafræn vöktun með myndavél eða hljóðnema.

**VIÐ KREFJUMST ÞESS AÐ RADDIR FÓLKS MEÐ ÞROSKAHÖMLUN FÁI AÐ NJÓTA SÍN TIL FULLS OG JAFNS VIÐ AÐRA.**

þessi viðtöl og vekja athygli á því hvernig sumt fólk með þroskahömlun lifir við skert lífsgæði og tjáningarfrelsi enn þann dag í dag.

Við krefjumst þess að raddir fólks með þroskahömlun fái að njóta sín til fulls og jafns við aðra.





„Ég er ekki búinn að ákveða hvað ég ætla að gera. Það verður nýtt ævintýri,“ segir Þórarinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ég stýri bara sjálfum mér

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



**Þórarinn Tyrfingsson lætur af störfum sem forstjóri Sjúkrahússins Vogs í vor. Þegar hann er búinn að stimpla sig út í síðasta sinn ætlar hann ekki að hafa áhrif á störf annarra á Vogi. Hann segist tilvistarsinni, hugsar ekki of mikið um fortíð og framtíð. „Ég er nefnilega á því að ég ráði svolítið mikið um mína lífshamingju sjálfur. Hún fari eftir því hvernig ég hugsa á hverjum tíma,“ segir Þórarinn en þessi sjálfsábyrgð má segja að sé einnig grundvöllur meðferðar við fíkn.**

Þórarinn Tyrfingsson er á skrifstofu sinni að ganga frá skýrslugerð í lok dags. Hann verður sjötugur í maí, þá ætlar hann að láta af störfum.

Þórarinn fór í meðferð við áfengissýki árið 1978, þá 31 árs gamall, hjá SÁÁ. Nokkrum mánuðum síðar hóf hann störf fyrir samtökin og hefur starfað sem læknir á Vogi frá því að sjúkrahúsið var byggt og vígt árið 1983.

Á meðan hann pikkar inn í tölvuna ræðir hann um asann sem er á flestum dagsdaglega og gerir að gamni sínu. „Á þeim lausa tíma sem við höfum þá erum við að leita að lyklunum okkar eða veskinu. Að rjúka eitthvert, ná í börnin og svona. Við erum alltaf á hlaupum,“ segir hann og lítur gráglettinn á blaðamann sem baksar við handtöskuna sína og símann sem er notaður sem upptökutæki. „Svo erum við alltaf í símanum. Vissir þú að heilinn á okkur er gerður fyrir að hitta eins og eina manneskju á dag. Kannski sextíu á ári, það er það sem okkur er eiginlegt,“ segir hann upp úr hugsunum sínum.

**Þurfti að hafa fyrir lífinu**

Þórarinn er þekktur fyrir að liggja ekki á meiningu sinni. Hann segir það sem hann hugsar og meinar og hefur verið áberandi í umræðu um fíknivanda á Íslandi. Vanda sem hann þekkir á eigin skinni. Hann er fæddur og uppalinn á Kleppsholtinu. Kleppur var óaðskiljanlegur hluti af holtinu og sjúklingar settu svip á hverfið. Á þeim tíma sem Þórarinn var að vaxa úr grasi átti hann fáa jafnaldra í hverfinu.

„Það var nú samt gaman að alast upp á Kleppsholtinu þótt jafnaldrar mínir væru fáir. Ég fór fljótlega í íþróttir og tengdist félögum mínum í gegnum handboltann og Langholtsskóla.

Ég er af fátæku fólki kominn. Pabbi var húsasmíðameistari og kominn af efnalitlu fólki í Borgarnesi. Mamma úr Hvítársíðunni og líka af fátæku fólki komin. Ég var fyrsti stúdentinn í móðurættinni og í föðurættinni voru jafnaldrar mínir fyrstir til að verða stúdentar. Það má segja að það sé innbyggt í mig og mitt fólk að hafa fyrir lífinu,“ segir Þórarinn og segir betur af fjölskylduhögum sínum. Þeir eru þrír bræðurnir. „Eldri bróðir minn, Þórður, fór til Danmerkur og lærði byggingartæknifræði og yngri bróðir minn, Pétur, er sálfræðingur og lærði einnig félagsvísindi í Svíþjóð,“ segir Þórarinn til marks um dugnað bræðra sinna.

Dugnaðurinn hófst á barnsárum. „Við vorum dugleg á þessum árum. Ég fór í sveit átta ára gamall, entist að vísu ekki lengi,“ segir hann og brosir góðlátlega. „En svo fór ég að sendast í barnaskóla og vann mér þannig inn aukapening.“

**Sjö barna faðir**

Skólagangan gekk vel hjá Þórarni. Hann tók landspróf og var áfram iðinn í íþróttum. Það fór ekki að halla undan fæti fyrr en hann var að verða sautján ára gamall og byrjaði að drekka.

„Ég kom hingað til meðferðar um jólin 1978 og var gríðarlega veikur. Ég var búinn að drekka mikið og ganga nærri mér. Búinn að fara illa með fjölskyldu mína og sjálfan mig. Ég hafði vandræði af drykkjunni um leið og ég byrjaði að drekka,“ segir Þórarinn frá en bætir því við að hann hafi byrjað tiltölulega seint miðað við tíðarandann sem þá ríkti. „Ég var að verða sautján ára gamall. Ég var kominn í fyrsta bekk í MR og var í fyrstu deild í handbolta. Ég var orðinn mjög háður áfengi og áfengissjúkur um tvítugt. Svo drakk ég í tíu ár. Hélt áfram í fyrstu deild í handbolta og lærði til læknis. Þetta gekk allt saman einhvern veginn en var erfitt. Ég fór illa með mig og fjölskylduna,“ segir Þórarinn.

„Það má segja að ég hafi lent í svona 52 áföllum á hverju ári. Svo tekur tíma að vinna sig út úr þessu. Mér fylgdu kvíðaraskanir, áskapaðar vegna drykkjunnar fyrstu tvö árin að minnsta kosti. Ég var þó með góða geðheilsu svona miðað við allt saman. Ég held ég hafi mótast mest á fjórða eða fimmta ári eftir að ég hætti að drekka. Þá fékk maður bein í nefið. Þá var maður kominn úr þessari tilvistarkrísu sem maður var í.

> ÉG HELD ÉG HAFI MÓTAST MEST Á FJÓRÐA EÐA FIMMTA ÁRI EFTIR AÐ ÉG HÆTTI AÐ DREKKA. ÞÁ FÉKK MAÐUR BEIN Í NEFIÐ. ÞÁ VAR MAÐUR KOMINN ÚR ÞESSARI TILVISTARKRÍSU SEM MAÐUR VAR Í.

Það góða við þetta allt saman er barnalánið. Ég á sjö falleg, góð og sjálfstæð börn,“ segir hann frá og telur þau upp. „Þau eru mjög sjálfstæð og ætli þau séu ekki svipuð mér og mínum að því leyti. Elsti sonur minn heitir Birgir og gengur undir nafninu Biggi veira. Ég átti hann ekki í hjónabandi eða sambúð og kynntist honum seinna á lífsleiðinni. Hann er líkur mér og mínu fólki og ég er afskaplega stoltur af honum. Svo átti ég Halldóru mína sem er krabbameinslæknir barna og vinnur á Barnaspítala Hringsins. Svo átti ég Ingunni mína sem hefur verið búsett í Svíþjóð. Svo átti ég Tyrfing minn sem er svo fjölhæfur, viðskiptafræðingur, gítarleikari og málari, og Björn sem er taugalæknir, Hildi mína sem er að verða öldrunarlæknir og svo átti ég hana Þórhildi mína sem er yngst barna minna. Hún er að læra félagsvísindi. Hún er augasteinninn minn því við vorum orðin svo fullorðin þegar við áttum hana. Besta vitleysa sem ég og eiginkona mín, Hildur, tökum upp á.“

Þórarinn segist vera búinn að gefa það út að hann muni ganga út úr sinni stöðu þann 20. maí á þessu ári. „Þá verð ég sjötíu ára. Ég er búinn að vera að stefna að þessu í þrjú, fjögur ár.

Ég er ekki búinn að ákveða hvað ég ætla að gera. Það verður nýtt ævintýri. Tímamót í mínu lífi sem verða skemmtileg. Ég vonast til að binda mig ekki eins mikið og ég hef gert og njóta frelsis. Hafa meiri tíma til sköpunar,“ bætir hann við og vísar í upphaf samtalsins um það hvað lífið líði skjótt hjá.

**Upp fyrir höfuð**

*Hugsar þú einhvern tímann um að þú hefðir átt að hætta fyrr?*

„Ég er tilvistarsinni og alls ekki maður fortíðarinnar. Ég er ekki heldur mikið fyrir að plana langt fram í tímann. Ég er nefnilega á því að ég ráði svolítið miklu um mína lífshamingju sjálfur. Hún fari eftir því hvernig ég hugsa á hverjum tíma. Ég lít svo á yfirleitt að ég muni bjarga mér og taka skynsamlegar ákvarðanir.“

Dæmigerður dagur hjá Þórarni um þessar mundir einkennist af miklum önnum á Sjúkrahúsinu Vogi vegna manneklu. „Jú, dæmigerður dagur í dag er kannski ekki svo dæmigerður. Því það hefur verið mannekla. Við höfum svo fáa lækna og verðum að hafa hér lækna sem tala íslensku. Ég er mikið í rútínunni að láta hlutina ganga upp. Ég kem hingað í vinnu, geng stofugang á sjúkrahúsinu og er á vaktinni. Ég tek á móti sjö til tíu sjúklingum. Greini þá og geng frá málum. Fyrir utan að tala við aðra sjúklinga, halda fyrirlestra fyrir sjúklinga og starfsfólk. Ég er í raun upp fyrir höfuð í þessu starfi,“ segir hann.

Það hafa þó verið erfiðari tímar í rekstri Vogs. Þegar Þórarinn er beðinn um að rifja upp þá erfiðustu telur hann til innanhússdeilur frá árinu 1989. „Það fannst mér erfitt, miklar innanhússdeilur hér og ég skynjaði þá að ég var trekktur á taugum. Annars hef ég verið heilsuhraustur þótt það hafi gengið ýmislegt á,“ segir Þórarinn um þennan tíma en árið 1988 varð hann starfandi stjórnarformaður og var það til ársins 2011.

„Ég var líka yfirlæknir á sama tíma og á vöktum. Það hefur oft verið mikið að gera en það hefur allt verið þarft,“ segir hann.

*Er hann fyrirmynd fyrir sína sjúklinga? Skiptir það máli að hann hafi reynslu af fíkninni?*

„Já, ég held það skipti máli. Ég finn það með árunum að fólk ber virðingu fyrir mér hvert sem ég kem. En það er ekkert endilega vinsamlegt við mig. Það fer ekkert endilega saman.“

*Þú ert ekkert átakafælinn maður, eða hvað?*

„Ég veit það ekki alveg. Ég hef stundum frekar forðast átök af því að ég var í forsvari fyrir þetta fyrirtæki. Því miður er það nú svo að maður getur ekki reiknað með að stjórnmálamenn og stjórnsýslumenn láti málefnin ráða. Þeir eru oft á persónulegum nótum og taka afstöðu á barnalegan hátt. Svo maður hefur þurft að gæta sín. En í eðli mínu þá er ég kominn af fólki sem vandist því að segja sína meiningu. Það er ríkt í mér.“

**Bullað um áfengisfrumvarp**

*Nú er áfengisfrumvarpið komið fram enn á ný. Hvað finnst honum um það?*

Þórarinn hristir höfuðið. „Æi, maður getur ekki annað en hlegið. Það sem aumingja stjórnmálamenn og fjölmiðlamenn tala um er þvílíkt rugl. Það gengur algjörlega fram af manni, þetta bull. Það er eins og fólk átti sig ekki á því að það er til sérfrótt fólk í félagsvísindum sem við hljótum að taka mark á sem segir okkur að það sé mjög óskynsamlegt að koma með þetta frumvarp fram. Það mun fara illa sérstaklega í þá sem eru komnir yfir miðjan aldur. Þeir munu drekka enn meira og við höfum engin efni á því. Það er of kostnaðarsamt fyrir


Hvert er þitt uppáhald?
NÝTT!
NÓA
Lakkrís
KARAMELLUPERLUR
RJÓMAPERLUR
KÓKOSPERLUR
PIPARPERLUR
NÓI SÍRÍUS

heilbrigðiskerfið. Við sjáum nú merki þess á Íslandi að fólk, sem er komið yfir miðjan aldur, drekkur meira. Ég hef sérstakar áhyggjur af konum sem drekka í meira mæli í dag eftir miðjan aldur og taka meira af geðlyfjum. Þetta er nýtt vandamál.“

*Hvernig finnst þér að fyrirkomulagið eigi að vera?*

„Á margan hátt höfum við hagað okkur skynsamlega gagnvart áfengi og fíkniefnum. Það væri eiginlega frekja að halda því fram að við ættum að gera betur. Við erum sveitamenn sem komum í bæinn um aldamótin átján-nítjánhundruð. Nærri helmingur karla sem kom í bæinn eða fór utan til Danmerkur fór í hundana vegna áfengisneyslu.

Við höfum komið upp meðferð sem dugar stórum hluta fólks. Við stöndum betur að vígi en flestar aðrar þjóðir hvað það varðar. Ef við tökum sérstaklega fyrir fjölda karlmanna á aldrinum 25-55 ára þá eru þeir mun færri sem þurfa á meðferð að halda í dag en áður.

En konunum fjölgar og svo er erfiður vandi yngra fólks sem varð einkum áberandi eftir 1995. Þetta er kynslóðin sem er fædd eftir 1970 og fór að reykja kannabis mjög reglulega. Svo kom aftur mikið vandamál upp hjá kynslóðinni sem er fædd á milli 80-90. Það er óviðunandi ástand á meðal ungs fólks,“ segir Þórarinn og telur samfélagsábyrgðina ríka þegar kemur að forvörnum.

### Dómgreindin fer

Hann segir umræðu um fíknisjúkdóma og fíknilækningar oft á villigötum. Hér á Norðurlöndum aðhyllist margir þær skýringar að rætur fíknar séu félagslegar. „Fíkn er heilasjúkdómur sem hægt er að meðhöndla og ætti að meðhöndla með mannúðlegri umönnun, skipulegri meðferð,“ segir Þórarinn. „Svo margir misskilja þennan sjúkdóm. Telja hann afleiðingu áfalla, geðsjúkdóma eða líta á hann sem siðferðisbrest,“ segir Þórarinn.

„Það sem þarf er að greina og meðhöndla sjúkdóminn, tryggja að sjúklingar hafi aðgang að nauðsynlegri þjónustu. Við erum komin langt hér á landi, við skiljum að þetta er sjúkdómur í skilningi náttúruvísindanna. Maður byrjar að nota fíkniefni og þau breyta starfsemi heilans. Það verða grundvallarbreytingar á heilastarfsemi sem þarf að snúa við. Þetta finnst fólki erfitt að skilja. Að maður geti haft áhrif á heilann og maður geti orðið skrýtinn í hegðun og misst eigin dómgreind. Hjá áfengissjúkum manni er dómgreindin fyrir því að dómgreindin er farin líka farin,“ segir Þórarinn.

„Menn halda að geðsjúkdómar séu mjög tengdir. Það er ekkert endilega. En fólk með fíknisjúkdóm hefur breytt heila sínum þannig að það koma óhjákvæmilega fram einkenni um kvíða og þunglyndi. Sem eru ekki endilega langvinnir geðsjúkdómar

> ÞAÐ ER LANGT SÍÐAN ÉG LÆRÐI ÞAÐ AÐ ÉG HEF EKKI ÁHRIF Á LÍF ANNARS FÓLKS. ÉG STÝRI BARA SJÁLFUM MÉR. AUÐVITAÐ VERÐ ÉG TILFINNINGALEGA TENGDUR MÍNU STARFI EINS OG ÖLLU ÖÐRU SEM MÉR ÞYKIR VÆNT UM.

heldur geðræn einkenni um fíkn. Svo getur fólk að sjálfsögðu verið bæði með fíkni- og geðsjúkdóm.“

### Stærsta unglingadeild landsins

*Hér eru líka vistuð börn og það hefur verið umdeilt, er það ekki?*

„Menn hafa haft ýmsar skoðanir á því. En það verður að líta svo á að þegar við byrjuðum hérna þá vildi enginn hafa þessi börn. Unglingaheimili ríkisins vildi ekki líta svo á að börn væru með fíknivanda. BUGL hefur heldur aldrei viljað taka á móti börnum sem eru með áfengis- og vímuefnavanda. Við höfum hins vegar tekið á móti öllum og þjónustum líka foreldra barna í fíknivanda. Við höfum tekið börn inn á þennan spítala en þá verður vandinn að vera orðinn mjög mikill. Svo hafa menn verið að deila á þetta en í sjálfu sér er enginn annar sem vill meðhöndla þessi börn.

Það starf sem hefur verið unnið hér hefur oft á tíðum verið það eina sem samfélagið hefur haft upp á að bjóða á þessu sviði og hefur í alla staði verið til fyrirmyndar. Við erum með stærstu unglingadeild landsins. Hún var stofnuð árið 2000 og síðan þá höfum við þjónustað allt upp í fjögur prósent af árgöngunum hér fyrir tvítugt.

Geðdeildir landsins þjóna miklu færri,“ bendir hann á. Þórarinn hlaut barnamenningarverðlaun Velferðarsjóðs barna á síðasta ári fyrir meðferð á fíknisjúkdómum meðal unglinga og vinnu að forvörnum. Fimm milljóna verðlaunafé ákvað hann að myndi renna til rannsóknar á vegum SÁÁ á þeim árangri sem forvarnar- og meðferðarstarf meðal unglinga hefur borið hér á landi.

„Það vill svo til að ég er stoltastur af unglingadeildinni. Hún hefur enda verið starfrækt af miklum myndarbrag. Ég er til dæmis stoltur af því að 40% þeirra ungmenna sem hingað koma koma aldrei aftur. 60% koma kannski tvisvar, þrisvar og svo aldrei aftur. Svo eru örfá sem verða



Þórarinn segist þekktur fyrir að sitja ekki á skoðunum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

uppeldissynir okkar og dætur. En við komumst einhvern veginn í gegnum þetta og það er gleðiefni sem drífur okkur áfram.“

### Rítalín í æð hættulegast

Langskaðlegustu fíkniefnin og þau sem breyta heilanum skjótast eru örvandi efni að sögn Þórarins. „Með örvandi efnum er ég fyrst og fremst að tala um amfetamín og rítalín tekið í gegnum æð. Þetta eru hættuleg vímuefni, sérstaklega rítalín, og hafa víðtæk alvarleg áhrif á heilastarfsemina. Breyta henni hvað mest á stystum tíma hvað varðar dómgreind, hömlur og stjórnun á tilfinningum og hegðun.“

*En að því félagslega. Hvernig samfélag erum við og hefur samfélagsgerðin ekki áhrif á það hvort ungt fólk leiðist út í fíkniefni eða drykkju?*

„Ungt fólk reynir fyrir sér með nýja hluti. Þess vegna er það ekki endilega sjúkleikamerki þó að fólk sé að reyna fyrir sér með nýja hluti og um leið að prófa fíkniefni. Það er eðli mannsins, það er ekki vegna þess að við eigum bágt eða búum illa að fólki. Þetta er eðli okkar og grundvöllur framfara. Svona er vorið. Við erum með þennan stóra heila ofan á eðlishvöt og erum með væntingar. Þetta er hið mannlega. Svo kemur bara í ljós að sum okkar sem reyna þetta, ánetjast fljótt.

Samfélög aðlagast og breytast. Mörg vestræn samfélög hafa aðlagast áfengi og geta umgengist það. Sum samfélög eiga erfitt með að aðlagast skjótum og miklum breytingum, eins og á aðgengi að áfengi og vímuefnum,“ segir Þórarinn og segir íslenskt samfélag alls ekki tilbúið til að auka aðgengi að áfengi og vímuefnum.

Við þurfum að taka mark á þekkingu fólks á þessum hlutum. Mér finnst leitt að við gerum það ekki í meira mæli. Við þurfum líka að gæta okkar á því að búa ekki til samfélög fíkla í borginni. Þar sem fíklar geta verið í neyslu og framfleytt sér sem maður myndi ekki geta gert til dæmis á Langanesi. Allir sem hafa reynslu í málaflokknum vita vel að það á ekki að safna fíklum saman í hópa. Það er hins vegar gert í Reykjavík og við höfum ekki viljað læra af öðrum hvað það varðar. Þetta er gert undir styrkri stjórn Reykjavíkurborgar,“ segir Þórarinn og á við gistiskýli og gáma í miðborginni.

### Þarf að tryggja öryggi allra

Rótin, félag kvenna, var stofnað til umræðu um fíkn, áföll, ofbeldi og geðheilbrigði. Meðlimum er umhugað um að komið sé á betri sérstökum meðferðarúrræðum fyrir konur og árið 2013 þegar félagið var stofnað varð mikil umræða um að áhrifum áfalla á þróun fíknar væri hafnað í meðferð SÁÁ. Rótarkonur sögðu dapurlegt hvað forsvarsmenn SÁÁ tækju umfjöllun um meðferðarstefnu illa.

*Urðu átök um þetta af hans hálfu? Hvaða skoðun hefur hann á sérúrræðum fyrir konur? Er staðið nægilega vel að þessum málum?*

„Ég átti ekki í neinum slag um þetta. Það voru aðrir í því. Þetta var hins vegar mikil fjölmiðlaumræða sem er eðlilegt um jafn mikilvægt efni. Hingað hafa komið um 8 þúsund konur í meðferð. Flestar af þeim hafa náð góðum árangri, hlutfallið er hátt en um 78-88 prósent hafa fengið góðan bata. Þegar konur fara að tala illa um meðferðina hér þá er það ekki mitt mál. Margt í þeirra máli innihélt fullyrðingar sem stóðust ekki. Hvergi er kynjaskipt heilbrigðisþjónusta, það var nú samt snemma sem við gerðum okkur grein fyrir sérstökum þörfum kvenna í áfengismeðferð. Við kynntumst þeim þörfum fyrir tilstilli femínískra hugmynda frá Bandaríkjunum. Árið 1994 settum við upp sérstaka meðferð fyrir konur og höfum allar götur síðan þróað hana. Svo eru allir sammála um það að það þurfi að tryggja öryggi kvenna og karla í meðferð því að oft virða einstaklingar með fíknisjúkdóma ekki mörk. Það á við bæði um karla og konur,“ segir Þórarinn.

### Hugræn atferlismeðferð öflug

Hann hefur mikla trú á gildi hugrænnar atferlismeðferðar í meðferð við fíkn.

„Hegðun og rökhugsun er gríðarlega flókin hjá fólki með fíknisjúkdóma. Því miður höfum við engin lyf sem eru nægilega góð fyrir geðmeðferð og engir raunhæfir meðferðarmöguleikar í fíkn. Framfarirnar eru í hugrænni atferlismeðferð sem hefur áhrif á heilastarfsemina og útlit heilans. Hugræn atferlismeðferð er í raun og veru ekkert annað en skipuleg aðferð til að skipta um lífsstíl. Við fluttum hana inn árið 1977 beint frá New York þar sem sálfræðingar settu þessar hugmyndir fram. Að maður geti haft áhrif á geðheilsu sína með því að breyta hegðun, viðhorfum og hugsunarhætti,“ segir Þórarinn og bendir á að þannig sé batinn af fíknisjúkdómum fólginn í einstaklingnum sjálfum og ábyrgð hans.

### Þakklátur

Hann lifir sjálfur eftir þessum hugmyndum um sjálfsábyrgð og þegar hann er hættur, búinn að stimpla sig út í síðasta sinn, ætlar hann ekki að reyna að hafa áhrif á störf annarra á Vogi.

„Það er langt síðan ég lærði það að ég hef ekki áhrif á líf annars fólks. Ég stýri bara sjálfum mér. Auðvitað verð ég tilfinningalega tengdur mínu starfi eins og öllu öðru sem mér þykir vænt um.

Ég segi ekki börnunum mínum hvernig þau eiga að lifa lífi sínu og ég mun heldur ekki segja fólki hér hvernig það á að haga sínu starfi.“

*Af hverju er hann stoltastur þegar hann lítur til baka?*

„Ég verð að segja að ég hef ekki mikið velt því fyrir mér en ég er ánægðastur með það að ég kom hingað í meðferð og hætti að nota áfengi. Það er það sem stendur upp úr. Ég er hins vegar frekar þakklátur en stoltur,“ segir Þórarinn.



# BEINT FRÁ HJARTANU

1 HRINGUR
+ 0,5 L KÓK
OG ANNAR
HRINGUR FRÍR

**679 KR.***




*Gildir til 26. febrúar 2017

### *Mánudagstilboð*



ALLIR DD DRYKKIR
Á **399 KR.**

### *Beyglur*



ALLAR BEYGLUR
Á **599 KR.** – ALLA DAGA

### *Miðvikudagstilboð*




**30% AFSLÁTTUR** AF
6 HRINGJUM Í KASSA

Þú færð glænýja og gómsæta kleinuhringi fyrir ástina þína á Dunkin' Donuts.
Gerðu góðan dag enn betri með brakandi ferskum beyglum, beint úr ofninum
og ilmandi kaffi úr nýmöluðum hágæðabaunum.

| Laugavegur 3 | Kringlan | Hagasmári 9 | Fitjar | Keflavíkurflugvöllur

DUNKIN' DONUTS®



Frá þorpinu Gundum eru aðeins 500 metrar til Búrma. Þarna hafa 12 þúsund flóttamenn komið sér upp heimili á aðeins örfáum dögum. Það fyrsta sem tryggt er frá hendi Flóttamannahjálpar SÞ er að koma upp brunni með hreinu vatni.



Fyrsti dagurinn í nýju landi. Þessir drengir komu með bátskæni frá Búrma um nóttina. Þeir lentu á ströndinni við Rajapalong, 40 kílómetrum sunnan við Cox's Bazar.



Þvottur þveginn og náð í vatn fyrir matinn, sunnan við Gundum.



Ótrúlegur fjöldi barna er í flóttamannabúðunum við Gundum.



Í Kutupalong eru fjölmennustu flóttamannabúðirnar á svæðinu. Þessi karl, flóttamaður til tveggja ára, vinnur við að dreifa hrísgrjónum.



Þessi Rohingya-piltur fékk sér miðdegislúr, í 30 stiga hita, í Cox's Bazar.



Annar dagurinn í fyrirheitna landinu, í flóttamannabúðum rétt norðan við Balukhali við Bangladess. Maki hennar er látinn.

# Þrjú hundruð þúsund þjást

**Páll Stefánsson ljósmyndari skrifar um Rohingya-flóttamenn sem hann myndaði í Bangladess.**

» FERÐIN TIL BANGLADESS ER LOKAHNYKKUR FYRIR LJÓSMYNDABÓKINA LANDLAUS SEM KEMUR ÚT NÚ MEÐ VORINU.

Grafkyrr á umferðarljósum. Klukkan sló tvö, fréttir sagði þulurinn. Engin fundur hefur verið boðaður í sjómannadeilunni, og ekkert verið fundað síðan á þriðjudag í síðustu viku. Í vikunni komu 65 þúsund Rohingya-flóttamenn frá Myanmar (Búrma) til Bangladess. Páskaegg hafa lækkað um fimm prósent í verði frá því í fyrra. Ég slökkti.

Leit á samferðafélagann og sagði ekki á þessu augnabliki í lok janúar: „Páskarnir eru ekki fyrr en í lok apríl.“ Heldur: „Sextíu og fimm þúsund!“

Fjórum dögum seinna var ég kominn til Cox's Bazar, 250 þúsund manna smáþorps við landamæri Búrma, Bangladessmegin.

Annar maðurinn sem ég hitti í flóttamannabúðunum kom daginn áður með tvö ung börn systur sinnar. Þau heppin, að vera komin í skjól. Foreldrarnir brenndir lifandi viku fyrr, þegar búddatrúelskir samlandar þeirra kveiktu í heimilinu og meinuðu foreldrunum útgöngu. Börnin voru sem betur fer ekki heima, heldur í heimsókn hjá móðurbróðurnum.

Fyrsti flóttamaðurinn sem ég hitti var kona á óræðum aldri, 35 ára eða rúmlega fimmtug, ekki viss. Ég spurði ekki. Hún var búin að missa allt sitt. Jafnvel lífsviljann.

Þennan dag á Kringlumýrarbrautinni, fimm dögum fyrr, fletti ég upp Rohingya-flóttamannavandamálinu.

Vandamál? Já. Stórt? Já, risastórt. Sameinuðu þjóðirnar telja þetta langversta flóttamannavandamál í heiminum í dag. Mun verra en í Sýrlandi. Þarna er verið að fremja þjóðarmorð á þessari 1,5 milljóna manna múslimsku þjóð sem býr í nyrstu strandhéruðum Búrma. Búddatrúarríki sem stjórnað er af friðarverðlaunahafa Nóbels, Aung San Suu Kyi. Í dag eru á fjórða hundrað þúsund Rohingya-flóttamenn í Bangladess. Þá viku sem ég dvaldi þarna bættust við 25 þúsund flóttamenn, hið minnsta. Og ekki velkomnir, þrátt fyrir að vera trúbræður. Nei, Bangladessar hafa nóg með sitt, örbirgt land, litlu stærra en Ísland, með rúmlega 160 milljónir íbúa. Ef Ísland væri jafn þéttbýlt og Bangladess þá byggju hér aðeins 125 milljónir.

Degi eftir heimkomuna birti NY Times frétt um Rohingya-fólkið. Loksins, loksins, er heimspressan að taka við sér, hugsaði ég. En fréttin fjallaði um það að þingið í Dakka, höfuðborg Bangladess, var búið að finna óbyggða eyju úti í miðjum Bengalflóa, þangað sem nú á að senda Rohingya-flóttamennina. Losna við þá í eitt skipti fyrir öll. Svo heppilega vill nefnilega til, fyrir Bangladess, eða heimsbyggðina, að þessi óbyggða eyja er óbyggð vegna þess að hún er á bólakafi hálft árið, allt monsúntímabilið.

# BETRI STJÓRN – BETRA JAFNVÆGI

**Icecare kynnir** Femarelle er náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Hormónalaus lausn fyrir mismunandi stig tíðahvarfa. Tvær nýjar Femarelle vörur eru nú komnar á markað. Þær Selma, Valgerður og Eva mæla með Femarelle.

Virkni Femarelle hefur verið staðfest með fjölda rannsókna á undanförnum árum. Nú hefur Femarelle verið gert enn betra og bætt í það B6-vítamíni. Þrjár vörur eru nú í Femarelle-línunni, Femarelle Rejuvenate sem hentar konum fyrir tíðahvörf, Femarelle Recharge sem veitir stjórn yfir tíðahvörfunum á öruggan og áhrifaríkan hátt og Femarelle Unstoppable sem hjálpar konum eftir tíðahvörf að viðhalda eðlilegum lífsstíl og lífsþrótti eftir því sem árin færast yfir.

### VERTU ÞÚ SJÁLF Á NÝ

Samsetning Femarelle Rejuvenate hentar best til að mæta þörfum kvenna 40 ára og eldri til að vinna á einkennum forstigs tíðahvarfa. Það inniheldur hörfræjaextrakt sem stuðlar að eðlilegri líðan þegar kemur að tíðahvörfum og bíótín sem hjálpar konum að halda eðlilegu andlegu jafnvægi. B2-vítamín og bíótín (B7) stuðla að viðhaldi eðlilegs hárs og húðar og eðlilegum efnaskiptum ásamt eðlilegri sálfræðilegri starfsemi og minni þreytu og sleni.

> Ég er mjög ánægð með áhrifin af Femarelle, ég er í betra jafnvægi og er öruggari með sjálfa mig.
>
> Selma Björk Grétarsdóttir

### TAKTU STJÓRN Á LÍKAMANUM

Femarelle Recharge hefur áhrif á þau einkenni sem konur þjást af á meðan á tíðahvörfum stendur. Femarelle Recharge er sama vara og upprunalega Femarelle að við bættu B6-vítamíni en það magnar þau áhrif sem Femarelle hefur. Femarelle Recharge inniheldur hörfræjaextrakt sem hjálpar konum á aldrinum fimmtíu ára og eldri til að taka stjórnina á einkennum tíðahvarfa á öruggan og áhrifaríkan hátt.

### SIGRAÐU FRAMTÍÐINA

Femarelle Unstoppable hjálpar konum að halda aftur af einkennum í kjölfar tíðahvarfa. Það inniheldur kalk og D-vítamín fyrir eðlilega starfsemi beina og vöðva ásamt B2 og B7 fyrir jafnvægi slímhúðar sem og að minnka þreytu og slen. Femarelle Unstoppable hjálpar konum á aldrinum sextíu ára og eldri að viðhalda kraftmiklum lífsstíl þegar árin færast yfir.


Selma Björk Grétarsdóttir.


Valgerður Kummer Erlingsdóttir.


Eva Ólöf Hjaltadóttir.

### GÓÐ REYNSLA AF FEMARELLE

Þær Eva Ólöf Hjaltadóttir, Selma Björk Grétarsdóttir og Valgerður Kummer Erlingsdóttir hafa allar góða reynslu af Femarelle. „Ég hef notað Femarelle um nokkurt skeið og finn það núna hve miklu máli það skipti fyrir mig að byrja á þessari snilldarvöru," segir Valgerður. Eva Ólöf tekur í sama streng og segir: „Ég er svo ánægð með Femarelle, ég er hressari af þeim og ég mæli með þeim við allar vinkonur mínar." Selmu Björk líður líka betur eftir að hún fór að nota Femarelle. „Ég er mjög ánægð með áhrifin af Femarelle, ég er í betra jafnvægi og er öruggari með sjálfa mig."

IceCare
Þín heilsa

### SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR

**Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare.**




**40+ FEMARELLE REJUVENATE**

- Minnkar skapsveiflur
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur teygjanleika húðar
- Viðheldur eðlilegu hári




**50+ FEMARELLE RECHARGE**

- Slær hratt á einkenni (hitakóf og nætursviti minnka)
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur kynhvöt
- Hefur engin áhrif á vef í brjóstum eða legi




**60+ FEMARELLE UNSTOPPABLE**

- Inniheldur kalsíum og D3-vítamín sem eru nauðsynleg til að styrkja bein að innan
- Stuðlar að heilbrigðri slímhúð legganga
- Eykur liðleika



## Melissa Dream

Sítrónumelis (Lemon balm) taflan inniheldur náttúrulegu amínósýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun auk alhliða B vítamín, sem stuðlar að eðlilegri taugastarfsemi.

Auk þess inniheldur taflan mikið magn magnesíum, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur þar með úr óþægindum í fótum og handleggjum.

### Laus við fótaóeirð og sef betur

Fótaóeirðin var mjög óþægileg og hélt fyrir mér vöku en ég er ekki vön að vera andvaka.
Ég er mjög ánægð með Melissa Dream og ég mæli með því fyrir alla sem eiga erfitt með svefn.
***Sigríður Helgadóttir***

Ég mæli eindregið með Melissa Dream fyrir alla þá sem eiga erfitt með að slaka á og festa svefn.
Það er líka góð tilfinning við að notast við náttúruleg lyf ef þess gerist kostur
***Lísa Geirsdóttir***

Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.
Nánari upplýsingar á **www.icecare.is** og á Facebook Icecareþínheilsa



# RÓANDI AÐ SEMJA TEKNÓTÓNLIST

Plötusnúðurinn **Terrordisco** kemur fram á tónlistarhátíðinni Sónar sem hefst í Hörpu í næstu viku en hann átti eftirminnilega innkomu þar árið 2013. Fyrsta stuttskífa hans kom út í upphafi vetrar og fékk prýðilega dóma.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Tónlistarhátíðin Sónar hefst í næstu viku í Hörpu í Reykjavík og stendur yfir í þrjá daga. Hátíðin er fyrir löngu búin að festa sig í sessi sem einn helsti tónlistarviðburður landsins og í ár kemur fram að venju fjöldi þekktra erlendra og innlendra tónlistarmanna.

Einn þeirra sem á vafalaust eftir að trylla lýðinn er plötusnúðurinn Terrordisco sem kom fram síðast á hátíðinni árið 2013 með svo eftirminnilegum hætti að enn er talað um. Maðurinn á bak við nafnið Terrordisco er Sveinbjörn Pálsson en hann hefur starfað sem plötusnúður undir þessu nafni í fimmtán ár, þar af komið fram einn í tólf ár eftir að upprunalegur samverkamaður hans, Köddi Hristbjörns, hvarf í miðju setti og ekkert hefur heyrst frá síðan. „Undir merkjum Terrordisco hef ég gefið út slatta af „editum“ og remixum auk þess sem endurvinnslur á íslenskum lögum voru sérstakt einkennismerki mitt. Það var í raun eitthvað sem ég gerði sem plötusnúður, tók lög sem pössuðu ekki við þá tónlist sem ég spila yfirleitt, og átti við hana þar til að hún passaði.“

### RÓANDI ÁHRIF

Í upphafi vetrar kom svo frumraun hans út, stuttskífan Fyrst, sem hefur fengið prýðilega dóma. Aðdraganda hennar má rekja til mikils áfalls sem reið yfir fjölskyldu hans en í kjölfar þess eyddi Sveinbjörn miklum tíma einn. „Ég tók eftir því að það hafði róandi áhrif á mig að semja teknótónlist. Þessi hljóðheimur var svo ólíkur því sem ég hafði fengist við og lög plötunnar eru sennilega það minnst tilgerðarlega sem ég hef fengist við um ævina. Tónlistin hjálpaði mér að miklu leyti því ég hrökk upp úr þeim hjólförum sem ég var búinn að vera fastur í lengi. Ég ákvað þá hvað ég vildi vera þekktur fyrir og hvað af þessu fjölbreytta dóti sem ég hafði samið ætti að vera „sándið“ mitt“. Sveinbjörn hefur einnig komið að fjölmörgum samstarfsverkefnum gegnum árin og var m.a. meðlimur FM Belfast fyrstu 2-3 árin. Að öðru leyti hefur hann að mestu einbeitt sér að eigin tónlistarsköpun undanfarin fimm ár.

### BESTA DANSGÓLFIÐ

Sem fyrr segir þótti frammistaða hans á Sónar árið 2013 mjög eftirminnileg og segir Sveinbjörn hana án efa vera hápunkt ferilsins hingað til. „Ég varð þeirrar gæfu aðnjótandi nokkrum árum fyrr að verða óvart poppstjarna með FM Belfast, þó að ég spilaði ekki á hljóðfæri og ég hósta ef ég syng hátt. Þótt ég hafi fengið að upplifa nokkra magnaða hluti með Belfast var Sónar 2013 toppurinn. Ég átti mjög þétt sett, vel æft og útpælt, en aðalatriðið er samt að þetta kvöld fékk ég besta dansgólf sem ég hef fengið. Þar var æstasti og spenntasti múgur sem hefur mætt til mín. Þau klæddu sig öll úr að ofan undir rest, konur og karlar.“

Terrordisco kemur fram á fimmtudagskvöldinu í bílakjallara Hörpu sem breytt verður í næturklúbb undir merkjum SonarLab. „Ég býð upp á aðeins breiðari þversnið af því sem ég hef verið að fást við en er á þessari fyrstu plötu minni. Hún er öll frekar djúp, þannig að ég á eflaust eftir að blanda einhverju hressara með. En ég verð mest með eigin efni og einhverja lifandi endurvinnslu á staðnum.“

Hlusta má á stuttskífuna Fyrst og ýmis remix Terrordisco á Soundcloud og Spotify.



„Þar var æstasti og spenntasti múgur sem hefur mætt til mín. Þau klæddu sig öll úr að ofan undir rest, konur og karlar,“ segir plötusnúðurinn Terrordisco um frammistöðu sína á Sónar 2013. MYND/ART BICNICK






Morgunsögustund á Borgarbókasafninu í Sólheimum.

# NÁTTFÖT OG BÓK

Þeir sem taka daginn snemma geta litið inn á Borgarbókasafnið í Sólheimum því klukkan 10 í dag, laugardag, hefst morgunsögustund í notalegu umhverfi. Lesin verða ævintýri og sögur sem ættu að höfða til krakka á öllum aldri og á eftir verður boðið upp á heitt súkkulaði. Krakkar eru hvattir til að mæta á náttfötunum og foreldrar líka, ef þeir þora.

„Þetta hefur verið mjög vinsælt og alltaf gaman að sjá sem flesta,“ segir Sigrún Jóna Kristjánsdóttir deildarbókavörður. „Hingað koma börn allt niður í tveggja ára að hlusta á sögur og upp í níu til tíu ára. Dagsdaglega koma krakkar sem eru miklir lestrarhestar en það væri líka gaman að fá þá krakka sem lesa ekki mikið og fá tækifæri til að auka áhuga þeirra á bókum. Undanfarin ár hefur það færst í aukana að fjölskyldur komi saman hingað og dvelji dágóða stund, ekki endilega til að lesa heldur fletta bókum og blöðum, tefla og spila alls konar spil.“ Sigrún segir það hafa jákvæð áhrif á lestur barna að verðlauna góðar bækur en í vikunni hlaut Hildur Knútsdóttir Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki barna- og unglingabóka fyrir bók sína Vetrarhörkur. „Ég hef lesið bókina og líkaði hún vel. Það kemur kannski á óvart en nokkuð er um að fullorðnir lesi ævintýrabækur á borð við hana og bendi svo börnunum sínum á þær.“

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sigríður Inga Sigurðardóttir, *sis@365.is, s. 512 5372* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358*
Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357* **SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*




aron can, b. traits, ben klock, blawan b2b exos, de la soul, emmsjé gauti, fatboy slim, fm belfast, forest swords, giggs, gkr, gusgus, helena hauff, marie davidson, moderat, nadia rose, oddisee, sturla atlas, sin fang, sleigh bells, tommy genesis, samaris and many more www.sonarreykjavik.com

**Þrír dagar. Fjögur svið. Miðasala á Midi.is**

REYKJAVÍK LOVES #reykjavikloves · TUBORG LÉTTÖL · Red Bull Music Academy · LG G5

FRÉTTABLAÐIÐ



BLAÐ UM FASTEIGNAGEIRANN

Í þessu blaði verður hægt að kaupa bæði auglýsingar sem og kynningar.

Blaðinu er ætlað að fjalla um allt sem viðkemur fasteignageiranum, allt frá hönnun, til byggingar, til fjármögnunar, til sölu og viðhalds.

Kemur út 22. febrúar.

Áhugasamir auglýsendur hafið samband við Jóhann Waage sölumann Sérblaða:

johannwaage@365.is

Sími 512 5439



Harpa Ósk Björnsdóttir sem Næturdrottningin í Töfraflautu Mozarts. MYND/ERNIR

# REIÐIN KRAUMAR Í NÆTURDROTTNINGU

Nemendaópera Söngskólans í Reykjavík flytur Töfraflautuna eftir Mozart í Norðurljósasal Hörpu á sunnudaginn. **Harpa Ósk Björnsdóttir** fer með hið krefjandi hlutverk Næturdrottningarinnar en samhliða fullu söngnámi stundar Harpa nám í rafmagnsverkfræði.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



„Þetta er í fyrsta sinn sem ég tek þátt í nemendaóperunni því ég hef alltaf verið í tveimur skólum og ekki haft tíma," segir Harpa Ósk. Í þetta sinn vantaði einhvern til að syngja hlutverk Næturdrottningarinnar og hún beðin um að taka það að sér. „Ég ákvað að slá til því þó að Næturdrottningin sé risastórt hlutverk þá syngur hún aðeins tvær aríur og það er hentugt með skóla," segir Harpa og brosir.

Aríurnar tvær eru þó afar flóknar og hlutverk Næturdrottningarinnar þykir eitt mest krefjandi sópranhlutverk í óperuheiminum. „Ég gerði mér sjálf ekki grein fyrir að ég gæti þetta en söngkennarinn minn ákvað að prófa í einum söngtímanum og það kom mér á óvart að þetta væri hægt," segir hún.

Söngkonan þarf að ná afar háum tónum í aríunum en Harpa segir það þó ekki það erfiðasta. „Hæðin kom nokkuð léttilega en svo syngur Næturdrottningin langa skala sem eru tæknilega erfiðir og erfitt að anda. Svo þarf hún líka alltaf að vera svo rosalega reið," segir Harpa og hlær. Hún þurfi því að sýna miklar tilfinningar en passa samt öndunina.

## GÓÐ FYRSTA ÓPERA

Æfingar á óperunni hafa staðið síðan í haust og Harpa segir allt smollið saman núna. Hún lofar góðri skemmtun. „Þetta er ein skemmtilegasta ópera sem hefur verið samin. Hún er með einföldum boðskap, léttum og skemmtilegum söguþræði og ekki mjög löng. Þá eru í henni alls konar furðuverur," lýsir hún og bætir við að fínt sé fyrir þá sem ekki hafa farið á óperur áður að byrja á þessari. „Aldrei þessu vant þori ég að bjóða vinum mínum að koma," segir hún og segir hana einnig henta öllum aldurshópum. „Ég ætla til dæmis að bjóða litlu frændsystkinum mínum."

## VILL EKKI VELJA Á MILLI

Harpa byrjaði í söngnámi 15 ára gömul hjá Þóru Björnsdóttur í kórskóla Langholtskirkju en þar áður hafði hún verið lengi í kórstarfinu hjá Jóni Stefánssyni í kirkjunni. Þegar hún var 17 ára fór hún að læra hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur sem er kennarinn hennar í dag. Harpa lauk framhaldsprófi í söng síðasta vor og stundar nú fullt söngnám á háskólastigi. Flestum þætti það nóg en Harpa er auk þess á öðru ári í rafmagnsverkfræði við Háskóla Íslands.

Hún segir vissulega krefjandi að vera í fullu námi í hvoru tveggja. „Þetta er púsl en hefur virkað hingað til. Ég veit ekki hvort ég þurfi á endanum að velja á milli en ég vona ekki. Ég er alveg hætt að plana og sé bara hvert lífið leiðir mig."

## ER FRAMTÍÐ ÞÍN HJÁ OKKUR?



**Marel leitar að kraftmiklu og jákvæðu fólki í fjölbreytt störf í framleiðslu. Við bjóðum gott vinnuumhverfi, lifandi og skemmtilegan vinnustað og tækifæri til starfsþróunar.**

## RAFVIRKJAR

**Við erum að leita að rafvirkjum í fjölbreytt og krefjandi störf í framleiðslu Marel. Unnið er í sjálfstæðum teymum sem samanstanda af 10-18 einstaklingum á öllum aldri sem bera sameiginlega ábyrgð á að ljúka framleiðslu hverrar vöru.**

**Hæfniskröfur:**

- Sveins- eða meistarapróf í rafvirkjun
- Samviskusemi og nákvæmni í vinnubrögðum
- Góð tölvukunnátta
- Áhugi á umbótastarfi
- Færni í samskiptum og teymisvinnu

Nánari upplýsingar veitir Björn Pálsson, framleiðslustjóri, í síma 563 8000 eða á netfanginu bjorn.palsson@marel.com.

## IÐNAÐARMAÐUR

**Við erum að leita að kraftmiklum iðnaðarmanni/konu í fjölbreytt og krefandi starf í plötuliði. Liðið sér um skera, beygja og þjarksjóða íhluti til endavöruliða. Unnið er á tvískiptum vöktum sem eru frá 6:00 til 15:00 og 15:00 til 24:00 mánudaga til fimmtudaga. Á föstudögum er unnið frá 6:00 til 12:00 og 12:00 til 18:00.**

**Hæfniskröfur:**

- Færni í samskiptum og teymisvinnu
- Samviskusemi og metnaður til að skila góðri vinnu
- Næmt auga fyrir smáatriðum
- Frumkvæði og lausnamiðuð hugsun
- Iðnmenntun er æskileg, reynsla er kostur

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Guðjónsson, framleiðslustjóri, á netfanginu: sigurdur.gudjonsson@marel.com eða í síma 563-8000.

**Umsóknarfrestur er til og með 18. febrúar. Sækja þarf um rafrænt á marel.is/störf.**

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki með hátt í 4700 starfsmenn, þar af 550 á Íslandi. Fyrirtækið er brautryðjandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja og hugbúnaðar fyrir matvælaiðnað. Við leggjum ríka áherslu á nýsköpun og framþróun í öllu okkar starfi. Þess vegna viljum við ráða til okkur öflugar konur og karla sem hafa áhuga á að mæta nýjum og spennandi áskorunum á hverjum degi. Starfsumhverfið er fjölskylduvænt, vinnutíminn er sveigjanlegur, félagslífið gott, lögð er áhersla á heilsueflingu starfsfólks m.a. með góðu mötuneyti og framúrskarandi íþróttaaðstöðu.

marel


Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is

Orkuveita Húsavíkur

# Málmiðnaðarmaður - suðumaður

Orkuveita Húsavíkur óskar eftir málmiðnðarmanni- suðumanni til starfa.

Orkuveita Húsavíkur hvetur konur jafnt sem karla til þess að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur
**27. febrúar**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/4528**

Starfssvið
- Skipulagning og eftirlit við nýframkvæmdir veitunnar.
- Viðhaldsverkefni tengd veitukerfi og búnaði veitunnar.
- Þátttaka í gerð kostnaðaráætlana.
- Framkvæmd og verkstýring verkefna.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Menntun í málmiðn, vélvirki, vélstjóri eða sambærileg menntun.
- Reynsla af rafsuðu og logsuðu skilyrði.
- Sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfileikar.
- Góð tölvukunnátta og reynsla af stýringum, eftirlits- og viðhaldskerfum er kostur.
- Góðir samskiptahæfileikar og þægilegt viðmót.

Orkuveita Húsavíkur er rótgróið fyrirtæki sem starfar á sviði hitaveitu, vatns- og fráveitu. Við vinnum markvisst að uppbyggingu í þeim málum á starfssvæði fyrirtækisins og óskum því eftir að ráða til starfa vanan málmiðnaðarmann til þess að sinna framkvæmda- og viðhaldsverkefnum hjá fyrirtækinu, ásamt því að hafa umsjón með daglegum rekstri veitukerfa Orkuveitu Húsavíkur.

Hjá okkur starfar hópur glaðlegs og metnaðarfulls starfsfólks með ólíka menntun og fjölbreytta starfsreynslu og leggur metnað sinn í að taka vel á móti nýju starfsfólki.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Félagsmálastjóri

FJARÐABYGGÐ

Fjarðabyggð leitar að öflugum starfsmanni í starf félagsmálastjóra sveitarfélagsins. Félagsmálastjóri hefur yfirumsjón með félagslegri þjónustu á vegum sveitarfélagsins. Undir hana fellur barnavernd, félagsþjónusta, jafnréttis- og öldrunarmál sem og málefni fatlaðra. Næsti yfirmaður er bæjarstjóri.

Umsóknarfrestur
**26. febrúar**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/4530**

Starfssvið
- Fagleg forysta í málefnum félagsþjónustunnar, gæðamál og þróun þjónustunnar.
- Ábyrgð á stjórnun og rekstri.
- Áætlanagerð og eftirfylgni.
- Stefnumótun og samningagerð.
- Undirbúningur og eftirfylgni funda.
- Upplýsingagjöf og samskipti við notendur, ráðuneyti og hagsmunaaðila.

Frekari starfslýsing og ábyrgð er að finna á www.fjardabyggd.is

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf á sviði félagsráðgjafar, sálfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi. Meistaragráða er æskileg.
- Reynsla af stjórnun er æskileg, framhaldsmenntun í stjórnun er kostur.
- Reynsla af áætlanagerð og stefnumótun er æskileg.
- Þekking og reynsla af félagsþjónustu sveitarfélaga er kostur.
- Þekking og reynsla á starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu er kostur.
- Forystu-, skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.

Fjarðabyggð er stærsta sveitarfélagið á Austurlandi og 10.stærsta sveitarfélag landsins. Veruleg uppbygging hefur átt sér stað í Fjarðabyggð á liðnum árum, bæði í þjónustu og atvinnulífi. Í sveitarfélaginu er hátt þjónustustig, framúrskarandi skólar ásamt öflugu menningar-, afþreyingar-, og íþróttastarfi. Náttúran er stórbrotin bæði til að njóta og til útivista. Íbúar sveitarfélagsins eru um 4700 talsins í sex byggðarkjörnum. Þú ert á góðum stað í Fjarðabyggð.

Launakjör taka mið af launakerfi sviðsstjóra hjá sveitarfélaginu. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til þess að sækja um stöðuna.

Jafnlaunaúttekt PwC

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

# Sviðsstjóri veitusviðs

FJARÐABYGGÐ

Fjarðabyggð leitar að öflugum starfsmanni í starf sviðsstjóra veitusviðs. Um er að ræða nýtt og spennandi starf hjá sveitarfélaginu, en umfang og framkvæmdastjórn veitna er ört vaxandi í starfssemi sveitarfélagsins. Sviðsstjóri ber ábyrgð á stjórnun og starfsemi vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu og fráveitu Fjarðabyggðar. Næsti yfirmaður er bæjarstjóri.

Umsóknarfrestur
**26. febrúar**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/4532**

Starfssvið
- Ábyrgð á stjórnun og starfsemi veitna sveitarfélagsins.
- Ábyrgð með framkvæmdum og viðhaldi.
- Gæða-, tækni- og eftirlitsmál.
- Áætlanagerð og eftirlit með rekstri.
- Starfsmannamál.
- Undirbúningur útboða.
- Umsjón með samningagerð og leyfismálum vegna veitna.
- Eftirlit með framkvæmd samninga, laga og reglugerða.
- Eftirfylgni stefnumörkunar og ákvarðana.
- Samskipti við aðrar stofnanir sveitarfélagsins og hagsmunaaðila.

Frekari starfslýsing og ábyrgð er að finna á www. fjardabyggd.is

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði skilyrði.
- Reynsla af stjórnun og rekstri er kostur.
- Þekking og/eða reynsla af áætlanagerð og gæðamálum er kostur.
- Þekking og reynsla af veitumálum er kostur.
- Reynsla af verklegum framkvæmdum er kostur.
- Þekking og reynsla af samningagerð er kostur.
- Þekking og reynsla á starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu er kostur.
- Forystu-, skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.
- Kostur er að viðkomandi fullnægi hæfniskröfum til ábyrgðarmanna raforkuvirkja rafveitna sbr. 4. gr. reglugerðar um raforkuvirki.

Fjarðabyggð er stærsta sveitarfélagið á Austurlandi og 10.stærsta sveitarfélag landsins. Veruleg uppbygging hefur átt sér stað í Fjarðabyggð á liðnum árum, bæði í þjónustu og atvinnulífi. Í sveitarfélaginu er hátt þjónustustig, framúrskarandi skólar ásamt öflugu menningar-, afþreyingar-, og íþróttastarfi. Náttúran er stórbrotin bæði til að njóta og til útivista. Íbúar sveitarfélagsins eru um 4700 talsins í sex byggðarkjörnum. Þú ert á góðum stað í Fjarðabyggð.

Launakjör taka mið af launakerfi sviðsstjóra hjá sveitarfélaginu. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til þess að sækja um stöðuna.

Jafnlaunaúttekt PwC

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Spennandi störf

Norðurþing er að leita að öflugu starfsfólki í tvö störf. Annars vegar fjármálastjóra sveitarfélagsins og hins vegar verkefnastjóra á framkvæmdasviði.

## Fjármálastjóri

Norðurþing óskar eftir öflugum liðsmanni í starf fjármálastjóra sveitarfélagsins. Framundan eru spennandi tímar og mikið af krefjandi verkefnum hjá sveitarfélaginu.

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/4511**

Starfssvið
- Ábyrgð á fjármálastjórn sveitarfélagsins.
- Yfirumsjón með bókhaldi, gerð ársreikninga og
- fjárhagsáætlana.
- Vinna við áhættumat og fjárhagslegar greiningar. Samningagerð. Samskipti við aðila innan og utan sveitarfélagsins.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi skilyrði,
- framhaldsmenntun kostur.
- Reynsla af fjármálastjórnun og áætlanagerð skilyrði.
- Þekking og reynsla af uppgjöri og endurskoðun kostur.
- Þekking og/eða reynsla af rekstri kostur.
- Þekking og/eða reynsla af stjórnsýslu kostur.
- Reynsla af samningagerð kostur.
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfni.
- Jákvætt viðhorf og góðir samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði, drifkraftur og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í máli og riti.

## Verkefnastjóri á framkvæmdasviði

Framkvæmdasvið Norðurþings óskar eftir öflugum liðsmanni í starf verkefnastjóra.

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/4529**

Helstu verkefni
- Umsjón með eignasjóði sveitarfélagsins.
- Gerð fjárhagsáætlana með tilliti til viðhalds.
- Kostnaðargreiningar.
- Samskipti við hagsmunaaðila.
- Önnur verkefni tengd t.d. framkvæmdasviði sveitarfélagsins og Orkuveitu Húsavíkur.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Menntun á sviði iðn- eða tæknifræði eða sambærileg menntun.
- Reynsla af áætlunargerð kostur.
- Þekking á sambærilegum verkefnum kostur.
- Verkefnastjórnun kostur.
- Góð samskiptahæfni og framúrskarandi þjónustulund.
- Enska og íslenska í ræðu og riti.
- Skipulögð vinnubrögð.

Sveitarfélagið Norðurþing varð til árið 2006 við sameiningu fjögurra sveitarfélaga. Þéttbýliskjarnarnir í sveitarfélaginu eru Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Í ársbyrjun 2015 voru íbúar Norðurþings 2826 talsins.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur
**27. febrúar**

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

AGA

*ÍSAGA var stofnað árið 1919 í samstarfi við AGA, sem eignaðist meirihluta í fyrirtækinu 1991. Árið 1999 var AGA keypt af Linde frá Þýskalandi sem er eitt stærsta gasfyrirtæki heims með starfsemi í yfir 100 löndum og 50 þúsund starfsmenn.*

*ÍSAGA ehf hefur aðsetur að Breiðhöfða í Reykjavík. Þar eru súrefnis- og köfnunarefnis verksmiðja fyrirtækisins, áfyllingastöð, skrifstofa, verslun o.fl. Einnig rekur ÍSAGA koldíoxíð-verksmiðju að Hæðarenda í Grímsnesi. Þess utan er ÍSAGA ehf með 7 afgreiðslustaði víðsvegar um landið. Hjá fyrirtækinu starfa um 28 manns.*

*Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess* ***www.aga.is***

# Sölustjóri

ÍSAGA ehf. óskar eftir að ráða reyndan og öflugan sölustjóra til að sinna viðskiptavinum fyrirtækisins.

Leitað er eftir einstaklingi með mikinn drifkraft sem náð hefur góðum árangri í fyrri störfum.

### Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Utanumhald og sala til viðskiptavina, þvert á atvinnugreinar
- Greining og yfirferð ferla út frá notkun viðskiptavina á vörum frá AGA og ráðgjöf því tengt
- Þátttaka í markaðsvinnu söluteymis sem sölustjóri tilheyrir
- Tilboðs- og samningagerð

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist vel, til dæmis á sviði verk-, tækni- eða vélfræði
- Reynsla af samningagerð
- Reynsla af vinnu með teikningar og ferla er æskileg
- Hæfileiki til að vinna sjálfstætt og með öðrum
- Frumkvæði og vilji til að ná miklum árangri
- Geta og vilji til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð og að vinna eftir skilgreindum verkferlum
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg

*Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Bylgja Björk Pálsdóttir (Bylgja@intellecta.is), í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar 2017. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og þarf henni að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.*

***Intellecta Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



# Embætti dómara við Landsrétt

Landsréttur tekur til starfa 1. janúar 2018 á grundvelli laga um dómstóla nr. 50/2016. Auglýst eru til umsóknar embætti 15 dómara.

Við dómstólinn munu starfa 15 dómarar sem uppfylla skulu hæfisskilyrði samkvæmt 21. gr. laganna. Þeir skulu skipaðir í embætti frá og með 1. janúar 2018. Laun þeirra eru ákvörðuð af kjararáði.

Dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara, sem starfar á grundvelli 4. gr. a laga um dómstóla nr. 15/1998, veitir ráðherra umsögn um umsækjendur í samræmi við 2. mgr. 4. gr. a laga um dómstóla nr. 15/1998 og reglur nr. 620/2010. Ráðherra skal leggja tillögu sína um hverja skipun í embætti dómara fyrir Alþingi til samþykktar.

### Áskilið er að í umsókn komi fram upplýsingar um:

- Núverandi starf
- Menntun og framhaldsmenntun
- Reynslu af dómstörfum
- Reynslu af lögmannsstörfum
- Reynslu af stjórnsýslustörfum
- Reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv.
- Reynslu af stjórnun
- Reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl.
- Upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni
- Upplýsingar um andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem geta veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda
- Aðrar upplýsingar sem varpað geta ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skipta fyrir störf landsréttardómara

### Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á:

- Afrit af prófskírteinum
- Afrit dóma í munnlegum fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í á síðustu 12 mánuði
- Afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði
- Afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði
- Útgefin fræðirit og ljósrit af tímaritsgreinum umsækjenda.
  Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar
- Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem landsréttardómari

Til þess að hraða afgreiðslu umsókna er áskilið að umsóknir og fylgigögn berist innanríkisráðuneytinu með rafrænum hætti á netfangið starf@irr.is.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

**Umsóknir skulu berast innanríkisráðuneytinu eigi síðar en 28. febrúar 2017.**

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgata 7 • 101 Reykjavík • Sími 545 9000

BREIÐABLIK

# Framkvæmdastjóri

Íþróttafélagið Breiðablik óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa. Leitað er að öflugum leiðtoga sem býr yfir góðri samskiptafærni.

### Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Umsjón með mannvirkjum félagsins og starfsmannahald því tengdu
- Samskipti við deildir félagsins, ýmis íþróttasamtök og Kópavogsbæ
- Eftirlit með fjármálum deilda félagsins
- Vinna við stærri viðburði sem haldnir eru í mannvirkjum félagsins
- Umsjón með vörumerkinu Breiðablik
- Önnur tilfallandi verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Leiðtogahæfni
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Stjórnunarreynsla
- Góð almenn tölvukunnátta og þekking á helstu samfélagsmiðlum
- Reynsla af fjármálum og markaðsmálum

*Breiðablik var stofnað árið 1950 og byggir því á gömlum grunni. Í dag er Breiðablik eitt stærsta íþróttafélag landsins með vel yfir 2.000 iðkendur í 10 mismunandi deildum, þ.e. knattspyrna, körfubolti, sund, skíði, frjálsar, hjólreiðar, skák, lyftingar, karate og taekwondo. Breiðablik sér um rekstur Smárans, Fífunnar og stúkunnar við Kópavogsvöll.*

*Nánari upplýsingar um félagið má finna á* ***www.breidablik.is***

*Nánari upplýsingar veita Bylgja Björk Pálsdóttir (bylgja@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar 2017. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.*

***Intellecta, Síðumúli 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir



# RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

intellecta

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

TM

Hjá TM er viðskiptavinurinn og hagsmunir hans okkar megin viðfangsefni. Það er markmið okkar að viðskiptavinir upplifi í öllum sínum samskiptum við TM að ekkert tryggingafélag á Íslandi veiti betri vernd gegn áföllum. Í því felst að viðskiptavinurinn sé rétt tryggður á hverjum tíma og fái ávallt framúrskarandi þjónustu við úrlausn sinna mála hvort heldur við kaup á tryggingum, við tjón, í lánaviðskiptum eða greiðsluþjónustu.

TM hefur staðið efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvoginni í fjórtán skipti af sautján og er það íslenska fyrirtæki sem oftast allra hefur hlotið viðurkenninguna.

# Ertu með iðn- eða tæknifræðimenntun?

TM auglýsir spennandi starf innan tjónaþjónustu fyrirtækisins. Leitað er að einstaklingi sem hefur til að bera frumkvæði, kraft og útsjónarsemi ásamt framúrskarandi samskiptahæfileikum og þjónustulund.

**Starfssvið**

- Almenn afgreiðsla vegna eignatjóna
- Tjónaskráning og mat á bótaskyldu
- Tjónaskoðanir og tjónamat
- Samskipti og þjónusta við viðskiptavini og samstarfsaðila
- Gagnaöflun og útreikningur tjónakostnaðar

**Hæfniskröfur**

- Menntun á sviði iðngreina, t.d. húsasmíða, pípulagna eða tæknifræði
- Reynsla af gerð kostnaðarmata æskileg
- Góð almenn tölvukunnátta ásamt góðri íslenskukunnáttu
- Geta til að starfa sjálfstætt og vinna vel undir álagi
- Nákvæm, markviss og fagleg vinnubrögð

**Upplýsingar veitir:**
**Inga S. Arnardótttir**
inga@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 19. febrúar nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

# Sérfræðingur í sérhæfðum fjárfestingum

Landsbréf er eitt öflugasta sjóðastýringafyrirtæki landsins með 184 milljarða króna eignir í stýringu fyrir 31 sjóð og félög og eru hlutdeildarskírteinishafar í sjóðum félagsins um 13 þúsund talsins.

**Vegna aukinna umsvifa óska Landsbréf hf. eftir öflugum starfsmanni í teymi sérhæfðra fjárfestinga. Teymið stýrir fjárfestingum/framtakssjóðum sem fjárfesta á ýmsum sviðum íslensks atvinnulífs og nema eignir í stýringu deildarinnar um 46 milljörðum króna.**

**Starfssvið**

- Greining markaða og fjárfestingarkosta
- Gerð verðmatslíkana
- Samskipti og skýrslugjöf til viðskiptavina
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfnis- og menntunarkröfur**

- Háskólapróf í hag-, viðskipta- eða verkfræði
- Sjálfstæði í hugsun og vinnubrögðum
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Helgi Þór Arason, framkvæmdastjóri Landsbréfa, í síma 410 2511. Umsóknir sendist til Landsbréfa á netfangið starf@landsbref.is. Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar nk.

LANDSBRÉF



## LANDSPÍTALI ... ÞJÓNUSTA VIÐ LÍFIÐ SJÁLFT

### STJÓRNENDASTÖÐUR Á KVENNA- OG BARNASVIÐI

**Yfirlæknir fæðingarþjónustu / Yfirljósmóðir á fæðingarvakt / Hjúkrunardeildarstjóri á barnadeild og dagdeild barna**

*Landspítali auglýsir laus til umsóknar 3 stjórnendastöður á kvenna- og barnasviði. Stjórnendur eru leiðtogar og hafa þríþætta ábyrgð sem stjórnandi, þ.e.a.s. faglega ábyrgð, starfsmannaábyrgð og rekstrarábyrgð.*

*Störfin eru laus frá 1. maí 2017 eða eftir nánara samkomulagi, til 5 ára, sbr. 9.gr. laga nr. 40/2007 og stefnu Landspítala í ráðningum stjórnenda.*

### NÁMSSTÖÐUR DEILDARLÆKNA Í SAMÞÆTTU KJARNANÁMI Í BRÁÐAGREINUM LÆKNINGA

*Lausar eru til umsóknar námsstöður deildarlækna í samþættu kjarnanámi í bráðagreinum lækninga (SKBL). Námið fer fram á Landspítala en getur einnig farið fram að hluta á Sjúkrahúsinu á Akureyri.*

*Um er að ræða fullt starf og nám til allt að 3 ára sem hentar sérstaklega þeim sem hyggja á frekara sérnám í bráða-, lyf- eða svæfinga- og gjörgæslulækningum. Námið er samkvæmt marklýsingu sem byggir á sambærilegu námi í Bretlandi „Acute Care Common Stem“.*

### FLEIRI STÖRF ERU Í BOÐI

**Lífeindafræðingur / Hjúkrunarfræðingar / Sumarstörf - Aðstoðarlæknar og læknanemar / Heilbrigðisritari / Skrifstofumaður**

Kíktu á starfasíðu Landspítala www.landspitali.is/mannaudur og á Facebook www.facebook.com/storfalandspitala

LANDSPÍTALI

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heil- brigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

Sjóvá | 440 2000 | sjova.is

# Sölu- og þjónusturáðgjafi einstaklinga

**Vilt þú starfa við fjölbreytt verkefni í skemmtilegu starfsumhverfi?**
Við leitum að metnaðarfullum og kraftmiklum einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á sölu og þjónustu til einstaklinga. Í boði er krefjandi starf þar sem samstilltur hópur vinnur saman að því að veita frábæra þjónustu. Viðkomandi þarf að sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

### Helstu verkefni:

- Ráðgjöf og þjónusta vegna vátrygginga einstaklinga
- Sala til núverandi og nýrra viðskiptavina
- Greining á þörfum viðskiptavina
- Tilboðsgerð og eftirfylgni

### Hæfniskröfur:

- Haldgóð menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sölustörfum
- Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt hugarfar
- Framúrskarandi þjónustulund og metnaður til að ná árangri

Hjá Sjóvá starfar sterkur og skemmtilegur hópur starfsfólks sem kappkostar að veita viðskiptavinum afburðaþjónustu. Nýleg könnun leiddi í ljós að starfsánægja hjá Sjóvá er með því mesta sem gerist á landinu.

Nánari upplýsingar veitir Hafsteinn E. Hafsteinsson, sölu- og þjónustustjóri einstaklingsráðgjafar, **í síma 844 2255 eða hafsteinn.hafsteinsson@sjova.is.**

Umsókn skal fylla út á www.sjova.is.
Umsóknafrestur er til og með **18. febrúar** nk.

SJÓVÁ

Við leitum að hressum ferðafélögum með ríka þjónustulund í hópinn.
Í boði eru 100% störf í vaktavinnu, hlutastörf og sumarstörf.



**Ferðin byrjar hér**
*Komdu með!*

## HÓPFERÐABÍLSTJÓRI

### STARFSSVIÐ

- Akstur og þjónusta við farþega
- Umsjón og umhirða bifreiða.
- Vinna eftir umhverfis-, öryggis- og gæðastöðlum fyrirtæksins.

### MENNTUNAR- & HÆFNISKRÖFUR

- Aukin ökuréttindi D.
- Reynsla af akstri hópferðabíla er æskileg.
- Hreint sakavottorð.
- Enskukunnátta.
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar veitir Þór Bínó Friðriksson, deildarstjóri stjórnstöðvar, á netfanginu bino@re.is

Kynnisferðir bjóða upp á að fjármagna meirapróf til þeirra umsækjenda sem ráðnir verða og hafa ekki meirapróf, gegn því að starfa í a.m.k. 2 ár hjá Kynnisferðum.

## LEIÐSÖGUMAÐUR

### STARFSSVIÐ

- Leiðsögn í skipulögðum ferðum.
- Vinna eftir umhverfis-, öryggis- og gæðastöðlum fyrirtæksins.

### MENNTUNAR- & HÆFNISKRÖFUR

- Fagmenntun úr viðurkenndu leiðsögunámi.
- Mjög góð enskukunnátta.
- Önnur tungumálakunnátta er kostur.
- Fagleg þekking á staðháttum á Íslandi.
- Rík þjónustulund og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar veitir Ingigerður Einarsdóttir, starfsmannafulltrúi, á netfanginu ingigerdure@re.is

## AFGREIÐSLA & ÞJÓNUSTUVER

Unnið er samkvæmt 2-2-3 vaktakerfi á 11,5 klst löngum vöktum.

### STARFSSVIÐ

- Sala á farmiðum og bókanir í ferðir.
- Símsvörun og tölvupóstssamskipti.
- Upplýsingagjöf.
- Önnur tilfallandi verkefni.

### MENNTUNAR- & HÆFNISKRÖFUR

- Stúdentspróf eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði.
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar veitir Drífa Magnúsdóttir, þjónustustjóri, á netfanginu drifam@re.is

Tekið er á móti umsóknum rafrænt á **jobs.re.is** ásamt ferilskrá, kynningarbréfi og mynd. Nánari hæfniskröfur starfa er að finna á umsóknarsíðu. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um.

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL & MEÐ 22. FEBRÚAR 2017.**

Reykjavik Excursions-Kynnisferðir er ört vaxandi ferðaþjónustufyrirtæki með um 450 starfsmenn. Við erum leiðandi í skipulagningu og rekstri dagsferða með erlenda og innlenda ferðamenn um Ísland. Hjá okkur starfar metnaðarfullt starfsfólk sem leggur sig fram við að veita framúrskarandi þjónustu.

VERT

Kynnisferðir – Reykjavik Excursions
Umferðarmiðstöðin BSÍ • 101 Reykjavík
580 5400 • www.re.is

Reykjavik Excursions
KYNNISFERÐIR

EFLA

# EFLA leitar að liðsauka

**Starfsmaður í mötuneyti**

EFLA leggur mikinn metnað í mötuneyti starfsmanna sinna og leitar nú að áhugasömum starfsmanni í hlutastarf í mötuneyti fyrirtækisins að Höfðabakka 9, 110 Reykjavík. Sá einstaklingur sem við leitum að þarf að hafa mikla og óbilandi þjónustulund. Hann þarf að vera skipulagður í verkum sínum, sýna af sér sjálfstæði og frumkvæði í starfi, vera stundvís og reglusamur. Ástríða í matargerð er afar góður kostur í þessu starfi.

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal berast gegnum heimasíðu EFLU, www.efla.is/umsokn-um-starf, fyrir 20. febrúar næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað og farið verður með þær sem trúnaðarmál.

**Umsóknarfrestur**
20. febrúar 2017

**Nánari upplýsingar**
412 6000 eða job@efla.is

**Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál**

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem starfar á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 300 samhentra starfsmanna.

ÍSLAND • NOREGUR • SVÍÞJÓÐ • FRAKKLAND • PÓLLAND • TYRKLAND • DUBAI

VINNUEFTIRLITIÐ
Bíldshöfði 16, 110 Reykjavík, sími 550 4600, fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is www.vinnueftirlit.is

## Sérfræðingur í Efna og hollustuháttadeild Vinnueftirlitsins

**Sérfræðingur**
Vinnueftirlitið auglýsir eftir sérfræðingi í Efna og hollustuháttadeild.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Verkefnastjórnun og þátttaka í verkefnum sem tengjast fagsviðum deildarinnar
Stjórnsýsla og skipulagning eftirlits með vinnustöðum sem falla undir reglugerð um varnir gegn stórslysum
Mælingar á eðlisfræðilegum áhættuþáttum í vinnuumhverfinu
Þátttaka í fræðslu á sviði vinnuverndar með áherslu á eðlis og efnafræðilega tengda þætti vinnuverndar
Stuðningur við eftirlit með áherslu á eðlis og efnafræðilega tengda þætti vinnuverndar

**Hæfnikröfur**
Háskólamenntun í efnafræði, efnaverkfræði, eðlisfræði, byggingarfræði eða rafmagns tækni/verkfræði
Þekking og reynsla af vinnumarkaði
Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli
Sveigjanleiki í starfi m.t.t verkefna
Færni í framsetningu upplýsingaefnis
Hæfni í mannlegum samskiptum
Færni til að geta unnið sjálfstætt á skipulagðan hátt

**Frekari upplýsingar um starfið**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.
Starfsstöð er í Reykjavík.
Vinsamlegast sækið um á vef Starfatorgs
Starfshlutfall er 100%
**Umsóknarfrestur er til og með 27.2.2017**

**Nánari upplýsingar veitir**
Jóhannes Helgason - jh@ver.is - 5504600

***VER Efna og hollustuháttadeild • Bíldshöfða 16 • 110 Reykjavík***

Landsvirkjun

# Við leitum að kraftmiklum **framkvæmdastjóra** til starfa á alþjóðavettvangi

Landsvirkjun leitar að framúrskarandi stjórnanda til að leiða markaðsstarf á alþjóðavettvangi og annast samskipti og samninga við stórfyrirtæki í hátækni og orkufrekum iðnaði. Markaðs- og viðskiptaþróunarsvið ber ábyrgð á greiningum á erlendum mörkuðum og tækifærum, öflun nýrra viðskipta og samskiptum við þá sem fyrir eru.

Starfið krefst háskólamenntunar, leiðtogahæfileika, samskiptahæfni, reynslu af skyldum störfum og mjög góðrar enskukunnáttu.

Framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunar á sæti í framkvæmdastjórn og heyrir beint undir forstjóra Landsvirkjunar.

Sótt er um störfin á vef Hagvangs. Nánari upplýsingar veita Katrín S. Óladóttir (katrin@hagvangur.is) og Sturla Jóhann Hreinsson (sturla.johann.hreinsson@landsvirkjun.is). Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar.

Jafnlaunaúttekt PwC 2015

Landsvirkjun ber gullmerkið í Jafnlauna-úttekt PwC, sem staðfestir að fyrirtækið greiðir körlum og konum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Sinfóníuhljómsveit Íslands auglýsir lausar til umsóknar eftirfarandi stöður frá og með næsta starfsári.

## STAÐA 2. KONSERTMEISTARA

**Hæfnispróf fer fram 4. maí 2017 í Hörpu.**

**EINLEIKSVERK**

1. **Mozart fiðlukonsert (1. kafli með kadensu) nr. 3 í G-dúr, nr. 4 í D-dúr eða nr. 5 í A-dúr.**
2. **Fyrstu tveir kaflar úr einni af sónötum J.S. Bachs fyrir einleiksfiðlu.**
3. **Rómantískur fiðlukonsert að eigin vali (1. kafli með kadensu).**

## STAÐA 2. FAGOTTLEIKARA

**Hæfnispróf fer fram 5. maí 2017 í Hörpu.**

**EINLEIKSVERK**

1. **Mozart fagottkonsert (1. þáttur með kadensu) í B dúr, K.191, 1. og 2. þáttur.**
2. **Saint-Saëns fagott sónata op. 168, 1. og 2. þáttur.**

Umsóknir, ásamt ferilskrá og fylgiskjölum, skulu berast til Unu Eyþórsdóttur (starf@sinfonia.is).

Hljómsveitarpartar verða aðgengilegir þátttakendum að minnsta kosti tveimur vikum fyrir hæfnispróf.

Nánari upplýsingar er að finna á www.sinfonia.is og hjá mannauðsstjóra, (starf@sinfonia.is) í síma 898-5017.

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL OG MEÐ 4. MARS 2017.**

**SINFONIA.IS**

www.artasan.is

ARTASAN

# ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

Artasan leitar að sterkum sölu- og markaðsstjóra fyrir nýja heilsuvörudeild. Um er að ræða nýtt starf með mikla möguleika. Auk ábyrgðar á daglegum rekstri ber viðkomandi ábyrgð á sölu- og markaðsstarfi allra vörumerkja deildarinnar. Hann er einnig ábyrgur fyrir því að öll starfsemi og markaðsstarf sé í samræmi við lög og reglugerðir.

### HELSTU VERKEFNI

- Ábyrgð á daglegum rekstri deildarinnar
- Gerð sölu- og rekstraráætlana
- Mótun markaðsstefnu og gerð markaðsáætlana
- Greining og úrvinnsla á sölugögnum
- Stjórnun samskipta við erlenda birgja og viðskiptavini
- Gerð markaðsefnis

Nánari upplýsingar um starfið veita:

- BRYNJÚLFUR GUÐMUNDSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI SÍMI 824 9220
- VILBORG GUNNARSDÓTTIR, MANNAUÐSSTJÓRI SÍMI 824 7136

### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun á sviði markaðsmála, viðskipta og/eða næringarfræði
- Reynsla af sölu- og markaðsstarfi á heilsuvörumarkaði
- Skipulagshæfni og nákvæmni
- Góðir greiningar- og samskiptahæfileikar
- Reynsla af áætlunargerð
- Mikil þekking á Excel
- Mjög góð ritfærni á íslensku
- Góð kunnátta í ensku og dönsku er kostur
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

- Umsóknarfrestur er til og með 19. febrúar 2017.
- Sótt er um starfið á ráðningarvef sem er á heimasíðu Artasan (www.artasan.is) og eru umsækjendur beðnir um að láta ferilskrá fylgja með auk umsóknarbréfs þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir því hvers vegna viðkomandi sækir um starfið.
- Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum verður svarað.

Artasan sérhæfir sig í sölu og markaðssetningu á heilsuvörum, lausasölulyfjum og samheitalyfjum og býður almenningi vandaðar vörur til bættrar heilsu og vellíðunar frá framleiðendum sem uppfylla ströngustu gæðakröfur. Gildi Artasan eru áreiðanleiki, hreinskiptni og framsækni.

VERITAS vistor MEDOR DISTICA

SÓLVANGUR

## Hjúkrunarfræðingar, hjúkrunar- og læknanemar

**Óskum eftir hjúkrunarfræðingum, hjúkrunar- og læknanemum til sumarafleysinga á hjúkrunarheimilið Sólvang. Starfshlutfall er samkomulagsatriði.**



**Hæfnikröfur**

- Sjálfstæði í vinnubrögðum og faglegur metnaður
- Jákvætt viðmót og góðir samskiptahæfileikar
- Íslenskt hjúkrunarleyfi, nemar skila inn námsframvindu

Umsóknafrestur er til og með **24.febrúar** og má nálgast umsóknareyðublað á heimasíðu. Nánari upplýsingar veitir Unnur G Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma *855 7790* eða á netfanginu *unnur@solvangur.is*

# MÁ BJÓÐA ÞÉR TÆKIFÆRI Á STJÓRNUNARSTÖÐU ÁRIÐ 2019?

## HVERNIG VÆRI AÐ SKRÁ SIG Í MBA-NÁM OG FJÖLGA TÆKIFÆRUNUM?

Þegar við stöndum á tímamótum er gott að velta fyrir sér hvaða þekkingu við höfum aflað og hvort við teljum að sú þekking sé nóg. Með aukinni menntun öðlumst við nýja færni og nýtt sjónarhorn.

*MBA-nám við Háskóla Íslands er hagnýtt meistaranám þar sem nemendur virkja kraftinn til að takast á við áskoranir, hljóta þjálfun á sviði viðskipta og rekstrar auk þess að efla persónulega færni sína. MBA-námið veitir nýjar forsendur til starfsframa og er í sterkum tengslum við íslenskt viðskiptalíf.*

**Staldraðu við og hugsaðu málið. Taktu frumkvæði að eigin frama og sæktu um!**
**Umsóknarfrestur í MBA-námið er til 20. maí.**

ASSOCIATION OF MBAS

HÁSKÓLI ÍSLANDS | MBA
www.mba.is

ráðum ráðningarstofa

# Ertu að leita að starfi?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is




# Orkugefandi sumarstörf í boði

**Við leitum að öflugum háskólanemum og rafiðnnemum til starfa.**
Við bjóðum upp á fjölbreytt sumarstörf og leggjum áherslu á að nemar fái að spreyta sig á raunhæfum verkefnum sem tengjast starfsemi fyrirtækisins. Starfstímabil er 3 mánuðir.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Umsækjandi stundi nám á háskólastigi eða í rafiðn
- Nám í verk- eða tæknifræði er kostur
- Störfin krefjast nákvæmni og sjálfstæðra vinnubragða
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

**Um Landsnet**
Landsnet ber ábyrgð á flutningskerfi raforku sem er einn af mikilvægustu innviðum samfélagsins.
Verkefni fyrirtækisins er að tryggja heimilum og fyrirtækjum aðgang að rafmagni í takt við þarfir þeirra og í sátt við umhverfið og samfélagið. Landsnet er góður vinnustaður þar sem fjölbreytt og krefjandi verkefni eru leyst af samhentum hópi starfsfólks.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar nk.** Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Landsnets, www.landsnet.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf. Allar nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Landsnets. Öllum umsóknum verður svarað.

Landsnet | Gylfaflöt 9 | 112 Reykjavík | Sími 563 9300 | landsnet@landsnet.is | www.landsnet.is




# LIÐSAUKI ÓSKAST

**Vegna aukinna umsvifa viljum við bæta góðu fólki í hópinn!**

## BREYTINGAVERKSTÆÐI

Við leitum að starfsmanni á breytingaverkstæðið okkar. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri þekkingu og brennandi áhuga á jeppum og jeppabreytingum. Reynsla af breytingavinnu er æskileg og iðnmenntun er kostur.

## MATRÁÐUR

Hefur þú brennandi áhuga á góðum og hollum mat? Við leitum að metnaðarfullum og jákvæðum matráð til að elda hádegisverð fyrir um 35 starfsmenn.
Um hlutastarf er að ræða. Þarf að búa yfir reynslu sem nýtist í starfi, frumkvæði og þjónustulund.

Arctic Trucks er þjónustufyrirtæki sem vinnur að lausnum fyrir fólk sem hefur áhuga á jeppum og ferðalögum.
Umsóknir sendist á netfangið talent@talentradning.is, sími 552 1600
**Umsóknarfrestur er til 26. febrúar**

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talentradning.is

Klettháls 3 | 110 Reykjavík | 540 4900 | www.arctictrucks.is

samskip



# > Viltu vera með í kröftugu liði?

## Samskip óska eftir að ráða viðskiptastjóra í útflutningsdeild

**Starfssvið**
- Sala og kynning á þjónustu útflutningsdeildar
- Þjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina
- Tilboðs- og samningagerð
- Samskipti við erlenda samstarfsaðila
- Þátttaka í markaðs- og söluáætlunum

**Menntunar- og hæfnikröfur**
- Menntun á háskólastigi sem nýtist í starfi
- Þekking á sölustarfi
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Gott vald á ensku og íslensku í ræðu og riti

**Eiginleikar**
- Afburða samskiptahæfni og jákvætt viðmót
- Kappsemi og metnaður til að ná árangri
- Frumkvæði, áreiðanleiki og sjálfstæði

Umsækjendur eru beðnir um að skila inn ítarlegri ferilskrá ásamt greinargóðu kynningarbréfi sem tilgreinir á skilmerkilegan hátt hvernig umsækjandi uppfyllir kröfur um menntun, reynslu og eiginleika.

Sótt er um starfið á vef Samskipa, samskip.is. Umsóknarfrestur er til og með **19. febrúar nk.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Gunnar Kvaran forstöðumaður útflutningsdeildar, **gunnar.kvaran@samskip.com**

Samskip eru alþjóðlegt flutningafyrirtæki sem býður flutningalausnir og tengda þjónustu á landi, sjó og í lofti með hagkvæmni að leiðarljósi. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvissa fræðslu og þjálfun starfsfólks. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru okkur mikilvæg og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu.

ENNEMM / SÍA / NM80008

HSN Heilbrigðisstofnun Norðurlands

## SUMARAFLEYSINGAR 2017

Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN) óskar eftir starfsfólki í sumarafleysingar á starfsstöðvum stofnunarinnar á Blönduósi, Sauðárkróki, Fjallabyggð, Dalvík, Akureyri, Húsavík og Norðurþingi.

Um er að ræða hjúkrunarfræðinga/nema, ljósmæður, geislafræðinga, lífeindafræðinga, sjúkraliða/nema, aðstoðarfólk í umönnun, móttökuritara, læknaritara og önnur störf s.s. í eldhúsi, ræstingu og þvottahúsi. Störfin eru á heilsugæslu-, hjúkrunar- og sjúkrasviðum HSN. Nánari upplýsingar um störfin er að finna á vef stofnunarinnar www.hsn.is.

**Lögð er áhersla á faglegan metnað, skipulögð vinnubrögð, jákvæðni og sveigjanleika. Lipurð og áreiðanleiki í samskiptum eru skilyrði. Íslenskukunnátta áskilin. Ekki er unnt að ráða fólk yngra en 18 ára.**

**Laun eru greidd skv. kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og stofnanasamningum HSN.**

**Umsóknarfrestur er til 28. febrúar 2017.**

Umsóknum skal skilað rafrænt til HSN með því að fylla út umsóknarform á vefsíðu stofnunarinnar; www.hsn.is, undir flipanum Laus störf hjá HSN eða á www.starfatorg.is Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.
Öllum umsóknum verður svarað. Áskilinn er réttur til að hafna umsóknum ef einstaklingar uppfylla ekki framangreind skilyrði. Tóbaksnotkun er ekki heimil á vinnutíma innan HSN.

**Nánari upplýsingar veita:**
**Lára Betty Harðardóttir**, yfirhjúkrunarfræðingur Dalvík, lara.betty.hardardottir@hsn.is og s. 466 1500
**Anna Gilsdóttir**, yfirhjúkrunarfræðingur Fjallabyggð, anna.gilsdottir@hsn.is og s. 460 2172
**Sigríður Jónsdóttir**, yfirhj.fr. Húsavík, Norðurþingi og Reykjahlíð, sigridur.jonsdottir@hsn.is og s. 464 0500
**Ásdís H. Arinbjarnardóttir**, yfirhj.fr. Blönduósi og Skagaströnd, asdis.arinbjarnardottir@hsn.is og s. 455 4100
**Herdís Klausen**, yfirhj.fr. Sauðárkróki, herdis.klausen@hsn.is og s. 455 4011
**Þórdís Rósa Sigurðardóttir**, yfirhj.fr. Akureyri og Grenivík, thordis.rosa.sigurdardottir@hsn.is og s. 460 4652
**Guðný Friðriksdóttir**, framkvæmdastjóri hjúkrunar, gudny.fridriksdottir@hsn.is og s. 464 0500
**Þórhallur Harðarson**, mannauðsstjóri, thorhallur.hardarson@hsn.is og s. 460 4672

**HSN starfar á þremur fagsviðum; heilsugæslu-, hjúkrunar- og sjúkrasviði. Stofnunin þjónar rúmlega 35.000 íbúum frá Blönduósi í vestri til Þórshafnar í austri. Starfseiningar HSN eru 18 talsins.**

**HSN vill byggja þjónustu sína á mannvirðingu, þekkingu og þverfaglegri samvinnu**

MAST Matvælastofnun

# Laus störf hjá Matvælastofnun

## Mannauðsstjóri

Matvælastofnun auglýsir laust til umsóknar starf mannauðsstjóra á rekstrarsviði stofnunarinnar á Selfossi. Leitað er að öflugum einstaklingi til að sjá um og leiða mannauðsmál innan stofnunarinnar.

### Helstu verkefni og ábyrgð

Almenn umsjón og ábyrgð á starfsmannamálum stofnunarinnar, s.s. ráðningar, launavinnsla og kjaramál, utanumhald starfsmannaupplýsinga, nýliðakynning, fræðsla og símenntun, upplýsingamiðlun og stuðningur við stjórnendur og starfsmenn, starfsmannakannanir, stefnumótun í mannauðsmálum, þróun og eftirfylgni starfsþróunaráætlunar og hæfnisþróunar o.fl.

Umsókn sendist í tölvupósti á netfangið starf@mast.is. Umsóknarfrestur er til og með **27. febrúar**.

### Hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking af mannauðsmálum
- Góð tungumálakunnátta (íslenska/enska) og tölvukunnátta
- Þekking og reynsla af launavinnslu (t.d. Oracle) og tímaskráningarkerfum (t.d. Vinnustund) er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulag, nákvæmni, frumkvæði, fagleg vinnubrögð og sjálfstæði í starfi

## Eftirlitsdýralæknar

Tvær stöður eftirlitsdýralækna við umdæmis-skrifstofu Matvælastofnunar á Akureyri eru lausar til umsóknar. Aðsetur annars staðar innan umdæmisins er samkomulagsatriði.

### Helstu verkefni og ábyrgð

Helstu verkefni felast í heilbrigðiseftirliti í sláturhúsum, eftirlitsstörfum á sviði matvæla, dýraheilbrigðis og dýravelferðar, samskiptum við opinberar stofnanir, ásamt umsjón með tilteknum málaflokkum á verksviði umdæmisstofunnar.

Umsókn sendist í tölvupósti á netfangið starf@mast.is. Umsóknarfrestur er til og með **20. febrúar**.

***Matvælastofnun sinnir stjórnsýslu, eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla. Hjá stofnuninni starfa 90 starfsmenn.***

## Eftirlit með fiskeldi og sjávarafurðum á Vestfjörðum

Matvælastofnun leitar að jákvæðum og metnaðarfullum einstaklingi með háskólagráðu í matvælafræði, líffræði, fiskeldisfræði eða sjávarútvegsfræði í starf sérfræðings í opinbert eftirlit með fiskeldi og sjávarafurðum á Vestfjörðum. Um fullt starf er að ræða og krefst starfið ferðalaga um Vestfirði sem og til annarra landssvæða.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Eftirlit með búnaði, rekstri og umhverfi í fiskeldi
- Eftirlit með fiskiskipum, aflameðferð og fiskvinnslum
- Önnur tengd sérfræðistörf

Umsókn sendist á netfangið starf@mast.is. Umsóknarfrestur er til og með **27. febrúar**.

*Nánar á www.mast.is*

Málningarvörur ehf. óska að ráða í tvö störf

## ÞJÓNUSTA OG SALA TIL RÉTTINGA- OG SPRAUTUVERKSTÆÐA

Viðkomandi mun vinna jafnt innan sem utan veggja fyrirtækisins við sölu- og þjónustu á vörum til viðskiptavina víðsvegar um landið, en fyrst og fremst á höfuðborgar-svæðinu. Verkefnin eru margvísleg og getum við boðið nýjum starfsmanni upp á spennandi starf hjá markaðsleiðandi fyrirtæki. Í boði er gott starfsumhverfi og ýmis námskeið erlendis fyrir réttan mann. Æskilegt er að umsækjendur hafi einhverja menntun eða reynslu í störfum tengdum réttinga- og sprautuverkstæðum, eða brennandi áhuga á bíltengdum störfum.

## STARF Í VERSLUN OG Á LAGER

Viðkomandi mun fyrst og fremst vinna innan veggja fyrir-tækisins við lagerstörf og afgreiðslu en einnig við tilfallandi verkefni eins og t.d. útkeyrslu á vörum og heimsóknir til viðskiptavina. Verkefnin geta sem sagt verið margvísleg og undir duglegum starfsmanni komið, sem getur sýnt frum-kvæði og vaxið í starfi til frekari ábyrgðar innan fyrirtækisins. Við getum við boðið nýjum starfsmanni upp á spennandi starf hjá markaðsleiðandi fyrirtæki.

**Umsóknir sendist til:** Málningarvörur ehf, Lágmúla 9, 108 Reykjavík eða á karlj@malningarvorur.is.
Öllum umsóknum verður svarað og fyllsta trúnaði heitið.
Umsóknarfrestur rennur út 6. mars.

Málningarvörur ehf er eitt öflugasta fyrirtæki landsins í þjónustu við réttinga- og sprautuverkstæði. Einnig er fyrirrtækið leiðandi í bílahreinsivörum með heimsþekkt vörumerki, Meguiar's og Concept.

Lágmúla 9, 108 Reykjavík • Sími 581 4200 • malningarvorur@malningarvorur.is • www.malningarvorur.is

MÁLNINGARVÖRUR

# Vínbúðin Siglufirði óskar eftir starfsmanni

Við leitum að jákvæðum og þjónustuliprum einstaklingi sem er tilbúinn að veita framúrskarandi og ábyrga þjónustu.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Umhirða búðar

**Hæfnikröfur**
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur
- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta

Starfshlutfall er 87% og viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri og sakavottorðs er krafist.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ. Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar nk.**
Umsóknir óskast fylltar út á **vinbudin.is**

**Nánari upplýsingar veitir**
Sólrún Júlíusdóttir, siglufjordur@vinbudin.is, 467 1261

ÁTVR rekur 50 Vínbúðir um allt land. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

VÍNBÚÐIN

## BIRTINGARÁÐGJAFAR Á BETRI STOFU

Hefur þú góða þekkingu á markaðsfræðum?
Hefur þú menntun og reynslu af vinnu við nýmiðla og aðra miðla?
Við leitum að öflugu fólki til að vinna við framúrskarandi birtingaráðgjöf; að skemmtilegum starfsfélögum með góðan skilning á tölfræði, markahópagreiningu og þekkingu á helstu forritum þar að lútandi. Hafðu samband sem fyrst því við göngum hratt frá málum. Þarf að geta hafið störf mjög fljótlega.

Umsóknarfrestur til 18. febrúar.
**Netfangið er: atvinna@bestun.is**

bankastræti 9 · 101 reykjavík · 562 2700 · www.bestun.is

bestun birtingahús



**Flugvirkjun haust 2017**

**Hagnýtt og krefjandi nám sem gefur góða atvinnumöguleika. Kennt í samstarfi við LRTT. Umsóknarfrestur til 15.apríl - upplýsingar á Flugskoli.is**

www.flugskoli.is

Rio Tinto



# Iðnaðarmenn í Straumsvík

## Rio Tinto óskar eftir að ráða 4 iðnaðarmenn á vaktir á vinnuvélaverkstæðið.

Unnið er á tvískiptum vöktum 5 daga vikunnar (8:00 – 16:00 og 16:00 – 24:00). Helstu verkefni eru viðhald á vinnuvélum og tilfallandi viðgerðir. Vinnuvélarnar eru margar hverjar sérsmíðaðar fyrir áliðnað og því spennandi fyrir þá sem vilja takast á við krefjandi og fjölbreytt verkefni.

Viðkomandi aðilar þurfa að geta unnið sjálfstætt að viðgerðum og bilanagreiningum. Við bjóðum upp á góðan, fjölskylduvænan vinnustað ásamt góðum launum fyrir rétta aðila.

**Hæfniskröfur:**
- » **Sveinspróf í vél- eða bifvélavirkjun**
- » **Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til að vinna í hópi**
- » **Góðir samskiptahæfileikar**
- » **Almenn tölvuþekking**

Umsóknum skal skila á www.riotinto.is.
Nánari upplýsingar veitir Jóhann Samsonarsson í síma: 840 0560.

**Umsóknarfrestur er til og með 21. febrúar.**

Rio Tinto á Íslandi er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegna lykilhlutverki. Við setjum umhverfis-, öryggis-, og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af.
Okkar gildi eru: ábyrgð, heilindi, virðing og samvinna.

Rio Tinto
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður
Sími 560 7000
**www.riotinto.is**

## SUMAR 2017

# VILTU VINNA HJÁ METNAÐARFULLU OG SKEMMTILEGU FYRIRTÆKI?

1912 og dótturfyrirtækin Nathan & Olsen og Ekran leita að duglegu og skemmtilegu skólafólki til að starfa við **sumarafleysingar.**

### OKKUR VANTAR Í EFTIRTALIN STÖRF:

- **Lagerstarfsfólk** (dagvakt eða kvöldvakt, fyrir þetta starf þarf að vera með gilt ökuskírteini)
- **Sendibílstjóri** (fyrir þetta starf þarf að vera með gilt ökuskírteini)
- **Sölufulltrúar** (fyrir þetta starf þarf að vera með gilt ökuskírteini)
- **Pökkun og framleiðsla** (dagvakt virka daga)
- **Bókari** (tilvalið fyrir háskólanema í viðskiptafræði)
- **Aðstoð á skrifstofu – 50%** (tilvalið fyrir framhaldsskólanema)
- **Þjónustuver – Akureyri** (tilvalið fyrir háskólanema búsetta á Akureyri)

**Sæktu um á vefsíðu okkar www.1912.is.**
**Á síðunni má sjá nánari upplýsingar um störfin.**

Umsjón með ráðningu hefur Hildur Erla Björgvinsdóttir mannauðsstjóri.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvarðanir um ráðningar hafa verið teknar.

**Umsóknarfrestur er til 1. mars nk.**

1912 Nathan & Olsen hf Ekran

1912
Klettagarðar 19 | 104 Reykjavík | +354 530 8400 | www.1912.is



1912 er móðurfyrirtæki Nathan & Olsen og Ekrunnar sem eru leiðandi fyrirtæki á íslenskum matvæla- og dagvörumarkaði. Fyrirtækin leggja áherslu á jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Megin markmið fyrirtækjanna í mannauðsmálum er að hafa ánægt og árangursdrifið starfsfólk með skýra ábyrgð og góða fagþekkingu.

Til að vísa okkur veginn höfum við jafnframt eftirtalin gildi að leiðarljósi:
Frumkvæði – Liðsheild – Áreiðanleiki – Ástríða.

Heinz Libero Ella's kitchen
Til hamingju Knorr Neutral
Old El Paso Dove Cheerios

bsi. ISO 9001 Quality Management | ÍST 85:2012 Equal pay management system



TIL HAMINGJU

# TIL HAMINGJU
## MEÐ NÝJA STARFIÐ!

Nathan & Olsen leitar að öflugum vörumerkjastjóra fyrir vörumerkið TIL HAMINGJU. Vörumerkjastjóri þarf að hafa áhuga á heilsutengdum vörum og starfa eftir gildunum: ástríða, áreiðanleiki, liðsheild og frumkvæði.

**MENNTUNAR- & HÆFNISKRÖFUR**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Reynsla af vöruþróun og markaðssetningu vara
- Áhugi á heilsutengdum vörum
- Góð Excel- og enskukunnátta
- Frumkvæði, áreiðanleiki og drifkraftur
- Þjónustulund, samstarfshæfni og jákvætt viðhorf

**HELSTU VERKEFNI**

- Stefnumótun og uppbygging vörumerkja
- Verkefnastjórnun
- Umsjón með vöruþróun
- Markaðssetning vara
- Áætlanagerð og utanumhald
- Samskipti við erlenda birgja

Um er að ræða fullt starf. Gert er ráð fyrir að vörumerkjastjóri hefji fljótlega störf. Umsóknarfrestur er til 20. febrúar nk.
**Frekari upplýsingar um starfið veitir Jóhann Friðleifsson markaðsstjóri, johann.fridleifsson@nathan.is.**

***Áhugasamir geta farið á www.1912.is og sótt um starfið.***
Greina skal frá menntun, fyrri störfum og tekin fram sú reynsla sem umsækjandi telur að muni gagnast sér í starfi. Umsjón með ráðningu hefur Hildur Erla Björgvinsdóttir mannauðsstjóri. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Nathan & Olsen hf

Nathan & Olsen er traust sölu- og markaðsfyrirtæki með dagvöru. Fyrirtækið er hluti af 1912 samstæðunni þar sem starfa um 100 manns. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru að Klettagörðum í Reykjavík. Að auki er starfsstöð á Akureyri.

bsi. ISO 9001 Quality Management | ÍST 85:2012 Equal pay management system

netto

# VERSLUNARSTJÓRI NETTÓ HÖFN HORNAFIRÐI

Við leitum að jákvæðum, ábyrgðarfullum og kraftmiklum verslunarstjóra sem hefur gaman af mannlegum samskiptum.



Höfn í Hornafirði,
Kraftmikið og skemmtilegt mannlíf.
Falleg og fjölbreytt náttúra.



## STARFSSVIÐ:

- Ábyrgð á rekstri verslunar.
- Samskipti við viðskiptavini og birgja.
- Umsjón með ráðningum starfsmanna og almennri starfsmannastjórnun.
- Ábyrgð á birgðahaldi í verslun.
- Önnur tilfallandi störf.

## HÆFNISKRÖFUR:

- Marktæk reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi hjá verslunar og/eða þjónustufyrirtækjum.
- Styrkleiki í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni, reglusemi og árverkni í hvívetna.

Allar nánari upplýsingar veitir:
Falur Harðarson, starfsmannastjóri
í síma 421 5400.
Umsóknir ásamt ferilskrá sendist
á umsokn@netto.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 19. febrúar nk.**

---

MARTA JONSSON

## Marta Jónsson auglýsir eftir starfsfólki í eftirfarandi stöður

### Verslunarstjóri í 100% stöðu

vinnutími er 10-18 virka daga og 2 laugardagar í mánuði

### Afgreiðslustarf í 50% stöðu

Vinnutími er 14-18 virka daga og önnur hver helgi
( laugardagur 11-17 og sunnudagur 13-17)

### Helgarstarfsmaður

Vinnutími er önnur hver helgi laugardagur 11-17
og sunnudagur 13-17

**Hæfniskröfur:**
Reynsla af sölustörfum æskileg. Vera þjónustulundaður, ábyrgðarfullur, stundvís og frábær í mannlegum samskiptum.

Við hvetjum karlmenn jafns sem kvenmenn til að sækja um.
Umsóknir ásamt ferilskrá með mynd sendist á :
martajonsson.rk@gmail.com merk **ATVINNA**

---

HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS

# Tvær sérnámsstöður í heimilislækningum

## við heilsugæslurnar á Selfossi og í Hveragerði

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Almennar heilsugæslulækningar og heilsuvernd.
- Fræðsla til skjólstæðinga og aðstandenda.
- Vaktþjónusta.
- Þátttaka í verkefnum innan starfsstöðvar.

**Hæfniskröfur**

- Íslenskt lækningaleyfi er skilyrði.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Hæfni í tjáningu, í ræðu og riti.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Áreiðanleiki, jákvæðni og árangursmiðað viðhorf.

**Frekari upplýsingar um störfin**
Um er að ræða tvær 100% stöður eða samkvæmt samkomulagi. Næsti yfirmaður er yfirlæknir heilsugæslu við starfsstöðina sem eru á Selfossi og í Hveragerði. Í Hveragerði er einnig samvinna við heilsugæsluna í Ölfusi.
Námið er byggt á marklýsingu fyrir sérnám í heimilislækningum en einnig er gert er ráð fyrir samstarfi við kennslustjóra sérnáms í heimilislækningum varðandi fræðilegt nám sem fer fram í reglulegu hópstarfi í Reykjavík.
Til greina kemur að taka hluta af náminu erlendis í samráði við kennslustjóra. Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármálaráðherra og Læknafélag Íslands hafa gert.

Stöðurnar veitast frá 1. apríl 2017 eða samkvæmt nánara samkomulagi og eru til þriggja ára.

Umsóknum skal skilað rafrænt á vef HSU- www.hsu.is undir flipanum lausar stöður.
Umsóknunum þurfa að fylgja staðfestar upplýsingar um menntun og fyrri störf, ásamt afriti af starfsleyfi.

**Umsóknarfrestur er til og með 27.02.2017**

**Nánari upplýsingar veita**
**Arnar Þór Guðmundsson,** yfirlæknir Selfossi, *arnar.thor.gudmundsson@hsu.is,* **s: 432-2000**
**Ómar Ragnarsson,** yfirlæknir Hveragerði, *omar.ragnarsson@hsu.is,* **s: 432-2401**
**S. Hjörtur Kristjánsson,** framkvæmdastjóri lækninga HSU, *hjortur.kristjansson@hsu.is,* **s: 432-2500**

---

[fɛrðakɔmpaníið]
THE ICELANDIC TRAVEL COMPANY*

## Ferðaskrifstofan Ferðakompaníið ehf. auglýsir:

Við leitum að manneskju í fullt starf í bókunar- og úrvinnsludeild. Um er að ræða framtíðarstarf sem losnar fljótlega og því þyrfti viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst. Í starfinu felst móttaka pantana og utanumhald með einstaklingsbókunum. Nauðsynlegt er að búa yfir þjónustulipurð, tölvukunnáttu, skipulags- og samvinnuhæfileikum. **Krafist er góðrar hollenskukunnáttu.**

Ferðakompaníið er 17 ára fjölþjóðlegt fyrirtæki. Þar vinna um 27 starfsmenn sem koma víðsvegar að úr heiminum. Helstu samstarfsaðilar okkar erlendis eru í Frakklandi en undanfarin ár hafa viðskipti við Holland og Belgíu stórlega aukist.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

**Umsóknir sendist til: Ferðakompanísins ehf – Fiskislóð 18-20, 101 Reykjavík og/eða á netfang info@ferdakompaniid.com**

**http://www.destination-islande.com/**
**http://www.iceland-like-a-local.com/**

---

Árvirkinn
SELFOSSI
www.arvirkinn.is

# RAFVIRKJAR & RAFEINDAVIRKJAR ÓSKAST

**VILJUM RÁÐA RAFVIRKJA OG RAFEINDAVIRKJA TIL FRAMTÍÐARSTARFA**

**UMSÓKNIR SENDIST Á PÓSTFANGIÐ arvirkinn@arvirkinn.is**

**Árvirkinn**
**Eyravegi 32 | S: 480 1160 | arvirkinn.is | arvirkinn@arvirkinn.is**



ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON

# Skemmtilegu sumarstörfin eru hjá Ölgerðinni!

**Við leitum að öflugu og jákvæðu starfsfólki í eftirfarandi störf:**

## Vöruhús

Ölgerðin rekur öflugt vöruhús þar sem unnið er á vöktum.

**HLUTVERK OG ÁBYRGÐ**

- Tiltekt og afgreiðsla pantana
- Móttaka á vörum
- Önnur tilfallandi störf sem tilheyra í stóru vöruhúsi

## Meiraprófsbílstjóri - Dreifing

Ölgerðin rekur 17 bíla dreifikerfi ásamt úthýstum leiðum.

**HLUTVERK OG ÁBYRGÐ**

- Dreifing og afhending pantana
- Samskipti við viðskiptavini
- Önnur tilfallandi störf sem tilheyra dreifingu

## Framleiðsla

Í framleiðslunni fer fram bruggun á bjór og átöppun á öllum framleiðsluafurðum Ölgerðarinnar. Við leitum að starfsmanni sem er í iðn -, tækni - eða verkfræðinámi eða hefur reynslu eða áhuga á því sviði. Unnið er á vöktum.

**HLUTVERK OG ÁBYRGÐ**

- Störfin fela í sér tæknilega umsjón með vélum og vélbúnaði sem notaður er við framleiðslu á bjór, gosi, vatni og safa.
- Leitast er við að ná hámarks afköstum fyrir hverja framleiðslulotu með hagkvæmni og góða nýtingu að leiðarljósi.

## Sölumaður í mat- og drykkjarvöru

Við leitum að öflugum sölumanni með framúrskarandi þjónustulund á Verslunarsvið

**HELSTU VERKEFNI**

- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Viðhalda viðskiptasamböndum
- Eftirfylgni söluherferða og tilboða

## Móttaka - Þjónustuver

Við leitum að jákvæðum þjónustuliprum einstaklingi í afleysing fyrir móttökuna og þjónustuverið okkar.

**HLUTVERK OG ÁBYRGÐ**

- Móttaka viðskiptavina
- Úrvinnsla tölvupósta
- Símsvörun og stofnun viðskiptavina
- Dagleg samskipti við innri og ytri viðskiptavini Ölgerðarinnar
- Önnur tilfallandi skrifstofustörf

## Áfylling

Við leitum að ábyrgðarfullum, hraustum og duglegum einstaklingum til að sjá um framstillingu og áfyllingu á sælgæti og drykkjarvörum Ölgerðarinnar. Viðkomandi einstaklingur ber ábyrgð á að vörurnar séu framsettar á sem söluvænlegastan hátt.

**HLUTVERK OG ÁBYRGÐ**

- Að þjónusta viðskiptavini og mæta þörfum þeirra
- Að framstilla drykkjarvöru og sælgæti á faglegan hátt
- Að fylla á hillur, kæla og framstillingar í verslunum
- Að hámarka sölutækifæri og lágmarka rýrnun í samvinnu við sölumenn
- Að tryggja fagleg samskipti við viðskiptavini og samstarfsfólk

## Þjónustudeild

Þjónustudeild sinnir fjölbreyttum verkefnum við tækjakost Ölgerðarinnar svo sem uppsetningu búnaðar, hreinsanir, viðgerðir og móttöku tækja. Starfsmenn þjónustudeildar eru mikið á ferðinni og þurfa starfsmenn því að hafa bílpróf.

**HLUTVERK OG ÁBYRGÐ**

- Dreifing á vörum í sjálfsala
- Hreinsun á bjórlínum
- Uppsetningar og viðgerðir á bjórdælum
- Viðhald og hreinsanir á kaffivélum

## Vélfræðingur

Við leitum að öflugum vélfræðingi / vélstjóra á Tæknisvið

**HLUTVERK OG ÁBYRGÐ**

- Viðhald á framleiðslulínum
- Viðgerðir á tækjum
- Að halda vélum gangandi á meðan framleiðslu stendur
- Uppsetning á nýjum framleiðslutækjum
- Ýmis tilfallandi verk tengd véla- og tækjabúnaði Ölgerðarinnar

## Hæfniskröfur

- Aldur 20+
- Hreint sakavottorð
- Rík þjónustulund og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Stundvísi og góð framkoma
- Góð samskiptahæfni
- Samviskusemi og jákvæðni
- Íslensku- eða enskukunnátta
- Geta unnið undir álagi
- Bílpróf - lyftarapróf kostur
- Reglusemi og snyrtimennska

Æskilegt er að sumarstarfsmenn geti hafið störf í byrjun maí og unnið til 25. ágúst.

Sótt er um á heimasíðu Ölgerðarinnar: umsokn.olgerdin.is

**Umsóknarfrestur er til og með 3. mars nk.**

**ÖLGERÐIN** er eitt stærsta fyrirtækið á sínu sviði. **ÖLGERÐIN** framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga.

Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri.

olgerdin.is

EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY

The EFTA Surveillance Authority (ESA) monitors compliance with the Agreement on the European Economic Area (EEA Agreement) in Iceland, Liechtenstein and Norway, enabling those States to participate in the Internal Market of the European Union.

ESA is, like the European Commission, independent of the States and safeguards the rights of individuals and undertakings under the EEA Agreement, ensuring free movement, fair competition and control of state aid. ESA's work helps remove barriers to trade and open up new opportunities to over 500 million Europeans, creating jobs and growth and adding to the international competitiveness of the States.

The Authority is based in Brussels and currently employs 70 staff members of 16 nationalities. The Authority is led by a College consisting of three members, each appointed for a period of four years by the three participating EFTA States.

## Internal Market Affairs Officer (Telecoms)

The Authority is recruiting an Internal Market Affairs Officer who will be assigned responsibility for general surveillance work and case handling regarding the implementation and application of EEA law relating to electronic communications services, as well as audio-visual, information society and postal services in the participating EFTA States (Iceland, Liechtenstein, and Norway).

The successful candidate will join our Internal Market Affairs Directorate, which is responsible for monitoring the EEA EFTA States to ensure that they comply with their obligations in the field of internal market law. They will also work closely with colleagues in the Competition and State Aid Directorate on the notification and consultation mechanism that applies to draft regulatory measures in EEA telecoms markets.

Day to day tasks include the examination of complaints, legal conformity assessments, drafting of decisions, opinions and reports, handling of Article 7 Framework Directive notifications and participation in relevant sector committees and expert groups. Depending on workload and other developments, the responsibilities may be changed to cover other general or specific issues relating to EEA law.

JOB REFERENCE 02/2017

**Deadline for applications:**
5 March 2017
**Start date:** Summer/Autumn 2017

For full details, including eligibility and selection criteria, an overview of our favourable conditions and how to apply please visit: **https://jobs.eftasurv.int**

---

HEILSUGÆSLAN



## Starf sérfræðings í heimilislækningum við Heilsugæsluna Hvammi

Um er að ræða 100% ótímabundið starf sem veitist frá 1. mars 2017 eða eftir samkomulagi.

**Umsóknarfrestur er til 20. febrúar 2017.**

Kópavogur er vaxandi sveitarfélag með rúmlega 35 þúsund íbúa og er þjónustusvæði Heilsugæslunnar Hvammi rúmlega 10 þúsund íbúar. Við Heilsugæsluna Hvammi starfa nú fimm sérfræðingar í heimilislækningum, barnalæknir, sálfræðingur og hreyfistjóri/sjúkraþjálfari, tvær ljósmæður og sjö hjúkrunarfræðingar. Auk þess hafa læknakandídatar um árabil fengið þjálfun á stöðinni og umtalsverð kennsla læknanema fer fram á stöðinni.

### Helstu verkefni og ábyrgð

Starfssvið heilsugæslulækna er meðal annars:
- Almennar lækningar
- Heilsuvernd
- Vaktþjónusta
- Kennsla nema
- Þátttaka í vísindarannsóknum, gæða- og umbótaverkefnum

### Hæfnikröfur:

- Krafist er að umsækjendur hafi sérfræðimenntun í heimilislækningum
- Skipulagshæfni, sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af og vilji til þverfaglegrar teymisvinnu

### Frekari upplýsingar um starfið:

Upplýsingar um starfið veitir Rut Gunnarsdóttir, svæðisstjóri Heilsugæslunni Hvammi í síma 594-0400 eða í tölvupósti rut.gunnarsdottir@heilsugaeslan.is.

Laun eru greidd samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um læknismenntun, læknisstörf, vísinda- og rannsóknarstörf.

Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsókn getur gilt í allt að 6 mánuði.

Við ráðningar í störf hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er ávallt tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar. Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is), undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**

---

ÍSFISKUR ehf.

**Ísfiskur ehf. óskar eftir fólki í vinnu**

Fiskvinnsla í fremstu röð.
Vel tækjum búið og tæknivætt fyrirtæki.
Fyrirtækið óskar eftir vönu fólki í fiskvinnslu í Kópavogi.
Mikil vinna framundan.
Áhugasamir hafi samband með tölvupósti albert@isfiskur.is

---

# Optical Studio

gleraugnaverslun í Smáralind óskar eftir að ráða

**starfsfólk í sumarafleysingar**

Við leitum að einstaklingi
með ríka þjónustulund og jákvætt viðhorf.

**Hæfniskröfur:**
- Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri.
- Reynsla af sölu- og þjónustustörfum skilyrði.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Snyrtimennska, reglusemi og stundvísi skilyrði.

Unnið er á vöktum í samræmi við opnunartíma Smáralindar, á virkum dögum og um helgar.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á
**fannykolbrun@opticalstudio.is**
fyrir 25. febrúar 2017.

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK
**www.opticalstudio.is**

---




# Vatn - vatn - vatn

Haf- og vatnsteymi Umhverfisstofnunar leitar að tveimur starfsmönnum til að sinna verkefnum tengdum stjórn vatnamála og verndun vatns. Í boði eru krefjandi störf í fjölbreyttu umhverfi sérfræðinga þar sem áhersla er lögð á þverfaglega teymisvinnu og samvinnu innanlands og utan.

**VERKEFNISSTJÓRI**
Helstu verkefni verkefnastjórans lúta að verndun vatns og vistkerfa þess á Íslandi, m.a. í samstarfi við fagstofnanir, sveitarfélög, atvinnulíf og almenning. Verkefnastjóri hefur umsjón með gerð vöktunaráætlunar, aðgerðaáætlunar og vatnaáætlunar. Verkefnastjóri undirbýr samninga við fagstofnanir og annast eftirfylgni með þeim. Auk þess tekur verkefnastjóri þátt í alþjóðlegu starfi í tengslum við stjórn vatnamála.

**SÉRFRÆÐINGUR**
Helstu verkefni sérfræðingsins lúta að því að koma á nýju kerfi til að meta vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand ferskvatns og strandsjávar á Íslandi. Sérfræðingurinn kemur að gerð vatnaáætlunar og vinnur náið með fagstofnunum, sveitarfélögum og atvinnulífi. Sérfræðingurinn tekur auk þess þátt í alþjóðlegu starfi þar að lútandi.

**Ítarlegri upplýsingar um störfin, helstu verkefni og hæfniskröfur til starfanna er að finna á starfatorg.is og umhverfisstofnun.is/storf_i_bodi**

**Umsóknarfrestur er til og með 27. febrúar 2017. Umsóknir skulu sendar til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík eða á netfangið ust@ust.is**

**FAGMENNSKA SAMVINNA FRAMSÝNI VIRÐING**

# VIÐ VITUM HVAÐ **FÓLKIÐ OKKAR** SKIPTIR MIKLU MÁLI

**VÍS leitar að metnaðarfullu, framsýnu og hugmyndaríku fólki í öflugt og samhent teymi starfsmanna á hinum ýmsu sviðum fyrirtækisins.**

**Einkenni VÍS-ara er kraftur og vilji til að tileinka sér nýjungar, gera sífellt betur og ná árangri í því sem við tökum okkur fyrir hendur. Við berum umhyggju fyrir viðskiptavinum okkar og hvert öðru og höfum einlægan áhuga á hagsmunum annarra. Hjá VÍS snúast tryggingar um fólk og við setjum hjartað í allt sem við gerum.**

**Tryggingar eru ótrúlega spennandi, krefjandi og skemmtilegt viðfangsefni og við leitum að liðsmönnum í eftirfarandi störf sem öll eiga það sameiginlegt að krefjast háskólamenntunar og framúrskarandi samskiptahæfni.**

## ▸ Vörustjórar á einstaklings- og fyrirtækjasviði

Vörustjóri þarf að koma auga á þarfir viðskiptavina til að aðlaga vörur VÍS að þeim. Vörustjóri ber ábyrgð á vöruþróun og stýrir verðlagningu þannig að hún endurspegli áhættu. Vörustjóri hefur frumkvæði að markaðssetningu og ber ábyrgð á að varan sé sett fram með þeim hætti að viðskiptavinir skilji hvað hún felur í sér. Um tvö störf er að ræða.

## ▸ Sérfræðingur í viðskiptagreind

Sérfræðingur í viðskiptagreind sér um að gera greiningar og upplýsingar aðgengilegar fyrir stjórnendur og starfsmenn með því að nota Microsoft Power BI. Viðkomandi býr jafnframt til mælaborð og stjórnendaskýrslur. Viðkomandi þarf að hafa skilning á gagnagrunnum og sterkan bakgrunn í að greina gögn í viðskiptalegum tilgangi.

## ▸ UT verkefnastjóri

Verkefnastjóri mun stýra umbóta- og framþróunarverkefnum í tengslum við nýtt tryggingakerfi VÍS en öll hugbúnaðarþróun fer fram hjá samstarfsaðilum VÍS í Litháen og Póllandi. Verkefnastjóri mun stýra vinnu við skilgreiningar og útfærslu lausna í samstarfi við viðskiptaeiningar fyrirtækisins og stýra framleiðslu þeirra í samstarfi við erlenda þjónustuaðila. Viðkomandi þarf að vera leiðtogi með sterkan bakgrunn bæði í upplýsingatækni og verkefnastjórnun.

## ▸ Sérfræðingur í forvörnum fyrirtækja

Sérfræðingur í forvörnum fyrirtækja skipuleggur og sér um framkvæmd forvarnasamstarfs með fyrirtækjum í viðskiptum við VÍS. Viðkomandi er ráðgjafi stjórnenda stærstu viðskiptavina VÍS í öryggis- og forvarnamálum. Sérfræðingur í forvörnum þarf að hafa ástríðu fyrir forvarna- og öryggismálum, góða færni í mannlegum samskiptum og eiga auðvelt með að koma fram fyrir framan hóp af fólki.

**Í samræmi við jafnréttisstefnu VÍS hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um störfin.**

**Umsóknarfrestur er til og með 19. febrúar. Nánari upplýsingar um störfin má finna á vis.is og radum.is. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Ráðum, www.radum.is.**

ráðum ráðningarstofa

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veitir Agla Sigríður Björnsdóttir hjá Ráðum ráðningarstofu *agla@radum.is*

VÍS er þjónustufyrirtæki með þjónustuskrifstofur víðsvegar um landið. Markmið VÍS er að vera alltaf í fremstu röð tryggingafélaga á Íslandi og er ánægja starfsfólks og viðskiptavina lykilatriði í velgengni félagsins. Hjá VÍS starfar framúrskarandi hópur einstaklinga sem saman myndar sterka liðsheild. Mikil áhersla er lögð á að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstöðu til að veita viðskiptavinum góða þjónustu. VÍS vill fela starfsfólki störf við hæfi, þannig að hæfileikar þess og frumkvæði fái notið sín við áhugaverð og krefjandi verkefni.

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

VÍS



# RÚV LEITAR AÐ LIÐSAUKA

RÚV er öflugur fjölmiðill í almannaþágu með það hlutverk að upplýsa, fræða og skemmta. Við leitum að liðsauka í hóp úrvals starfsfólks á skemmtilegum vinnustað.

**FRÉTTAMENN SUMARAFLEYSINGAR - 100% STÖRF**

- Öflun frétta af innlendum og erlendum vettvangi
- Miðlun frétta í útvarpi, sjónvarpi og á vef

**KYNNINGARFULLTRÚI RÁSAR 2 - 50% STARF**

- Framleiðsla kynningarefnis Rásar 2 í öllum miðlum
- Þróun og umsjón með notkun samfélagsmiðla
- Mótun stefnu í kynningum Rásar 2

Umsóknarfrestur er til og með 27. febrúar nk.
Nánari upplýsingar um störfin og hæfniskröfur, auk skila umsókna á **www.ruv.is/laus-storf**.
Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfin.

RÚV



## SÖLU- OG MARKAÐSMÁL

Atlantsflug
FLIGHTSEEING.IS

ATLANTSFLUG AUGLÝSIR EFTIR STARFSMANNI TIL AÐ ANNAST SÖLU- OG MARKAÐSMÁL SEM OG ÖNNUR ALMENN SKRIFSTOFUSTÖRF.

Atlantsflug er ferðaþjónustufyrirtæki í flugstarfsemi og annarri tengdri þjónustu og leitar að starfsmanni sem er sjálfstæður í vinnu, hefur þekkingu/menntun tengda ferðaþjónustu eða reynslu af sambærilegum störfum, sýnir frumkvæði í starfi og er óhræddur við að takast á við ný og spennandi verkefni.

**Umsóknir ásamt ferilskrá þurfa að berast á umsokn@flightseeing.is fyrir 28. febrúar 2017.**

Reykjavík, Bakkaflugvöllur, Vestmannaeyjar & Skaftafell
www.flightseeing.is • info@flightseeing.is • Sími 561 4100




# Sumarstörf

## Afgreiðsla í Vínbúðum um land allt

Starfsfólk óskast í sumar, bæði í fullt starf og hlutastarf um helgar. Starfsmenn í fullu starfi vinna að jafnaði annan hvern laugardag.

**Helstu verkefni**

- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Framstilling á vöru og vörumeðhöndlun
- Umhirða búðar

**Hæfniskröfur**

- Jákvæðni og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur

Vinsamlegast skráið óskir um staðsetningu í umsókn.

## Lagerstarfsmaður – Dreifingarmiðstöðin

Dreifingarmiðstöð ÁTVR sér um vörumóttöku frá birgjum og dreifingu vara í Vínbúðir. Óskað er eftir starfsfólki í fullt starf. Vinnutíminn er frá kl. 7.30-16.30 alla virka daga. Unnið er laugardaga í júlí.

**Helstu verkefni**

- Almenn lagerstörf
- Móttaka og tiltekt vöru
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**

- Reynsla af sambærilegum störfum
- Lyftarapróf kostur
- Stundvísi og dugnaður

Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri og sakavottorðs er krafist.
**Umsóknarfrestur er til og með 27. mars nk.** Umsóknir óskast fylltar út á **vinbudin.is**
**Nánari upplýsingar veitir:** Guðrún Símonardóttir, starf@vinbudin.is, 560 7700

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ.
Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

ÁTVR rekur 50 Vínbúðir um allt land og er með skrifstofur og dreifingarmiðstöð á Stuðlahálsi 2. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

VÍNBÚÐIN

## FRAMKVÆMDAAÐILAR OG HÚSFÉLÖG

Get tekið að mér eftirlit og umsjón með framkvæmdum. Er byggingatæknifræðingur með haldgóða reynslu í stjórnun fyrirtækja og eftirliti framkvæmda, einnig þekkingu á skoðun fasteigna. Sanngjarnt tímagjald í boði.

**Hafið samband við GSG Lausnir ehf. í síma 660 4088 eða gsg@gsglausnir.is**

qstack

## QUALITY ASSURANCE SPECIALIST

We're looking for an enthusiastic individual with a passion for quality to take our quality assurance processes to the next level.

As a Quality Assurance Specialist, you will work closely across all internal teams, helping to deliver outstanding software products for the company's global customers.

### Duties and responsibilities

- Design, execute and maintain test cases
- Prepare and deliver QA reports
- Create defect reports
- Implement automation and integration tests
- Plan, execute and validate testing plans
- Develop efficient and cost effective testing practices
- Collaborate with internal teams to ensure consistent application of policies and procedures, and maintenance of documentation.

### Qualifications

- Degree or related experience in quality assurance and quality control
- UNIX/Linux experience
- Knowledge of and ability to use test tools, such as Selenium
- Experience using Project/Issue tracking tools, such as JIRA
- ISTQB Foundation Level certification is an advantage
- Experience with software development is an advantage
- Strong analytical skills and data-driven thinking
- Ability to solve problems independently and quickly
- Ability to show initiative and proactively take on responsibilities and challenges
- Excellent verbal and written communications skills in English is a requirement.

Apply now in English at
www.qstack.com/careers

# BÓKARI ÓSKAST

**Hópbílar hf. óska eftir reynslumiklum bókara í fullt starf á skrifstofu fyrirtækisins**

HÓPBÍLAR

**Helstu verkefni:**
- Færsla bókhalds
- Almennar afstemmingar og frágangur á bókhaldi
- Skýrslugerð í samvinnu við gjaldkera og stjórnendur
- Önnur verkefni sem honum kunna að vera falin

**Hæfniskröfur:**
- Góð reynsla og þekking á bókhaldi er skilyrði
- Góð færni í Exel og almenn tölvufærni
- Góð reynsla af DK bókhaldskerfi er kostur
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Rík hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og sveigjanleiki

*Nánari upplýsingar um starfið veitir Hildur Guðjónsdóttir starfsmannastjóri í s. 599-6070 eða í gegnum netfangið atvinna@hopbilar.is*

***Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar 2017***

*Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn ásamt ferilskrá á netfangið atvinna@hopbilar.is*

***www.hopbilar.is***

sagafilm
SÍÐAN 1944

*Ef þú ert bókari með reynslu skaltu lesa þessa auglýsingu.*

## SAGAFILM LEITAR AÐ VÖNDUÐUM BÓKARA Í FULLT STARF

**Meðal helstu verkefna eru:**
- bókanir kostnaðarreikninga
- umsjón með kostnaðareftirliti
- bókun inn- og útgreiðslna
- innheimta
- uppgjörsvinna
- afstemmingar banka og lánadrottna
- annað sem fellur til á stóru heimili

**Við gerum eftirfarandi hæfniskröfur:**
- víðtæka þekkingu og reynslu af bókhaldsvinnu
- þekkingu á lögum og reglum bókhalds, virðisaukaskatts og reikningsskila
- þekkingu á verkbókhaldi
- gott vald á íslensku og ensku
- lipurð í samskiptum og stundvísi
- nákvæmni, skipulag, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Áhugasamir sendi umsókn fyrir 20. febrúar 2017 til:
**Sagafilm, Urðarhvarfi 14, 203 Kópavogi eða á hrönn@sagafilm.is**

*Hjá Sagafilm vinna um 30 manns við framleiðslu á hágæða afþreyingar- og fræðsluefni og auglýsingum fyrir sjónvarp, útvarp, kvikmyndahús og aðrar efnisveitur. Sagafilm er elsta starfandi kvikmyndaframleiðslufyrirtæki landsins og rekur sögu sína allt til ársins 1944.*




# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Hjúkrunarnemi, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Húsavík | 201702/327 |
| Hjúkrunarfræðingur, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Þórshöfn | 201702/326 |
| Tollverðir | Tollstjóri | Rvk/Keflavík | 201702/325 |
| Sérfræðingur | Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu | Kópavogur | 201702/324 |
| Námsstöður deildarlækna | Landspítali/Sjúkrahúsið á Akureyri | Rvk/Akureyri | 201702/323 |
| Móttökuritari | Heilsugæslan Efra Breiðholti | Reykjavík | 201702/322 |
| Aðalbókari | Heilbrigðisstofnun Vestfjarða | Ísafjörður | 201702/321 |
| Dósent í æðaskurðlæknisfræði | Háskóli Íslands, heilbrigðisvísindasvið | Reykjavík | 201702/320 |
| Umsjónarmaður fasteigna | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201702/319 |
| Doktorsnemar í stjarneðlisfræði | Háskóli Íslands, Raunvísindastofnun | Reykjavík | 201702/318 |
| Nýdoktor | Háskóli Íslands, Lífvísindasetur | Reykjavík | 201702/317 |
| Þjónustufulltrúi | Tryggingastofnun | Reykjavík | 201702/316 |
| Sérfræðingur | Gljúfrasteinn | Mosfellsbær | 201702/315 |
| Iðjuþjálfi/sjúkraþjálfari | Sjúkratryggingar Íslands | Reykjavík | 201702/314 |
| Tæknimaður | Sjúkratryggingar Íslands | Reykjavík | 201702/313 |
| Skólameistari | Mennta- og menningarmálaráðuneyti | Húsavík | 201702/312 |
| Verkefnisstjóri/sérfræðingur | Umhverfisstofnun, vatnamál | Rvk/Landið | 201702/311 |
| Sérfræðingur | Vinnueftirlitið, efna- og hollustuháttad. | Reykjavík | 201702/310 |
| Mannauðsstjóri | Matvælastofnun | Selfoss | 201702/309 |

# KRAFTUR, ELDMÓÐUR OG

## ÖFLUGIR STJÓRNENDUR

**Úrræðagóðir stjórnendur gegna lykilhlutverki við að halda viðskiptavinum okkar í sambandi – alla daga. Við leggjum áherslu á að stjórnendur okkar gegni forystuhlutverki í öryggismálum, efli og styðji starfsfólk til góðra verka, sýni virðingu og ábyrgð í samskiptum og heiðarleika í upplýsingagjöf.**

### Verkstjóri rafdreifikerfis

Verkstjórinn leiðir hóp rafiðnaðarmanna sem sinnir viðhaldi og bregst við bilunum auk þess að taka þátt í nýframkvæmdum við rafdreifikerfi höfuðborgarsvæðisins.

Til að sækja um þarftu að vera með meistararéttindi í rafiðn eða hafa lokið iðnfræði og hafa reynslu af verkstjórn. Þekking á rafdreifikerfum og háspennutengingum er æskileg.

### Verkstjóri vatnskerfa með áherslu á hitaveitu

Verkstjórinn leiðir hóp iðnaðarmanna sem sinnir viðhaldi og bregst við bilunum auk þess að taka þátt í nýframkvæmdum við hitaveitu-kerfi höfuðborgarsvæðisins.

Til að sækja um þarftu að vera með meistararéttindi í málmiðn eða pípulögnum, eða hafa lokið iðnfræði og hafa reynslu af verkstjórn. Þekking á lagnakerfum og jarðvinnu er kostur.

### Verkstjóri vatnskerfa með áherslu á vatnsveitu

Verkstjórinn leiðir hóp iðnaðarmanna sem sinnir viðhaldi og bregst við bilunum auk þess að taka þátt í nýframkvæmdum við vatns-veitukerfi höfuðborgarsvæðisins.

Til að sækja um þarftu að vera með meistararéttindi í pípulögnum eða málmiðn, eða hafa lokið iðnfræði og hafa reynslu af verkstjórn. Þekking á lagnakerfum og jarðvinnu er kostur.

### Verkstjóri vatnsöflunar og miðlunar

Verkstjórinn leiðir hóp vélfræðinga og rafvirkja sem sinnir viðhaldi, eftirliti og daglegum rekstri borhola, dælustöðva, tanka og stofnæða vatns- og hitaveitu höfuðborgarsvæðisins.

Til að sækja um þarftu að vera vélfræðingur með sveinspróf í málmiðn og hafa reynslu af verkstjórn. Sveinspróf í rafiðn er kostur. Reynsla af keyrslu stórra kerfa er æskileg.

**Verkstjórar annast daglega stjórn vinnuflokka okkar. Þeir undirbúa verk, skipuleggja og samhæfa með það að leiðarljósi að hvert verk sé unnið á faglegan og öruggan hátt.**

### Teymisstjóri fageftirlits

Teymisstjóri fageftirlits tekur þátt í störfum og leiðir hóp starfsmanna sem hefur eftirlit með framkvæmdaverkum. Hann tekur þátt í eftirliti með framkvæmdum í rafdreifikerfi, framkvæmir öryggis- og lokaúttektir og er verktökum til ráðgjafar.

Til að sækja um þarftu að vera rafmagnstæknifræðingur, iðnfræðingur eða rafvirki og hafa reynslu af stjórnun. Þekking á rafdreifikerfum og háspennutengingum er æskileg. Þekking á lagnakerfum og jarðvinnu er kostur.

**Það er mikið um að vera hjá Veitum og því viljum við bæta í hópinn**

Árleg vinnustaðakönnun sýnir að hjá okkur er frábær starfsandi, mikil ánægja með stjórnendur og allur aðbúnaður fyrsta flokks.



**„Kalda vatnið er álíka lengi að renna frá Gvendarbrunnum í Heiðmörk niður í Neðra-Breiðholt og það tekur að horfa á Fanga frá upphafi til enda – með hóflegum klósettpásum“**

Kynntu þér Veitur á veitur.is og á Facebook

# HELLINGUR AF HÆFILEIKUM



## ELDKLÁRIR SÉRFRÆÐINGAR

### Tæknistjóri vatnsveitu

Tæknistjóri vatnsveitu er lykilaðili í uppbyggingu stærstu vatnsveitu landsins. Hann gerir fjárfestingaráætlanir til lengri og skemmri tíma og leiðir samningagerð við hagsmunaaðila. Hann setur af stað og undirbýr verkefni, er bakhjarl verkefna-stjóra og einn af lykilaðilum í öflugu verkefnateymi.

Til að sækja um þarftu að hafa leiðtogahæfileika og haldgóða þekkingu á veitukerfum. Próf í verk- eða tæknifræði á sviði bygginga eða véla er skilyrði.

### Rafmagnshönnuður

Öflugir hönnuðir eru lykilaðilar í undirbúningi verka. Við leggjum mikla áherslu á að hönnuður horfi fram á veginn og hugi að öryggismálum í allri hönnun til að fólk geti unnið á öruggan hátt bæði á framkvæmda- og rekstrartíma.

Til að sækja um þarftu að vera lipur í samskiptum, hafa reynslu af hönnun og góða þekkingu á AutoCad. Próf í tækni- eða rafmagnsverkfræði er skilyrði.

### Verkefnastjóri

Framkvæmdaverkefni Veitna eru fjölbreytt og krefjandi. Við leitum að öflugum einstaklingi í verkefnastjórateymið okkar. Mikil áhersla er lögð á fagmennsku og að verkefnastjórar afli sér alþjóðlegrar verkefnastjórnunarvottunar.

Til að sækja um þarftu að vera öflugur leiðtogi, lipur í samskiptum og hafa reynslu af verkefnastjórnun. Próf í verk- eða tæknifræði er skilyrði.

**Við tökum á móti umsóknum** á www.veitur.is þar sem nánari upplýsingar um störfin er að finna. Frekari aðstoð veitir Bryndís Ernstsdóttir, netfang starf@veitur.is. **Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar.**

Veitur eru stærsta veitufyrirtæki landsins sem rekur vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu og fráveitu þar sem hver einasti starfsmaður er mikilvægur hlekkur í að veita viðskiptavinum okkar áreiðanlega þjónustu. Við erum fagfólk á líflegum vinnustað sem leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnuumhverfi.

Við tökum jafnréttið alvarlega og viljum hafa fjölbreyttan hóp starfsmanna. Því hvetjum við jafnt konur sem karla til að sækja um.

JAFNRÉTTISRÁÐ

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

VEITUR

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA - 17-0287

DON´T STINK AND DRIVE

KÚKÚ CAMPERS LEITAR AÐ STERKUM LEIÐTOGA TIL AÐ HALDA PARTÝINU GANGANDI

NÝR FRAMKVÆMDARSTJÓRI SKAL UMFRAM ALLT HAFA:

- ÓBILANDI TRÚ Á SJÁLFUM SÉR.
- REYNSLU AF REKSTRI, FJÁRMÁLUM OG BÓKHALDI.
- ÁHUGA Á RAUÐHÆRÐU FÓLKI, STARFSMANNAHALDI OG STJÓRNUN.
- DJÚPAN SKILNING Á MARKAÐSMÁLUM SEM OG MÁLEFNUM ÖRVHENTRA.
- NEF FYRIR SÖLU OG ÞORSTA KAMELDÝRS FYRIR AÐ SIGRA.

STARFIÐ ER OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR TIL 22. FEBRÚAR
UMSÓKNIR ÓSKAST SENDAR Á BIGBOSS@KUKUCAMPERS.IS




## Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Leikskólar**
- Leikskólakennari í leikskólann Dal
- Leikskólakennari í sérkennslu í leikskólann Fagrabrekku

**Grunnskólar**
- Starfsmenn í dægradvöl í Hörðuvallaskóla
- Kennari í námsver á eldra stigi í Smáraskóla

**Velferðasvið**
- Fagaðili í íbúðakjarna fyrir fatlaða
- Starfsmaður í félagslega heimaþjónustu
- Stuðningsfulltrúi á áfangaheimili fyrir fatlaða
- Starfsmenn á heimli fatlaðs fólks

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær
kopavogur.is




# Akademísk staða við lagadeild

Lagadeild Háskólans í Reykjavík leitar að öflugum starfsmanni til að sinna kennslu og rannsóknum.

**STARFSSVIÐ**

Viðkomandi mun sinna kennslu við lagadeild, stunda rannsóknir, leiðbeina nemendum í rannsóknarverkefnum og sinna tilfallandi verkefnum innan deildarinnar. Starfið veitir tækifæri til þess að hafa áhrif á þróun rannsókna og kennslu í lögfræði við háskóla sem hefur nýsköpun og frumkvöðlastarf að leiðarljósi.

Ráðið verður í stöðu sérfræðings, lektors, dósents eða prófessors út frá hæfismati.

**HÆFNISKRÖFUR**

- Doktors- eða fullnaðarpróf í lögfræði.
- Reynsla af fræðiskrifum í lögfræði.
- Reynsla af kennslu á háskólastigi.
- Áhugi á miðlun þekkingar til nemenda, fræðasamfélags og almennings.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.

Umsóknum ber að skila til Háskólans í Reykjavík á vefnum radningar.hr.is ásamt ferilskrá, lista yfir birtar fræðigreinar, lýsingu á rannsóknarsviði og upplýsingum um kennsluferil. Tilgreina þarf þrjá meðmælendur. Eintak af allt að þremur mikilvægustu ritrýndum birtingum umsækjanda má gjarnan fylgja með. **Umsóknarfrestur er til og með 1. mars 2017.**

Nánari upplýsingar veitir Ragnhildur Helgadóttir, forseti lagadeildar (**ragnhildurh@ru.is**) eða Sigríður Elín Guðlaugsdóttir framkvæmdastjóri mannauðs (**sigridureg@ru.is**). Fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði fyrir einstaklinga og samfélag með siðgæði, sjálfbærni og ábyrgð að leiðarljósi. Akademískar deildir háskólans eru fjórar: Lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild. Kennsla og rannsóknir við Háskólann í Reykjavík mótast af sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag. Lögð er áhersla á þverfagleika, alþjóðlegt umhverfi, nýsköpun og góða þjónustu. Nemendur Háskólans í Reykjavík eru um 3600 í fjórum deildum og starfa um 240 fastir starfsmenn við háskólann auk fjölda stundakennara.

Háskólinn í Reykjavík | Menntavegi 1 | 101 Reykjavík | Sími 599 6200 | **www.hr.is**

SÝSLUMAÐURINN

## Sérfræðingur við skráningu og eftirlit með heimagistingu

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings við skráningu og eftirlit með heimagistingu.

Sérfræðingur við skráningu og eftirlit með heimagistingu starfar eftir ákvæðum laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerð nr. 1277/2016 um sama efni.

Sérfræðingur sinnir verkefnum sem snerta rafræna skráningu heimagistingar og sinnir rafrænu eftirliti með skráðum og skráningaskyldum aðilum á landsvísu. Starfið mun fela í sér m.a. greiningarvinnu og undirbúning stjórnsýslumála í samráði við lögfræðinga embættisins. Um er að ræða nýtt starf hjá embættinu sem starfsmaður tekur þátt í að móta.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð almenn tölvuþekking
- Reynsla og þekking á Excel
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu kostur
- Skipulags- og samskiptahæfni
- Færni til að geta unnið sjálfstætt og í hópi með skipulögðum og öguðum vinnubrögðum
- Færni í mæltu og rituðu máli á íslensku og ensku

Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og frumkvæði.

Nánari upplýsingar um starfið veita Vigdís Edda Jónsdóttir, mannauðsstjóri (vigdisj@syslumenn.is) og Sigurður G. Hafstað, fagstjóri leyfisveitinga (sigurdur.g@syslumenn.is)

Starfshlutfall er 100%. Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélags innan BHM.

**Umsóknarfrestur er til og með 27.02.2017**
Sótt er um starfið rafrænt á syslumenn.is/storf

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

*Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu*
*Hlíðasmára 1, 201 Kópavogur*
*s. 458 2000*
*www.syslumenn.is*

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Embætti skólameistara við Framhaldsskólann á Húsavík

Auglýst er laust til umsóknar embætti skólameistara við Framhaldsskólann á Húsavík.

Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðuneytisins, **menntamalaraduneyti.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 3. mars 2017**

---

HS HITASTÝRING hf.

### Óskum eftir að ráða

## Tæknimann

**Starfssvið:**
- Reglubundið eftirlit loftræsti- og kælikerfa
- Uppsetning á loftræsti- og kælikerfum
- Viðhald og þjónusta

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Iðnmenntun eða reynsla af vinnu við vél og tæknibúnað æskileg
- Sjálfstæði í vinnubrögðum

**Nánari upplýsingar gefur:**
**Helgi Sverrisson sími: 552-2222 netfang: helgi@hitastyring.is**

**Hitastýring hf. er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu, uppsetningu og þjónustu á hita- og loftræstikerfum, kælikerfum fyrir gagnaver, tölvu og tæknirými, rakakerfum, hússtjórnarkerfum og ýmiskonar iðnaðarsjálfvirkni.**

---

SÓLVANGUR

## HJÚKRUNARSTJÓRI

**Hjúkrunarstjóri óskast til starfa frá 1.apríl eða eftir samkomulagi. Um er að ræða 90-100 % starf.**



### Helstu verkefni
- Umsjón og fagleg ábyrgð með 19 manna heimiliseiningu
- Tekur þátt í hjúkrun heimilismanna á vaktinni
- Þátttaka í sérverkefnum

### Hæfnikröfur
- Reynsla af stjórnun og hjúkrun aldraðra er æskileg
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og faglegur metnaður
- Jákvætt viðmót og góðir samskiptahæfileikar
- Dugnaður, lausnamiðuð hugsun og ábyrgðarkennd
- Íslenskt hjúkrunarleyfi

Umsóknafrestur er til og með **24.febrúar** og má nálgast umsóknareyðublað á heimasíðu.
Nánari upplýsingar veitir Unnur G Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma **855 7790** eða á netfanginu **unnur@solvangur.is**

---

MOSFELLSBÆR

## Verkefnastjóri garðyrkju- og skógræktar

**MOSFELLSBÆR AUGLÝSIR LAUST STARF VERKEFNASTJÓRA GARÐYRKJU- OG SKÓGRÆKTAR Í ÞJÓNUSTUSTÖÐ MOSFELLSBÆJAR.**

Laust er til umsóknar starf verkefnastjóra garðyrkju- og skógræktar í þjónustustöð Mosfellsbæjar. Þjónustustöð sér um alla almenna þjónustu við bæjarbúa á sviði tækni og umhverfismála, auk viðhalds og reksturs umferðarmannvirkja og opinna svæða. Þjónustustöð heyrir undir umhverfissvið Mosfellsbæjar.

Starfið felur í sér umsjón garðyrkjustarfa sem starfsmaður garðyrkjudeildar og umsjón með skógræktarverkefnum í samstarfi við Skógræktarfélag Mosfellsbæjar. Starfsmaður vinnur undir stjórn fagstjóra garðyrkju. Verkefni eru meðal annars umsjón sumarstarfsfólks garðyrkjudeildar, áætlanagerð og forgangsröðun verkefna, dagleg samskipti við flokkstjóra og starfsmenn garðyrkjudeildar auk þess að útdeila verkefnum til flokkstjóra og fylgir þeim þeim eftir. Starfsmaður er jafnframt helsti tengiliður við Skógræktarfélag Mosfellsbæjar. Um 100 % starf er að ræða. Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- Menntun á sviði garðyrkju, skógfræði eða tengdum greinum er skilyrði
- Reynsla af garðyrkju- eða skógræktarstörfum er kostur
- Vinnuvélaréttindi eru kostur
- Færni í teymisvinnu og hæfileiki til að vinna með ungmennum er skilyrði
- Góð almenn kunnátta á tölvuforritum tengdum starfi
- Góðir samskiptahæfileikar, nákvæmni og samviskusemi er skilyrði

**Umsóknarfrestur er til 25. febrúar 2017.**
Umsóknir ásamt starfsferilsskrá og kynningarbréfi sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið skulu berast á netfangið mos@mos.is. Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Mosfellsbæjar en auk þess veitir Bjarni Ásgeirsson, upplýsingar í síma 525 6700. Um framtíðarstarf er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

---

MOSFELLSBÆR

## Leikskólastjóri óskast á Reykjakot

**MOSFELLSBÆR AUGLÝSIR LAUST STARF LEIKSKÓLASTJÓRA Á LEIKSKÓLANUM REYKJAKOTI.**

Reykjakot er um 85 barna leikskóli, staðsettur í rólegu íbúðarhverfi í Mosfellsbæ. Skólastefna Reykjakots er umhverfismiðuð og heilsutengd og er áhersla á skapandi starf og náttúru. Landlæknir hefur vottað Reykjakot sem heilsueflandi leikskóla. Í því felst að Reykjakot vinnur markvisst að heilsueflingu í öllu sínu daglega starfi.

Leikskólastjóri stjórnar daglegri starfsemi og ber ábyrgð á faglegu starfi og rekstri leikskólans í samræmi við 5. gr. laga um leikskóla. Hann ber ábyrgð á skipulagi skólastarfs í samstarfi við foreldra, starfsfólk skólans og skólayfirvöld. Hann ber jafnframt ábyrgð á mannauðsmálum svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.

Mosfellsbær er öflugt og framsækið sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi. Leikskólastjóri er ráðin af framkvæmdastjóra fræðslu- og frístundasviðs.

**Menntunar- og hæfnikröfur:**
- Leyfisbréf leikskólakennara er skilyrði
- Framhaldsmenntun og kennslureynsla á leikskólastigi er skilyrði
- Krafist er leiðtogahæfni og lausnamiðaðrar nálgunar
- Krafist er framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði í starfi og hæfni til samstarfs er nauðsynleg
- Þekking og/eða reynsla á rekstri og áætlanagerð er skilyrði

**Umsóknarfrestur er til 01. mars 2017.**
Umsóknir ásamt starfsferilsskrá og kynningarbréfi sem greinir frá ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið skulu berast á netfangið mos@mos.is. Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu skólans www.reykjakot.is og á heimasíðu Mosfellsbæjar en auk þess veitir Gunnhildur M. Sæmundsdóttir skólafulltrúi (gunnhildur@mos.is) og Linda Udengard, framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs (linda@mos.is) nánari upplýsingar í síma 525-6700. Um framtíðarstarf er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara. Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um starfið.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA




# Sundlaugahönnuður óskast

Vegna aukinna verkefna erum við að leita að öflugum starfsmanni í hönnun sundlauga og baðlóna hérlendis og erlendis. Lagna- og loftræsihópur Byggingasviðs býr fyrir mikilli þekkingu og reynslu og vinnur að fjölbreyttum verkefnum við ráðgjöf og hönnun hvers kyns lagna- og loftræsikerfa og hefur m.a. komið að hönnun fjölmargra sundlauga og baðlóna.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf í vélaverkfræði eða véltæknifræði er skilyrði
- Reynsla af hönnun lagnakerfa er skilyrði
- Þekking á hönnun sundlauga er kostur
- Reynsla í notkun teikniforrita, AutoCAD og Revit er kostur
- Sveinspróf í pípulögnum er kostur

Við höfum áhuga á jákvæðum einstaklingum með góða samskipta- og skipulagshæfni sem sýna frumkvæði í starfi og eiga auðvelt með að vinna með öðrum. Mikilvægt er að umsækjendur hafi gott vald á íslensku og ensku og þekking á Norðurlandamáli er kostur.

**Nánari upplýsingar veitir**
*Áslaug Ósk Alfreðsdóttir, verkefnastjóri mannauðsmála, aoa@verkis.is*

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafarfyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði.

Hjá Verkís starfa yfir 300 manns að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum á Íslandi og erlendis.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um á ráðningarvef Verkís (umsokn.verkis.is). Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknarfrestur er til og með 24. febrúar n.k.

VERKÍS
VERKFRÆÐISTOFA
Ofanleiti 2 - 103 Reykjavík - 422 8000

---

VÍÐSJÁ

## Verkfræðingur–Tæknifræðingur

Verkfræðistofan Víðsjá ehf óskar eftir að ráða Verk- eða tæknifræðing á byggingasviði til starfa.
Starfssvið er fyrst og fremst hönnun burðarvirkja og/eða lagna.

Umsóknir, ásamt ferilskrá sendist á vidsja@vidsja.is.

*Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.*

---

BETRI BÍLAR ehf.
BÍLAVERKSTÆÐI

## Bifreiðaverkstæðið Betri bílar ehf óskar eftir bifvélavirkja til framtíðastarfa og bifvélavirkja eða nema í bifvélavirkjun til sumarstarfa.

Góð laun í boði fyrir duglegan og metnaðargjarnan starfsmann.Betri bílar sérhæfa sig í Volkswagen, Skoda, Audi og Mitsubishi.

Hjá Betri bílum vinna fimm starfsmenn sem leggja metnað í að veita góða þjónustu, vönduð og fagleg vinnubrögð

**Áhugasamir geta sent umsókn á betribilar@simnet.is eða haft samband við Atla Vilhjálmsson í vinnusíma 568 1411 / 897 1852 eða á staðnum skeifunni 5c 108. RVK.**

---

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Forstöðumaður - Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis auglýsir eftir forstöðumanni yfir styrkta búsetu og sérhæfðan stuðning við einstaklinga í fjölþættum vanda. Um er að ræða 100% starf og viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Fagleg ábyrgð á þjónustunni sem veitt er og byggir á batalíkaninu
- Stjórnun og fjárhagsleg ábyrgð á rekstrinum
- Stjórnun starfsmannamála og ábyrgð á framkvæmd starfsmannastefnu
- Samstarf við íbúa, aðstandendur og hagsmunasamtök
- Leiðsögn og ráðgjöf til starfsmanna.
- Þátttaka í þverfaglegu samstarfi er snýr að þróun þjónustu við fatlað fólk

**Hæfniskröfur**

- Íslenskt starfsleyfi sem þroskaþjálfi, sálfræðingur, félagsráðgjafi eða hjúkrunarfræðingur
- Þekking og reynsla af starfi með fötluðu fólki
- Þekking og reynsla af starfi með einstaklingum með alvarlegar hegðunarraskanir
- Þekking og reynsla af starfi með einstaklingum í vímuefnaneyslu
- Reynsla af stjórnun, starfsmannahaldi og rekstrarábyrgð er æskileg
- Þekking á batalíkaninu æskileg
- Áhugi og reynsla af þverfaglegri teymisvinnu og valdeflingu
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög sem og reglur Reykjavíkurborgar

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigtryggur Jónsson í síma 411 1500 eða með því að senda fyrirspurnir á sigtryggur.jonsson@reykjavik.is.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf.

**Umsóknarfrestur er til 24. febrúar nk.**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem við búum í.**

---

HANDCRAFTED BY
Foss Distillery
MADE IN ICELAND

## BRUGGARI – EIMARI

Foss Distillery óskar eftir að ráða metnaðarfullan og áhugasaman starfsmann til starfa við framleiðslu, blöndun, gerjun, eimingu og fl. hjá fyrirtækinu.

**Helstu verkefni eru eftirfarandi:**
Framleiðsluskipulag, blöndun, gerjun, eiming, pökkun, gæðamál, umsjón véla og tækja ásamt fl.

**Hæfniskröfur:**
Menntun í efnafræði, matvælafræði, líffræði, mjólkurfræði og/eða önnur sambærileg menntun er kostur sem nýtist í starfi.
**Einnig kemur til greina að ráða (sjálfmenntaðan) einstakling sem uppfyllir eftirfarandi hæfniskröfur:**

- Góð samskiptahæfni og þjónustulund.
- Þekking á geri, örverum og ensímum mikill kostur.
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð.
- Frumkvæði og metnaður.
- Góð tölvufærni.
- Stundvísi.
- Málakunnátta í ensku og dönsku mikill kostur.

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi. Laun eru samkvæmt samkomulagi og kjarasamningum og hlutaðeigandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 22. febrúar 2017** og skulu allar umsóknir berast til Foss Distillery ehf, Háholti 23, 270 Mosfellsbæ eða rafrænt á netfangið jakob@fossdistillery.is

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum verður tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jakob S. Bjarnason, framkvæmdastjóri í síma 898 8380.

Foss Distillery er ungt og frekar lítið en ört vaxandi fyrirtæki sem framleiðir meðal annars Björk birkilíkjör og Birkir birkisnafs sem eru unnin úr birki og birkisafa. Sjá heimasíðu fyrirtækisins: http://fossdistillery.is/

---

ráðum
ráðningarstofa

Þarftu að ráða starfsmann?

**Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.**
**Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.**

**RÁÐUM EHF** • Sími 519 6770 • www.radum.is • radum@radum.is




**Costco Wholesale er vöruhús og meðlimaklúbbur, sem leggur metnað sinn í að bjóða meðlimum sínum hágæða vörur og þjónustu á lægsta mögulega verðinu.**

- Spennandi starfstækifæri
- Starfsþróun
- Vingjarnlegt og stuðningsríkt starfsumhverfi
- Starfsöryggi
- Vinnustaður sem virðir lög og siðferði

Ef þú ert metnaðarfullur og drífandi einstaklingur, sem nýtur þess að vera hluti af liðsheild í krefjandi vinnuumhverfi með fjölda áskorana og tækifæra, er Costco rétti staðurinn fyrir þig. Árangursdrifið starfsfólk okkar er með ríka þjónustulund og tekur heiðarlegan og ábyrgan þátt í að ná sameiginlegum markmiðum okkar, um að ná afburða frammistöðu í hvívetna. Costco býður fjölbreytt störf, sanngjörn laun og ánægjulegan vinnustað.

Vöruframsetning er kjarnaatriði hjá Costco og þungamiðja fyrirtæksins er rekstur vöruhúsanna. Flestir starfsmenn hefja feril sinn í vöruhúsinu og verða smám saman sérfróðir um gildi vöruframsetningar og reksturinn í heild sinni. Costco er ávallt mjög í mun að viðurkenna vel unnin störf og umbuna starfsfólki sínu fyrir starf þeirra og trygglyndi.

Meirihluti yfirstjórnarinnar hefur hlotið framgang innan fyrirtækisins. Fjölmargir verslunarstjórar okkar og framkvæmdastjórar röðuðu áður fyrr í hillur, aðstoðuðu við kassana eða voru í afgreiðslustörfum. Við trúum því að framkvæmdastjórn framtíðarinnar sé nú starfandi í vöruhúsum okkar.

## Sækið um á www.costco.is/recruitment









Costco Iceland, Kauptún 3, 210 Garðabær, Iceland T: 532 5555 E: costco@costco.is www.costco.is

# Spennandi vettvangur sem vert er að skoða!

TOLLSTJÓRI

Nokkrar stöður tollvarða á Keflavíkurflugvelli og í Reykjavík eru lausar til umsóknar hjá Tollstjóra. Leitað er að hæfu starfsfólki til starfa við greiningu, tolleftirlit og önnur verkefni sem tengjast tollamálum. Í boði eru áhugaverð og krefjandi störf sem henta jafnt konum sem körlum. Spennandi framtíðartækifæri eru fyrir rétta aðila. Viðkomandi fara í Tollskóla ríkisins og útskrifast sem tollverðir.

Tollstjóri verndar samfélagið gegn ólögmætum inn- og útflutningi vöru sem getur haft í för með sér hættu fyrir öryggi, umhverfi og heilsu almennings.



**Í tengslum við ráðningu þarf að þreyta þríþætt inntökupróf, bæði skriflegt og líkamlegt, en nánari upplýsingar um það er að finna á www.tollur.is. Áætlað er að inntökuprófin verði haldin 2. eða 3. mars 2017.**

**Hlutverk Tollstjóra er að vernda samfélagið og tryggja ríkinu tekjur. Gildi Tollstjóra eru traust, samvinna og framsækni. Ráðningar hjá embættinu taka mið af þeim.**

**Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Tollvarðafélags Íslands. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Athygli er vakin á að umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.**

**Leitað er að einstaklingum með greiningarhæfileika. Starfið krefst aðferðafræðilegrar nálgunar og skipulagðra vinnubragða.**

**Starfið felur m.a. í sér:**

- Greiningu á áhættu vöru- og farþegaflæðis
- Tolleftirlit
- Skýrslugerð
- Samskipti við farþega, inn- og útflutningsaðila
- Tölfræðivinnslu
- Alþjóðlegt samstarf

**Hæfniskröfur:**

- Stúdentspróf eða menntun sem má meta til slíks náms. Háskólamenntun er kostur.
- Samviskusemi, nákvæmni og traust vinnubrögð
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott andlegt og líkamlegt atgervi
- Gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli.
- Almenn ökuréttindi.
- Hreint sakavottorð.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir sérfræðingur á mannauðssviði Aðalheiður Sigurjónsdóttir í síma 560-0300.**
**Umsóknarfrestur er til 27. febrúar næstkomandi.**
**Sótt er um starfið rafrænt á www.tollur.is/laus-storf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

---

VALASKJÁLF

**Hótel Valaskjálf Egilsstöðum.**
**Leitar að yfirmatreiðslumanni.**

***Í starfinu felst:*** Umsjón með veitingastað, veisluþjónustu og matvælaframleiðslu. Innkaup og mannaforráð.

Hæfni í mannlegum samskiptum og rík þjónustulund skilyrði. Íbúð fylgir starfinu.

Umsókn með ferilskrá berist á netfangið:
***umsoknir@701hotels.is***

---





# UMSJÓNARMAÐUR FASTEIGNA HJÁ HÁSKÓLA ÍSLANDS

**Laus eru til umsóknar tvö 100% störf umsjónarmanna fasteigna á háskólasvæðinu.**
Um er að ræða annars vegar framtíðarstarf og hins vegar tímabundið starf til 1. desember 2017 með möguleika á framlengingu. Mikilvægt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Starfið felst í alhliða umsjón húsnæðis, þ.m.t. umsjón með hússtjórnarkerfum, öryggismálum og ræstingu. Viðkomandi sinnir einnig mikilvægu þjónustu- og upplýsingahlutverki við notendur húsanna. Umsjónarmaðurinn verður einn 14 umsjónarmanna Háskóla Íslands. Við ráðningu verður tekið mið af samsetningu hópsins sem viðkomandi verður hluti af. Skilyrt er að viðkomandi hafi bílpróf og geti unnið um kvöld og helgar eftir ákveðnu vinnutímaskipulagi.

**HÆFNI- OG MENNTUNARKRÖFUR:**
Krafist er tölvukunnáttu, þjónustulipurðar, hæfni í mannlegum samskiptum og iðnmenntun er æskileg. Viðkomandi þarf að vera duglegur, skapgóður og tilbúinn til að takast á við margvísleg verkefni. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af notkun öryggis- og hússtjórnarkerfa og hafi vald á ensku.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Við ráðningar í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun háskólans.

Umsókn skal sendast rafrænt inn á **www.hi.is/laus_storf**. Öllum umsækjendum verður svarað og þeim tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests.

**Nánari upplýsingar** um starfið veitir Laufey Sigurðardótir rekstrarstjóri hjá rekstri fasteigna í síma 525 4686 eða GSM 892 2888.

**Umsóknarfrestur er til 27. febrúar nk.**

HÁSKÓLI ÍSLANDS

---

# LAUS STÖRF
## FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

**Grunnskólar**
» Frístundaleiðbeinandi - Álfakot í Engidal
» Grunnskólakennari - Hvaleyrarskóli
» Stuðningsfulltrúi - Álfakot í Engidal
» Stuðningsfulltrúi - Hraunvallaskóli
» Þroskaþjálfi - Hraunvallaskóli

**Leikskólar**
» Leikskólakennari - Norðurberg
» Leikskólakennari - Bjarkalundur
» Leikskólakennari - Vesturkot
» Deildarstjóri - Hvammur

**Málefni fatlaðs fólks**
» Starf á heimili fyrir fatlað fólk - Einiberg
» Sumarstarf á heimili fatlaðs fólks - Einiberg

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.*

Nánar á **hafnarfjordur.is**

**HAFNARFJARÐARBÆR**
**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

---

Fjallabyggð

## Deildarstjóri stjórnsýslu og fjármáladeildar.

**Fjallabyggð óskar eftir að ráða drífandi og metnaðarfullan einstakling til starfa.**

**Menntun, hæfni, reynsla**

Deildarstjóri skal hafa háskólapróf í viðskiptafræði eða sambærilega menntun, helst með fjármálum fyrirtækja eða opinbera stjórnsýslu sem sérsvið. Hann verður að hafa reynslu af fjárstýringu, áætlunargerð og stjórnun. Deildarstjóri þarf einnig að hafa reynslu í mannauðsstjórnun og lipurð í mannlegum samskiptum.

Næsti yfirmaður deildarstjóra er bæjarstjóri.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Starfshlutfall er 100%.

Umsóknir skulu hafa borist bæjarskrifstofum Fjallabyggðar að Gránugötu 24, Siglufirði 580, eigi síðar en mánudaginn 27. febrúar 2017.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfi.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri, netfang gunnarb@fjallabyggd.issími 464 9100.

# Viðburðarstjóri Miða.is

Við leitum eftir öflugum aðila í nýtt og spennandi starf hjá miða.is.

Ef þú býrð yfir lífsgleði, frumkvæði og sjálftrausti þá er þetta rétt starf fyrir þig.

Um er að ræða einstakt tækifæri fyrir metnaðarfullan aðila að taka þátt í spennandi verkefnum sem eru framundan.

Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Sveigjanlegur vinnutími.

midi.is

**Umsóknarfrestur er til og með 19. febrúar. Umsóknir skal senda á elmar@midi.is. Þar eru einnig veittar nánari upplýsingar um starfið.**



HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 17-0507

# Viltu ganga til liðs við **Valitor?**

## Hjá Valitor er laust starf sérfræðings í umsóknarteymi

Leitað er eftir kraftmiklum einstaklingi í spennandi og krefjandi starf í alþjóðlegu starfsumhverfi.

**Starfssvið:**
- // Áreiðanleikakannanir og áhættumat á viðskiptavinum í umsóknarferli
- // Dagleg samskipti við samstarfsaðila í tengslum við umsóknarferil nýrra og núverandi viðskiptavina
- // Uppsetningar og breytingar á viðskiptavinum og samstarfsaðilum í kerfum Valitor
- // Utanumhald og þróun umsóknarferils Valitor í viðeigandi kerfum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- // Háskólamenntun er kostur
- // Gott vald á ensku í ræðu og riti
- // Þekking á fjármálum fyrirtækja er kostur
- // Góð almenn tölvukunnátta
- // Góð færni í mannlegum samskiptum og geta til að vinna í hóp

Umsóknarfrestur er til og með **19. febrúar** nk. Umsóknir óskast fylltar út á **www.valitor.is**

Umsóknum þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

Nánari upplýsingar veitir **Birgit Jóhannsdóttir**, deildarstjóri viðskiptareksturs.
Sími: **525 2000**

**Valitor** er traust og alþjóðlegt þekkingarfyrirtæki sem er stöðugt að skapa nýjar lausnir fyrir viðskiptavini sína. Gildin okkar; frumkvæði, traust og samvinna, knýja samhentan og metnaðarfullan starfshóp áfram í stöðugri viðleitni til að bæta þjónustuna.

VALITOR

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Húsavík | 201702/308 |
| Hjúkrunarfræðingur, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201702/307 |
| Ljósmóðir, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201702/306 |
| Hjúkrunarfræðingur, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201702/305 |
| Sjúkraliði, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201702/304 |
| Læknaritari, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201702/303 |
| Móttökuritari, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201702/302 |
| Sjúkraliði, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Siglufjörður | 201702/301 |
| Hjúkrunarfræðingur, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Siglufjörður | 201702/300 |
| Starfsm.við aðhlynningu, sumarafl | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Siglufjörður | 201702/299 |
| Sjúkraflutningamaður, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Siglufjörður | 201702/298 |
| Sjúkraliði, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201702/297 |
| Starfsm. við ræstingar, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201702/296 |
| Ritari á rannsóknarstofu, sumarafl. | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201702/295 |
| Móttökuritari, sumarafleysing | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201702/294 |
| Starfsm. við aðhlynningu,sumarafl | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Sauðárkrókur | 201702/293 |
Tvö svefnherbergi, tvö baðherbergi, góð stofa, eldhús opið við borðstofu. Hægt að velja um íbúðir á neðri hæð með lokuðum sérgarði eða penthouseíbúðir á efri hæð með góðum svölum út frá stofu og stórum þaksvölum. Traustur byggingaraðili með áratuga reynslu.

**Stutt í golf, á ströndina og La Zenia Boulevard verslunarmiðstöðina. Úrval veitingastaða og verslana í nágrenninu.**

Mikið úrval af góðum eignum á Spáni, íbúðir, raðhús og einbýlishús. Nýjar eignir og eignir í endursölu.

**Íslenskir löggiltir fasteignasalar sjá um allt kaupferlið og aðstoða við að skipuleggja skoðunarferðir og sýna eignirnar.**

**ÞÚ ERT Í ÖRUGGUM HÖNDUM HJÁ OKKUR**
**Áralöng reynsla af sölu fasteigna á Spáni.**



*NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR:*

AÐALHEIÐUR KARLSDÓTTIR
*Löggiltur fasteignasali*
GSM: 893-2495
adalheidur@stakfell.is



**GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI**




**LAUS FLJÓTLEGA**



**Selvað 1** — 110 Reykjavík

Útsýnisíbúð | 2-3 herbergi | 87 fm | Stæði í bílskýli

**37.500.000**

Björt og falleg íbúð á 4.hæð (efstu) í lyftuhúsi

**Vilborg** fasteignasali 853 7030

**Íbúð með stæði í bílageymslu**



**Baugakór 5** — Kópavogur

Íbúð | 3 herbergi | 97 fm | Íbúðin er vel skipulög

**40.900.000**

Björt og falleg íbúð á 2.hæð í lyftu húsi.

**Þóra** fasteignasali 777 2882

**Opið hús** lau. 11. feb. 14.00-14.30.





**Mántún 9 -** íbúðir — Reykjavík

Til sölu glæsilegar 3ja herb íbúðir við Mánatún 9 í Reykjavík. Íbúðirnar eru allar 3ja með einu til tveimur stæðum í bílskýli. Verð frá 56 m.

Fjölbýlishús | 3 herbergi | 130-140 fm | Laus strax

**Verð frá 56m**

Vandaðar innréttingar. Tvær íbúðir á hæð

**Brandur** fasteignasali 897 1401

**Opið hús** sun. 12. feb. kl. 16-16.30



**Tröllaborgir 9 -** endaraðhús — Grafarvogur

Raðhús | 5-6 herbergi | 167 fm | Mikil lofthæð

**63.900.000**

Stórglæsilegt endaraðhús á stórri lóð

**Þóra** fasteignasali 777 2882

**Opið hús** mið. 15. feb. kl. 17.30-18.00



**Fálkagata 5** — Vesturbær Reykjavíkur

Íbúð | 3-4 herbergi | 100 fm | Aukaherbergi í risi

**44.900.000**

Góð íbúð á efstuhæð í litlu fjölbýlishúsi

**Þóra** fasteignasali 777 2882

**Opið hús** lau. 11. feb. kl 15:00-15:30



**Þorláksgeisli 45** — 113 Reykjavík

Íbúð | 3 herbergi | 109,7 fm | Fullbúinn bílskúr

**38.900.000**

**Sigurður Fannar** aðst. fasteignasala 897 5930

**Úlfar Þór** fasteignasali 897 9030

**Opið hús** þri. 14. feb. kl 17:30-18:00



**Stórholt 47** — 105 Reykjavík

Sérhæð | 4 herbergi | 107,6 fm | Stutt í miðbæinn

**42.600.000**

**Sigurður Fannar** aðst. fasteignasala 897 5930

**Úlfar Þór** fasteignasali 897 9030

**Opið hús** mán. 13. feb. kl 17.30-18.00



**Skerjabraut 1 -** íbúð 0101 — Seltjarnarnes

Íbúð | 5 herbergi | 137 fm | 2 baðherbergi

**69.900.000**

Stórglæsileg íbúð með 4 svefnherbergjum

**Þóra** fasteignasali 777 2882



**Rofabær 27 -** íbúð 102 — 110 Reykjavík

Íbúð | 2 herbergi | 60 fm | Vinsælt hverfi

**28.500.000**

Góð íbúð á jarðhæð með verönd

**Gunnlaugur** fasteignasali 844 6447



**Fossagata 8** — 101 Reykjavík

Einbýlishús | Einstakt einbýlishús á þessu vinsæla stað

**Tilboð**

**Gunnlaugur** fasteignasali 844 6447

**Úlfar Þór** fasteignasali 897 9030

**Skipti óskast á stærri eign í 107 eða 170**



**Skerjabraut 1** — 170 Seltjarnarnes

Íbúð | 4 herbergi | 110 fm | Íbúð með sérinngangi

**61.900.000**

**Gunnlaugur** fasteignasali 844 6447

**Úlfar Þór** fasteignasali 897 9030







Fjárfestingartækifæri

# Miklir möguleikar

**Til sölu 7.430 fm fasteignasafn í fullri útleigu ásamt byggingarrétti á um 5.500 fm, skv. núgildandi deiliskipulagi.**

- Fasteignir í hjarta Kópavogs ásamt byggingarrétti skv. nýju deiliskipulagi Kópavogsbæjar.
- Fasteignirnar sem um ræðir eru Nýbýlavegur 4, Nýbýlavegur 6 og Nýbýlavegur 8 og eru samtals 7.430 fermetrar, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum þ.m.t. byggingarrétti í nýju deiliskipulagi.
- Byggingarrétturinn telur um 4.500 fermetra af íbúðarhúsnæði og 1.000 fermetra af atvinnuhúsnæði.
- Núverandi fasteignir eru í útleigu og í dag eru tekjur af þeim um 133 m.kr. á ári.



NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR



**Guðlaugur Ingi Guðlaugsson**
*Löggiltur fasteignasali*
gudlaugur@eignamidlun.is
864 5464 / 588 9090



**Kjartan Hallgeirsson**
*Löggiltur fasteignasali*
kjartan@eignamidlun.is
824 9093

EIGNAMIÐLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

# GLÆSILEGAR
## ÍBÚÐIR TIL SÖLU!
## Skógarvegur 12-14, 103 Reykjavík

**OPIÐ HÚS** SUNNUDAGINN 12. FEB KL 13-14








FASTEIGNASALAN TORG
Áb. Sigurður Gunnlaugsson lfs.

**Fjölbýlishús**
**Herbergi: 3-4**
**Stærðir: 117-161 m²**

**Verð frá: 61,8 millj**



Óskar
Sölufulltrúi
893 2499



Sigurður
Fasteignasali

**Glæsilegar og vel skipulagðar íbúðir í lyftuhúsi við Skógarveg. Vandaðar innréttingar. Hiti í gólfum. Borðaplata er með 20 mm qarts steini í ljósum lit. Spanhelluborð og blástursofn. Tvö baðherbergi eru í flestum íbúðunum. Þvottahús og baðherbergi verða með flísum á gólfi. Skilast fullbúnar fyrir utan gólfefni. Stæði í bílageymslu.**

**Upplýsingar:** Óskar sölufulltrúi í gsm: 893 2499

# TIL SÖLU

200 km frá Reykjavík

# HÓTEL BJARKALUNDUR

– í fögru og stórbrotnu umhverfi á sunnanverðum Vestfjörðum

**Nánari upplýsingar**
**Karl Jónsson**
**Sími 896 2822**

## HÓTEL

**19 tveggja til þriggja manna herbergi, stór veitingasalur/veislusalur, veitingasala, setustofa, bar, sjoppa, verslun, salernisaðstaða fyrir ferðafólk, fullbúið eldhús með öllum búnaði.**

## 6 SMÁHÝSI

**6 fullbúin 20 m². smáhýsi.**

## ÞJÓNUSTUSKÁLI OG TJALDSVÆÐI

**Salernis-,eldunar og sturtuaðstaða. Góð aðstaða fyrir tjaldgesti, hjólhýsi og húsbýla. Heitt og kalt vatn. Rafmagnsinnstungur á tjaldstæði. Leiktæki fyrir börn.**

## VEIÐI

**Berufjarðarvatn sem er ca. 15 hektarar er inn á landareigninni. Góð veiði í vatninu og aðstaða fyrir báta.**

## STÓR JÖRÐ

**Landareignin er samtals 58,5 hektarar, þar af er Berufjarðarvatn 15. hektarar. Mikið og fjölbreytt fuglalíf er við vatnið.**
**Jörðin er mjög falleg og gróðursæl með miklu landslagi.**
**Margar fallegar gönguleiðir.**












Til sölu Hótel Bjarkalundur og tilheyrandi eignir ásamt 58,5 hektara jörð á einum fallegasta stað landsins, margar náttúruperlur eru í nánasta umhverfi.
Fasteignir á landareigninni eru alls 9 talsins, samtals 1.015 fm. og skiptast í hótel, þjónustumiðstöð, 6 smáhýsi og starfsmannahús.
Samtals gistirými er fyrir yfir 50 manns og miklir stækkunarmöguleikar.
Hótelið býður uppá fjölbreytta möguleika. Stórt bílaplan er við hótelið til að taka á móti stórum rútum. Hótel Bjarkalundur stendur við þjóðveginn aðeins 200 km. frá Reykjavík.
N1 rekur bensínstöð á staðnum.

**Hér er um að ræða einstakan og verðmætan möguleika fyrir réttan aðila.**




Við þjóðveg 1 / vestur / norður | Veitingarekstur - Hótelrekstur - Ferðaþjónusta

# Einstakt tækifæri
## í ferðaþjónustu í Borgarnesi




DIGRANESGATA 4 BORGARNESI

- **Margvíslegir rekstrarmöguleikar**
- **Fjölnota rými til langtímaleigu**
- **Hótelrekstur með yfir 50 herbergi**
- **Eignarhlutir til sölu**

FRÁBÆR STAÐSETNING





Borgarland ehf. er að hefja leit að mögulegum samstarfsaðilum um uppbygginguna og fjárfestingu í glæsilegu húsnæði við Digranesbraut 4, á besta stað við Borgarfjarðarbrúnna við Borgarnes.

Húsnæðið er ætlað til reksturs á ferðatengdri þjónustu s.s. veitingarekstri, hótelrekstri, ferðaþjónustu, verslun o.þ.h.

**Uppbygging ferðaþjónustu á Vesturlandi eykst hröðum skrefum, en áætlað er að ferðaþjónusta á svæðinu eigi eftir að aukast til muna á allra næstu árum.**



Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali
895-1098 / 530-6501
finnbogi@heimili.is

heimili fasteignasala – á traustum grunni

**530 6500** | **Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is** | **530 6500**

lifestream®

NUTRITION TO LIVE BY

**Burt með liðverki, bólgur, stirðleika og eymsli. Aukið þol og endurheimt.**

# Virkni AstaZan styðst við viðurkenndar rannsóknir.*

## Styrkir náttúrulegt varnarkerfi líkamans.

**„AstaZan er eina bætiefnið sem ég mæli með fyrir alla"**

**Mark Kislich,** líkamsræktar og þrekþjálfari hjá Sporthúsinu.

„Hvort sem það er afreksfólk í íþróttum eða þeir sem stunda líkamsrækt, þá er AstaZan eitt af fáum bætiefnum sem þú virkilega finnur mun og sérð framfarir af. Færð meiri orku, líður betur og allt er auðveldara og skemmtilegra. Sjálfur get ekki hugsað mér að vera án AstaZan."

**„Losnaði við verki og bólgur af vefjagigt„**

**Ásdís Ómarsdóttir:** „Þjáðist stöðugt af verkum vegna vefjagigtar í 14 ár, gat lítið gert eða unnið. Á aðeins 3 vikum með AstaZan losnaði ég á við festumein, bólgur og verki. Sjúkraþjálfarinn minn sagði framfarirnar með ólíkindum. Sef líka betur, er komin í vinnu og nýt lífsins með fjölskyldunni."

Nýjar umbúðir sömu gæði




- **Samanburðar þolrannsókn sýndi 62% aukið vöðvaþol á 12 vikum**
- **Rannsóknir sýna að Astazan er gott við gigt**
- **Gott fyrir hjarta, kólestról og æðaheilsu**
- **Styrkir húðina fyrir sól og vetrarkulda**

*Malmsten, Curt, astaxanthin improves muscle endurance -double blind study. Karolinska Institute, Gustavsberg1998.
*Astaxanthin, oxidative stress, inflammation and cardiovascular rise. Pub. Future Cardiol 2009 Jul 5,
*Effect of astaxanthin supplemention on muscle damage and oxidative stress. Pub J Sport Med Phys Fitness. 2012 Aug.

Frumkvöðlar í lífrænni næringu í yfir 30 ár.

Lifestream fæst í Apótekum, Hagkaup, Nettó, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaup, Melabúðinni, Græn heilsa, Fríhöfninni og víðar | celsus.is

# smáauglýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 8-17

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

## BÍLAR & FARARTÆKI

BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN



**MEISTARAMÁNUÐUR**
RENAULT MASTER DCI 100 L2H2 nýskr. 02/2014, ekinn 45 Þ.km, dísel, 6 gírar. Verð 2.999.000 kr. +vsk. Raðnr.255425 á BILO.is



VW GOLF GTE PLUG IN HYBRID nýskr. 03/2016, sýningarbíll frá VW ekinn 1700 KM, bensín/rafmagn, sjálfskiptur Verð 4.480.000 kr. Skipti á ódýrari! Raðnr. 255561 á BILO.is

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**

BRAUT BÍLASALA



PEUGEOT 206+. Árgerð 2012, ekinn 105 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 790.000. Rnr.103205.



PEUGEOT 508 stw . Árgerð 2014, ekinn 19 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.490.000. Rnr.103049.



TOYOTA Yaris disel sol. Árgerð 2012, ekinn 65 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 1.990.000. Rnr.103160.

BRAUT BÍLASALA



MERCEDES-BENZ C 200 bluetec. Árgerð 2015, ekinn 14 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 4.980.000. Rnr.103235. ATH verður afgreiddur á Orginal felgum, hægt að nýta niðurfellingu til leigubílstjóra.

**Braut Bílasala**
**Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík**
**Sími: 587 6600**
**bilabraut@bilabraut.is**
**www.bilabraut.is**

100bilar.is bílasala



Lexus IS 200, 1/2004, ek 185 þús km, bsk, bensín, allt nýtt í bremsum, nýir gormar og legur, nýjar felgur og ný dekk, tilboðsverð 590.þús , er á staðnum, raðnr 118864.

**100 bílar ehf**
**Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18 virka daga & laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Bílar til sölu



Hyundai Terracan til sölu, árgerð '06, ekinn 158 þús. Ný sumar- og negld vetradekk á felgum ásamt töluverðum aukabúnaði. Upplýsingar í síma 8637910



Toyota Yaris Sol. Árgerð 2007. Vél 1300. Ekinn 99 þús. Skoðaður jan. 2017. Verð. 1.100 þús. Nánari upplýsingar í s. 845-2970 og 899-6471



SKODA FABIA Station, árgerð 2005. Ekinn 156.000, sjálfskiptur, ný tímreim í 120þús. Álfelgur og nýleg dekk. Verð 550.000. sími 822 1778

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

### Bátar



Smíðum álhurðir í báta stóra sem smáa. Skoðaðu heimasíðuna okkar alugluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.




**GRÁSLEPPUVEIÐIMENN**
Allt til grásleppuveiða lækkað verð. Heimavík ehf, Sporhömrum 3, heimavík.is S: 8928655

### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Líka úrval notaðra dekkja. Töku notuð uppí ný. Vaka s. 5676700

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

# Góð kaup!

KOMDU OG PRÓFAÐU!

**bill.is**
Malarhöfða 2
Sími 5773777
www.bill.is



**DACIA** Duster 4x4
**Verð: 1.500.000**
Árgerð: 2013 : Dísel
Ekinn: 172þ.km. : 6 gírar
Rnr.270250.



**FORD** Fiesta eco boost 100hö.
**Verð: 1.990.000**
Árgerð: 2016 : Bensín
Ekinn: 33þ.km. : 5 gírar
Rnr.107943.



**LAND ROVER** Range rover sport
**Verð: 12.990.000**
Árgerð: 2014 : Dísel
Ekinn: 42þ.km. : Sjálfskiptur.
Rnr.270259.



**SUBARU** Forester
**Verð: 4.590.000**
Árgerð: 2016 : Bensín
Ekinn: 24þ.km. : Sjálfskiptur.
Rnr.106618.



**TOYOTA** Land cruiser gx 150 anniversary 35
**Verð: 8.490.000**
Árgerð: 2012 : Dísel
Ekinn: 119þ.km. : Sjálfskiptur.
Rnr.301783.



**TOYOTA** Hilux gx.
**Verð: 6.690.000**
Árgerð: 2016 : Dísel
Ekinn: 10þ.km. : Sjálfskiptur.
Rnr.120265.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

Hús óskast til leigu helst á höfuðborgarsv. en má vera á suður eða vesturlandi. 250-350 þús á mán. Fyrirfram og/eða trygging, langtíma upp: 6996762/Tómas

## Atvinnuhúsnæði

**FJÁRFESTINGATÆKIFÆRI**
Lítið fasteignafélag með skrifstofueiningar í fastri útleigu til sölu. Hafið samband við Atvinnueign í síma: 577 5500

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Tökum að okkur alla jarðvinnu og uppsteypu á húsum. Uppl. sendist á husaogloda@gmail.com

**SENDILL ÓSKAST**
Sendill óskast á bílaverkstæði. Starfið felur í sér akstur eftir varahlutum, aðstoð á verkstæði og létt þrif umsóknir óskast sendar á as.v@internet.is.

**PÍPULAGNIR**
Píparar óskast til starfa launþegar/verktakar. Góð laun í boði og gott vinnuumhverfi.
**Uppl. í s. 898 1870 & stefanbr@simnet.is**
**SB pípulagnir ehf**

**DEVITOS PIZZA**
Óskar eftir pizzabakara. Eldri en 18 ára full vinna.
**Uppl. í s. 7761142**
**nizlouzir@gmail.com**

**kvosin** FERSKT OG FLJÓTT
Verslunin Kvosin óskar eftir ábyrgum og samviskusömum einstakling á reglulegar vaktir. Einungis 18 ára og eldri koma til greina. Reynsla af afgreiðslustörfum æskileg. Vinsamlegast sendið ferilskrá og uppl. um meðmælendur á telma@kvosin.is fyrir 21. febrúar.

Fiskvinnsla í Hafnarfirði leitar eftir vönum verkstjóra í fiskmóttöku. Viðkomandi þarf að geta leyst framleiðslustjóra af og unnið öll almenn fiskvinnslu störf. Umsóknir skal senda póst á vinna@hamrafell.is

## Atvinna óskast

Alm. trésmíðavinna. Tökum bæði við tímakaupi eða tilboðum í tiltekin verk. Flísalagning verð frá 3900 fyrir fm. S.8929295


STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

**Til hvers að auglýsa ?**

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.


## skemmtanir





HAPPY HOUR
alla föstudaga
kl. 16-19

Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

**Leikir helgarinnar:**

Laugardaginn 11. feb
12:20 Arsenal - Hull City
14:50 Man. United - Watford
17:10 Liverpool - Tottenham

Sunnudaginn 12. feb
13:20 Burnley - Chelsea

**Hljómsveitin Klettar**



Allir velkomnir

Rúnar Þór, Björgvin Gísla, Rúnar Vilbergs og Siggi Árna spila um helgina.
Föstudag kl. 23-02 (opið til 03)
Laugardag kl. 00-03

Gullnáman

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

# GLAMOUR

ÍSLENSKT TÍSKUTÍMARIT

KOMIÐ Í ALLAR HELSTU VERSLANIR



**Saga til næsta bæjar**



# Sjálfstæðir menn

**Stefán Pálsson** skrifar um tvær skáldsögur sem tengjast.







Eftilvill er hinn hvíti maður, einsog hann mótast og þjálfast undir áhrifum hins ríkjandi þjóðskipulags á Vesturlöndum, hin ömurlegasta manntegund sem sögur fara af á Jarðríki.“ – Þannig lýsti Halldór Laxness auðvaldssamfélaginu árið 1929 í grein um „vestheimska alheimsku“. Þar jós skáldið úr skálum reiði sinnar yfir neysluhyggju bandarísks samfélags sem snerist um auglýsingaskrum og lágkúru en æðri listir og dýpri hugsun væru gerð útlæg. En í svartnættinu vestan hafs var þó ljósan blett að finna: einn afburðamann sem ekki léti bugast gagnvart skrílmenningunni.

„Sterkustu máttarviði verslunarvaldsins hefur hann hrist, svo hrikt hefur í allri Amriku og jarðskjálfti farið í gegnum alt þjóðfélagið. Með skarpskyggni sinni, ótæmandi þekkingu, síbrennandi hugsjónaeldi, og ritleikni, hefur hann feingið því áorkað, að augu miljóna í þessu landi hafa opnast fyrir sannindunum um böl það sem fjendur þessarar þjóðar, auðvaldsdrottnararnir og fótaþurkur þeirra, hafa eytt dollarabiljónum í að telja amrísku fólki trú um að væri upphefð hennar. Hann hefur lagt í rústir fyrir auðvaldinu nokkura biljóna virði af heimsku.“

Maðurinn sem Halldór Laxness mærði svo mjög í grein sinni, var Upton Sinclair – vinur hans og starfsbróðir. Aðdáunin í garð hins bandaríska baráttumanns var fölskvalaus og Halldór nær að koma því skýrt að í frásögninni að þeir Sinclair þekkist, með því að rifja upp frekar léttvægar samræður þeirra á gönguför í Kaliforníu einhverjum misserum fyrr.

Raunar var ekki að undra þótt skáldið frá Laxnesi liti upp til þessa félaga síns. Upton Sinclair var aldarfjórðungi eldri og heimskunnur rithöfundur, þótt frægð hans hafi verulega dofnað í seinni tíð. Það var skáldsagan The Jungle frá árinu 1906 sem gerði Sinclair að stjörnu á einni nóttu. Bókin hefur illu heilli aldrei komið út á íslensku í fullri lengd, en styttri útgáfa í hraðsoðinni þýðingu var gefin út á Stokkseyri árið 1913 og nefndist þá Á refilstigum.

Í tímamótaverki sínu, Bréfi til Láru, varði Þórbergur Þórðarson drjúgu rými í að ræða um hina áhrifaríku bók Sinclairs. Önnur lykilbók frá fyrri helmingi tuttugustu aldar verður að teljast undir sterkum áhrifum frá verkinu, þótt það sé ekki sagt með berum orðum. Það er Sjálfstætt fólk eftir Halldór Laxness.

## Frelsisdraumar fátæklingsins

Sjálfstætt fólk er vitaskuld einhver ástsælasta íslenska skáldsagan, frábært og djúpt bókmenntaverk. Söguþráðurinn er þó frekar einfaldur: Guðbjartur Jónsson, Bjartur í Sumarhúsum, er stoltur smábóndi sem stritar mestalla ævina í þeirri þrjósku trú að hann geti orðið sjálfstæður maður og átt sína eigin jörð. Í þeirri styrjöld fórnar hann óafvitandi öllu því sem honum er kærast. Undir lok bókarinnar matar höfundurinn lesandann á boðskapnum, nánast með skeið, þar sem Bjartur er staddur í hópi verkfallsmanna í litlu þorpi sem færa honum stolið kaffi og brauð, lögreglan er væntanleg og bardagi í uppsiglingu. Þá loks skilur gamli þverhausinn hvernig í öllu liggur og skilur son sinn eftir hjá verkamönnunum að berjast.

Snilldin í Sjálfstæðu fólki felst ekki í fléttunni heldur stílbrögðum, persónusköpun og hliðarsögum. Ekki þarf hins vegar að blaða lengi í Frumskógi Sinclairs til að rekast á talsverð líkindi.

Söguhetja Frumskógarins er Jurgis Rudkus, innflytjandi frá Litháen, sem tekur sig upp með fjölskyldu sína og flytur til Evrópu. Á meðan Bjartur lét sig dreyma um frelsi í kotbýli á íslenskum heiðum, er fyrirheitna land Jurgis Chicago-borg þar sem smjör drypi af hverju strái. Þegar við komuna ræðst Jurgis til starfa í hinum gríðarstóra kjötiðnaði borgarinnar.

**KÚGUÐUST YFIR FRÁSÖGNUM AF DRAGÚLDNU KJÖTI SEM NOTAÐ VAR Í KÆFU- OG PYLSUGERÐ.**

Litháinn ungi er nautsterkur og hamhleypa til vinnu. Hann trúir því ekki öðru en að honum veitist létt að framfleyta sér, ungu eiginkonunni og öldruðum ættingjum með atorku sinni. Ungmennin í hópnum muni svo geta gengið í skóla og menntað sig. Þegar á hólminn er komið reynist lífsbaráttan harðari. Allir neyðast til að vinna erfiðisvinnu, ungir jafnt sem gamlir. Hvert áfallið á fætur öðru dynur á fjölskyldunni og skilja eftir sár á líkama og sál, en alltaf er viðkvæði Jurgis á sömu leið: „Ég legg þá bara harðar að mér.“

Fjölskyldumeðlimir deyja vegna matareitrunar, missa geðheilsuna vegna vinnuhörku og slæms aðbúnaðar og frumburður Jurgis drukknar í forinni á milli húskofanna sem verkafólkið býr í. Fjölskyldan glatar aleigunni vegna svika fasteignafélags. Eiginkonan kornunga neyðist til að ráða sig í vinnu hjá manni sem nauðgar henni og misnotar kynferðislega. Jurgis gengur í skrokk á níðingnum en uppsker fangelsisvist sem endanlega sópar fótunum undan fjölskyldunni. Rétt þegar hann sleppur aftur út deyr eiginkonan af barnsförum, en engir peningar höfðu verið til þess að kalla út lækni.

Veröld Jurgis er endanlega hrunin. Allir ástvinirnir eru látnir eða horfnir og draumurinn um frelsið í Ameríku er orðinn að martröð. Fyrstu viðbrögð hans einkennast af algjöru skeytingarleysi. Hann hallar sér að flöskunni, flakkar milli starfa og gerist jafnvel kosningasmali fyrir ófyrirleitinn auðkýfing sem er í framboði fyrir Repúblikana.

Eftir heila bók af hryllingslýsingum á ömurlegu hlutskipti fátæks verkafólks, virðist Upton Sinclair hafa ákveðið að taka enga áhættu á að boðskapurinn færi fram hjá lesandanum. Undir lok sögunnar álpast Jurigs inn á fyrirlestur hjá sósíalista nokkrum, sem ræður hann sem aðstoðarmann sinn. Sósíalistinn er mikill pólitískur hugsuður og lýsir hugmyndum sínum um ranglæti auðvaldsskipulagsins og kosti jafnaðarstefnunnar í löngu máli. Að lokum rennur upp ljós fyrir Jurgis, sem loksins skilur að ameríski draumurinn var blekking og áföll hans í lífinu voru í raun kapítalismanum að kenna.

## Miðað á hjartað…

Hvort Halldór Laxness hafi beinlínis haft Jurgis Rudkus í huga þegar hann skapaði Guðbjart Jónsson skal ósagt látið, enda skiptir það í sjálfu sér engu máli þótt líkindin séu talsverð. Sem bókmenntaverk stendur Sjálfstætt fólk langtum framar Frumskógi Sinclairs, enda síðarnefnda sagan á löngum köflum miklu fremur pólitískt áróðursrit en skáldsaga.

Líkt og Halldór Laxness lýsti svo fjálglega, var markmið höfundarins að hrista upp í auðvaldskerfinu. Rithöfundurinn og vinstrimaðurinn Jack London lýsti þeirri von sinni að sagan af Jurgis myndi valda sömu vitundarvakningu um kjör farandvinnufólks í bandarískum iðnaði og Kofi Tómasar frænda hefði gert varðandi þrælahald áratugum fyrr.

Þær vonir rættust ekki nema að takmörkuðu leyti. Frumskógurinn varð að sönnu metsölubók og á hvers manns vörum. Það voru þó ekki dapurleg örlög persónanna í bókinni sem mest áhrif höfðu á lesendur, heldur viðbjóðslegar lýsingarnar á aðstæðum og vinnsluaðferðum í kjötiðnaðinum. Sú mynd sem þar var dregin upp var ekki tilbúningur höfundarins, heldur byggði hún á vettvangsrannsóknum.

Lesendur kúguðust yfir frásögnum af dragúldnu kjöti sem notað var í kæfu- og pylsugerð, rottugangi, sóðaskap og útbreiddum vörusvikum þar sem kjöt af skepnum af öllum aldri og tegundum var selt sem gæðavara. Stjórnvöld voru nauðbeygð að grípa í taumana. Theodore Roosevelt Bandaríkjaforseti skipaði ráðherrum sínum að rannsaka málið.

Viðbrögð alríkisstjórnarinnar voru þau að setja löggjöf um meðferð matvæla og koma upp eftirlitsstofnunum sem síðar urðu Matvæla- og lyfjastofnun Bandaríkjanna. Því má segja að bókin hafi getið af sér mestu breytingar í neytendavernd vestanhafs á tuttugustu öld, sem hlýtur að teljast dágott fyrir verk sem birtist fyrst sem framhaldssaga í lítt þekktu sósíalistablaði.

**visir.is** Lengri útgáfu má finna á Vísi.

KOMDU Í KOLAPORTIÐ
– dásamleg deild samfélagsins
OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17


ego dekor
ÚTSÖLULOK - ÚTSÖLULOK
ÚTSÖLULOK 20 - 50% AFSLÁTTUR
-20%
-20%
CANNON TUNGUSÓFI
Stærð: 260X167cm
Verð: 205.000,-
-30%
NAPOLI TUNGUSÓFI
Stærð: 250X165cm
Verð: 199.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 119.400,-
JERSEY 4RA SÆTA SÓFI
Breidd: 298cm
Verð: 195.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 156.000,-
-20%
-20%
-25%
-20%
-25%
-30%
COE ARMSTÓLL
Verð: 118.000,-
ÚTSÖLUVERÐ: 88.500,-
MAX STÓLL
Verð: 16.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 13.520,-
DEVON STÓLL
Verð: 19.800,-
ÚTSÖLUVERÐ: 14.850,-
Opal STÓLL
Verð: 16.900,-
ÚTSÖLUVERÐ: 11.830,-
Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00 Sun:13 - 16.00
Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is

**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA

Nýtt Húsasmiðjublað er komið út

# SÚPER
## TILBOÐ HÚSASMIÐJUNNAR

Electrolux 5 ÁRA ÁBYRGÐ
Electrolux
**ÞÚ SPARAR: 8.090 KR**
**Þurrkari** EDP2074PDW
Barkalaus með rakaskynjara, tekur 7 kg, orkunýting C. Hljóðstyrkur 64 dB.
Stærð: H: 85 cm, b: 60 cm, d: 60 cm.
1860171
**56.900 kr**
~~64.990~~

Electrolux 5 ÁRA ÁBYRGÐ
Electrolux
**ÞÚ SPARAR: 16.910 KR**
**Þvottavél** FW30L7120
7 kg, 1200 sn.
Orkunýting A+++.
1805690
**54.900 kr**
~~64.990~~

Electrolux 5 ÁRA ÁBYRGÐ
Electrolux
**ÞÚ SPARAR: 12.000 KR**
**Uppþvottavél** ESF5521LOW
Orkunýting A+, þurrkhæfni A, þvottahæfni A, hljóðstyrkur 45 dB.
1808976
**57.990 kr**
~~69.990~~

# HÖRKU
## VERKFÆRADAGAR!

265 kg HVER HILLA
avasco
**6.995 kr**
**Hillurekki Strong 265 Galva**
Stærð: 180x90x45 cm
5 hillur, hver hilla ber 265 kg.
Litur: Galv.
5803674

32% afsláttur
SÚPER TILBOÐ
**9.995 kr**
~~14.725~~ kr
**Hleðsluborvél**
Boxer, 18V, tvær 1,5Ah Li-ion rafhlöður, hleðslutími 1 klst. Hersla 45Nm.
5245253

31% afsláttur
Nilfisk
SÚPER TILBOÐ
**12.995 kr**
~~18.995~~ kr
**Háþrýstidæla**
110 bör, 440 l/klst., 5 metra slanga.
5254233

40% afsláttur
NEO TOOLS
SÚPER TILBOÐ
**11.995 kr**
~~19.995~~ kr
**Topplyklasett**
NEO, 110 stk., 1/2"-1/4".
5052570

33% afsláttur
BLACK& DECKER
SÚPER TILBOÐ
**9.995 kr**
~~14.995~~ kr
**Hleðsluborvél**
10,8V, tvær 1,5Ah Li-ion rafhlöður, hersla 26Nm.
5245565

**VERSLAÐU Á HUSA.IS**
FRÍ HEIMSENDING EF VERSLAÐ ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA

**Byggjum á betra verði**



Electrolux

SÚPER TILBOÐ

**13.990 kr**

~~19.660 kr~~

Ryksuga Ergorapido
12V með hleðsluraflhlöðu.
1808929



Electrolux

SÚPER TILBOÐ

**6.590 kr**

~~9.590 kr~~

Blandari ESB2300
1.5 ltr, 450w. Glerkanna.
1840155

20% afsláttur




JOTUN

SÚPER TILBOÐ

**2.390 kr**

~~2.995 kr~~

Jotun vegg- og loftamálning
3 ltr.
7119781-83




18V XR

KOLALAUS MÓTOR

DEWALT

SÚPER TILBOÐ

**34.995 kr**

20% afsláttur

~~43.995 kr~~

Hleðsluborvél
18V, kolalaus mótor, 2,0Ah XR Li-ion rafhlöður (2 stk.). 13 mm patróna úr stáli, 2ja gíra skipting, ledljós.
5159080

**25% afsláttur**
af öllum
Jumbo, 3-8 þrepa
áltröppum
5078885-5078894



JUMBO

SÚPER TILBOÐ

**3.670 kr**

~~4.895 kr~~

Áltröppur
Jumbo,
3ja þrepa.
5078885

blómaval

# FERMING

## í Blómavali Skútuvogi







**20% afsláttur** af allri fermingarvöru gegn framvísun heimsenda fermingarpóstsins frá Blómavali



**Kornið gefur smakk**

**Kornið veisluþjónusta**
Kornið kynnir flottar veitingar fyrir ferminguna og gefur að smakka.

**Ljósmyndir og list**
Sérstakt tilboð á fermingarmyndatökum fyrir viðskiptavini Blómavals.

## ÚTSALA Á POTTAPLÖNTUM 25-50% afsláttur

-26%
Orkidea
**1.990 kr**
~~2.690 kr~~
11325000



-25%
Monstera
17 cm pottur
**3.359 kr**
~~4.490 kr~~



-25%
Indiánafjöður
17 cm pottur
**1.340 kr**
~~1.790 kr~~
11261877



25% afsláttur
af öllum luktum

-25%
Lukt 18x18x54 cm
**4.493 kr**
~~5.990 kr~~



Kaktusar og þykkblöðungar
Margar gerðir
Verð frá
**374 kr**
~~749 kr~~



## Merkisatburðir

**1411** Fyrsti friðarsamningurinn í Thorn milli Pólverja og Litháa annars vegar og Þýsku riddaranna hins vegar.
**1752** Fyrsta sjúkrahús Bandaríkjanna, Pennsylvania Hospital, er opnað.
**1814** Noregur lýsir formlega yfir sjálfstæði og þar með eru dagar Dansk-norska ríkisins á enda.
**1961** Réttarhöld yfir Adolf Eichmann hefjast í Jerúsalem.
**1964** Bardagar á milli Grikkja og Tyrkja brjótast úti Limassol á Kýpur.
**1973** Sjónvarpið frumsýnir kvikmyndina Brekkukotsannál sem gerð var eftir samnefndri sögu Halldórs Laxness.
**1990** Nelson Mandela sleppt úr fangelsi í Suður-Afríku eftir að hafa verið pólitískur fangi í 27 ár.
**2011** Arabíska vorið: Hosni Mubarak Egyptalandsforseti hrökklast frá völdum eftir margra daga fjölmenn mótmæli.



Friðrik Agni og aðrir danskennarar í World Class í Laugum í góðum gír. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ætla að dansa fyrir lífið

**Zumbakennarar í World Class í Laugum ætla að leiða 90 mínútna dansgleðitíma í hádeginu á morgun til styrktar UNICEF og verkefni þeirra í Sýrlandi. Pláss er fyrir 80-90 manns.**

„Við danskennararnir hjá World Class í Laugum ákváðum að taka höndum saman og standa að viðburði til ágóða fyrir börn í Sýrlandi. Þátttökugjald er 2.000 krónur og rennur beint til UNICEF,“ segir Friðrik Agni Árnason um 90 mínútna Zumbadanstíma sem hann og kollegar hans í Laugum hafa skipulagt á morgun, sunnudag, klukkan 12.30. Hann kveðst hafa sett sig í samband við UNICEF og þar hafi þessu framtaki verið fagnað.

Friðrik segir einn sal í Laugum tekinn undir dansinn og reiknar með að koma þar inn 80 til 90 manns. „Fyrstir koma, fyrstir fá en við erum opin fyrir því að endurtaka leikinn nokkrum sinnum á ári ef við komum ekki öllum að núna og höfum búið UNICEF undir það.“

Mikill áhugi er fyrir dansinum, að sögn Friðriks. „Það eru margir sem ætla að dansa. Tvö þúsund kall er heldur ekki mikið til að sjá af. Það er nú bara það sem margir gefa í safnanir. Með þessu móti erum við virk í að gefa til góðgerðarstarfs og komum sjálfum okkur á hreyfingu,“ bendir hann á.

„Öllum rennur til rifja að sjá myndir frá Aleppo í Sýrlandi, sérstaklega af litlum börnum. Margir deila þeim á samfélagsmiðlum og finna til samúðar,“ segir Friðrik og kveðst hafa verið í þeim flokki. „Mér fannst ég svo ráðalaus en þegar ég fór að skoða mitt daglega líf betur þá sá ég að það eru leiðir til að gera eitthvað í málunum, þótt það sé ekki mikið. Mér fannst ekki nóg að deila myndum á fésbók og sendi því skeyti á alla danskennarana í World Class og sagði að þarna væri tækifæri fyrir okkur til að gera eitthvað saman, þeir voru hjartanlega sammála.“

Hann segir hugmyndina þá að dansa fyrir lífi barna sem nú líða skort og hörmungar en eigi vonandi framtíðina fyrir sér og dreifa um leið jákvæðni og gleði út í stríðshrjáðan heim. „Það er þess virði,“ segir hann. „Og margt smátt gerir að lokum eitt stórt.“

Friðrik getur þess að allir sem mæti í dansinn fái gjafapoka með Dr. Organic vörum. **gun@frettabladid.is**



Okkar ástkæra
**Guðný Magnúsdóttir**
Silfurgötu 9, Ísafirði,
lést á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða þann 3. febrúar. Útförin fer fram í kyrrþey að hennar ósk.

**Vilberg V. Vilbergsson**
**Rúnar Vilbergsson** — **Tamila Gámez Garcell**
**Sara Vilbergsdóttir** — **Gísli Guðmundsson**
**Bryndís Vilbergsdóttir** — **Garðar Erlingsson**
**Svanhildur Vilbergsdóttir** — **Hjörtur Svavarsson**
**Ylfa Mist, Viðar Hákon, Guðný, Vilberg, Bjartur Dagur, Björg, Sólrún, Vilberg Samúel og barnabarnabörn.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*




**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚTFR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi — SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Símar allan sólarhringinn:
**581 3300 & 896 8242**
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is



Sverrir Einarsson — Kristín Ingólfsdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242




*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*
Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.
ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
**Sveinbjörg V. Karlsdóttir**
Langholti 8, Keflavík,
lést á Hrafnistu, Nesvöllum, Reykjanesbæ, miðvikudaginn 8. febrúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, mánudaginn 13. febrúar kl. 13.

**Guðrún Pétursdóttir**
**Ingunn S. Pétursdóttir** — **Kristinn Sverrisson**
**Sævar Pétursson** — **Matthildur Einarsdóttir**
**Bragi Guðmundsson** — **Valgerður Þorvaldsdóttir**
**Pétur Pétursson** — **Sigríður K. Steinarsdóttir**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Örnólfur Thorlacius**
fyrrverandi rektor MH,
verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 15. febrúar klukkan 11.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Sigurður Thorlacius** — **Sif Eiríksdóttir**
**Arngrímur Thorlacius** — **Elísabet Axelsdóttir**
**Birgir Thorlacius** — **Rósa Jónsdóttir**
**Lárus Thorlacius** — **Þóra Árnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
**Þorsteinn Elías Kristinsson**
kennari í Keflavík,
lést á Hrafnistu, Nesvöllum, sunnudaginn 5. febrúar. Útför hans fer fram frá Keflavíkurkirkju, þriðjudaginn 14. febrúar kl. 11.

**Helga Þorkelsdóttir**
**Þorkell V. Þorsteinsson** — **Lydia Jósafatsdóttir**
**Kristinn Á. Þorsteinsson**
**Elín Þ. Þorsteinsdóttir** — **Gísli Willardsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkæra amma mín, stoð mín og stytta, langamma og langalangamma,
**Jóna Margrét Halldórsdóttir**
Hrafnistu, Hafnarfirði,
lést á Landspítalanum 28. janúar. Útför hennar fór fram 6. febrúar frá Hafnarfjarðarkirkju í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug.

**María Jóhannsdóttir** — **Börkur Valdimarsson**
**Róbert Barkarson**
**Íris Barkardóttir** — **Arnar Atli Sigurgíslason**
**Óliver Arnarsson**

# Rýnir í íslensk örnefni

**Helgi Skúli Kjartansson sagnfræðingur flytur fyrirlestur í Odda í dag um Landnámabók og nafnfræði Þórhalls Vilmundarsonar íslenskuprófessors.**

„Þegar Þórhallur Vilmundarson prófessor fór að skoða íslensk örnefni þá sá hann augljósar skýringar þeirra í náttúrunni, sem í heimildum eins og Landnámu eru útskýrð útfrá persónum eða atburðum. Þetta ætla ég að rifja upp og nefna dæmi,“ segir Helgi Skúli Kjartansson sagnfræðingur um efni fyrirlesturs sem hann heldur í Odda í dag klukkan 13.15. Hann kveðst hafa nýútkomna bók Gunnars Karlssonar sagnfræðiprófessors, Landám Íslands, til hliðsjónar.

„Bók Gunnars minnir á hvað það breytti miklu í viðhorfi til fornra fræða að Þórhallur kom fram með sína náttúrunafnakenningu í kringum 1970. Á þeim tíma tóku menn almennt mark á Landnámabók sem nokkuð trúverðugri heimild, jafnvel í smáatriðum, þó túlkun á Íslendingasögunum hefði breyst. En þar er mikið um örnefni og skýringar á tildrögum þeirra sem Þórhallur Vilmundarson hafnaði í stórum stíl.“

Örnefnið Kambsnes við Hvammsfjörð er dæmi um misræmi milli Landnámu og kenninga Þórhalls, að sögn Helga Skúla. „Landnáma telur að Kambsnes heiti svo af því að Auður djúpúðga hafi týnt kömbum sínum þar þegar hún var að nema land. En Þórhallur bendir á að klettakambur liggi eftir nesinu sem það dragi nokkuð augljóslega nafn sitt af. Svona gengur hann á röðina.“

Helgi Skúli segir það lögmál í sagnageymd að auðveldast sé að muna atburði og persónur. „Það blasir við að á fyrstu öldum Íslandsbyggðar, áður en farið var að skrifa fornritin, hefur verið tilhneiging til að túlka örnefnin þannig að þau tengdust atburðum eða mannanöfnum. Að Öxará heiti svo af því einhver týndi öxinni sinni þar og Dýrafjörður af því landnámsmaðurinn þar hafi fengið viðurnefnið dýri. Sama er að segja um Tálknafjörð, í Landnámu er gert ráð fyrir að landnámsmaðurinn hafi heitið Tálkni en þar er fjall með því nafni sem lítur út eins og tálkn í fiski eða skíði í hval og skíðin hétu tálkn í gamla daga.“

Spurður hvort hann ætli bregða upp myndum máli sínu til stuðnings svarar Helgi Skúli. „Nei, ég verð eftirbátur Þórhalls því það var óvenjulegt hversu fyrirlestrar hans voru mikið myndstuddir en ég feta ekki í fótspor meistarans.“

Fyrirlesturinn er í stofu 106 í Odda, húsi HÍ, og hefst klukkan 13.15.

**gun@frettabladid.is**

> **Landnáma telur að Kambsnes heiti svo af því að Auður djúpúðga hafi týnt kömbum sínum þar þegar hún var að nema land.**



**Helgi Skúli segir það lögmál í sagnageymd að auðveldast sé að muna atburði og persónur.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,

**Guðlaugur Þór Thorarensen**

lést á heimili sínu í Sandnes í Noregi laugardaginn 4. febrúar. Útför hans fer fram frá Höyland-kirkju í Sandnes þriðjudaginn 14. febrúar kl. 14.30.

**Gloria**
**Tanja - Svein, Linda - Terje, Eldar, Jonar, Sif - Ómar, Sigfríður Lourdes, Richard - Helge Kristina, Joakim, Kaja, Sander, Sara, Liah, Cohen, Aurora, Hrafnkell, Karolina, Kenzo, Kendra, Cedric, systkin og fjölskyldur þeirra.**

---



†

**Guðmundur Sigvaldason**
Birkihlíð 6, Hörgársveit,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 8. febrúar.

**Torfhildur Stefánsdóttir**
**Sigvaldi Már Guðmundsson** — **Agnes Harpa Jósavinsdóttir**
**Álfheiður Guðmundsdóttir** — **Jón Ingvar Bragason**
**Óðinn Guðmundsson**
**og barnabörn.**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Vilborg Jóhannesdóttir**
Þórsgötu 12 (áður Þórsgötu 4),

verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 14. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Kristniboðssambandið, sími 533 4900, og KFUM og KFUK, sími 588 8899.

**Gunnar Jóhannes Gunnarsson** — **Sigurjón Gunnarsson**
**Ragnar Gunnarsson** — **Guðlaugur Gunnarsson**
**Ragnhildur Gunnarsdóttir** — **Bjarni Gunnarsson**
**og fjölskyldur.**

---



†

Elskulegur sambýlismaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Emanuel „Lino“ Cilia**
framkvæmdastjóri frá Möltu,

lést þann 6. febrúar sl. á Möltu. Útförin fór þar fram þann 9. febrúar.

**Victoria Cilia**
**Ivon Stefán Cilia** — **Harpa Cilia Ingólfsdóttir**
**Victor Guðmundur Cilia** — **Solveig Óladóttir**
**María Dís Cilia**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



†

Elskulegur faðir okkar og afi,

**Óskar Guðmundsson**

lést 2. febrúar. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu mánudaginn 20. febrúar kl. 13.00.

**Þrúður Óskarsdóttir**
**Unnur Óskarsdóttir**
**Sólveig Róbertsdóttir**
**Snædís Lilja Ingadóttir, Aðalbjörn Unnar Jóhannsson, Andrea Eir Almqvist og Daniel Hugo Almqvist**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Sigvaldi Elfar Eggertsson**

lést laugardaginn 4. febrúar. Útför hans fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 16. febrúar kl. 13.

**Guðmunda Þórisdóttir**
**Signý Magnúsdóttir**
**Þórir Helgi Sigvaldason** — **Hildur Hilmarsdóttir**
**Írena Katrín**

---



†

Okkar ástkæri

**Þorsteinn Sigurðsson**
vélvirkjameistari

andaðist á Landspítalanum 31. janúar 2017. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Kærar þakkir til starfsfólks á deild B 7, Landspítalanum í Fossvogi, fyrir frábæra umönnun og alúð. Þökkum samúð og vinarhug.

**Ástvinir og fjölskyldur hins látna.**

---



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, okkar, tengdafaðir og afi,

**Birgir Guðmundsson**
Miðhúsum 25, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 9. febrúar.

**Nanna S. Baldursdóttir**
**Bjarni Birgisson** — **Hrefna Bjarnadóttir**
**Guðmundur Kr. Birgisson** — **Lilja Níelsdóttir**
**og barnabörn.**

---



†

Eiginkona mín, móðir okkar, systir, mágkona og amma,

**Jóhanna Margrét Kondrup**

lést 1. febrúar á Landspítalanum. Útför hennar fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 15. febrúar kl. 15.

**Sigurlinni Sigurlinnason**
**Astrid Doucet**
**Natalie Doucet**
**Bryndís Kondrup** — **Sigurður Bergsteinsson**
**Ásrún Inga Kondrup** — **Ófeigur Freysson**
**Deborah Doucet**

---



†

Okkar ástkæra

**Jenný Jónsdóttir**
Markarvegi 17,

lést á Sólteigi, Hrafnistu, laugardaginn 4. febrúar. Útförin fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 14. febrúar kl. 13.00.

**Grímur Ormsson**
**Birna Grímsdóttir** — **Benedikt Jóhannsson**
**Inga K. Grímsdóttir**
**Óðinn Grímsson** — **Kristín Birgisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**1** Bregð fæti fyrir áhlaupið mikla (11)
**7** Stælar vegna rammflæktra og harðlokaðra (6)
**10** Greini af rödd þinni að þetta eru skammir (5)
**11** Af gegndarlausri mannúð og ofstopa (11)
**13** Vil að fyrsti boli taki á kúarektor (10)
**14** Legg sund við baul með millibyggingu (9)
**15** Leysa þraut fjórðu víddar, þau ráða við það í núinu (12)
**16** Allra fyrsta staðan fyrir frjóan hugsuð (9)
**17** Sorgum hlaðin dysjar hún sinn grýtta háls (10)
**21** Um báða enda þar sem rík eru innan girðingar (9)
**26** Fyndin mynd af lambi fer víða á Netinu (4)
**28** Blaða í sögu um rokkband sem verkaði rjúpur? (9)
**30** Óræð mannfjöld snýst einsog þyrill (7)
**31** Mállaus enda á spássíu (8)
**32** Var snar-ringlaður innan um afdráttarlausar (7)
**33** Opið hlaup niður úr blöðru er fæðingargalli (7)
**35** Tveir verðandi konungar háloftanna; annar ragur en báðir ringlaðir (10)
**37** Klikkaður finnur leiði fyrir guð vegna skjótra viðbragða (9)
**40** Söngvar hinna munaðarlausu sem eiga að fá allt (14)
**41** Draugagangur eykur miðasölu (6)
**42** Spjótsoddur áa Elliða verður hundum að leik (8)
**43** Snúinn snæddir erfðagóss fyrir stefnumótið (12)
**44** Skömm er það fyrir hinar, að auka böl þeirrar sem svívirt er (9)

**LÓÐRÉTT**

**1** Oft þá einn er á móti margnum skákum við í skjóli planka (10)
**2** Með þeim deili ég hjónarúmi og hinstu hvílu (10)
**3** Finn angan af stórum og stinkandi (9)
**4** Myndi starfa við staðsetningar, væri ég einlægur (9)*
**5** Bjarga börnunum frá ákveðnum gaurum (9)
**6** Stoppar romsu um pumpusetur (11)
**7** Fót- og handnettur, meinarðu? (8)
**8** Haf, herrar og yfirnáttúrulegar ógranir (8)
**9** Æst geng ég götu ganda (8)
**12** Skel og skak geyma hvítu og rauðu (7)
**18** Blessa stuttan túrinn milli vinnutarna (13)
**19** Á jaðrinum eru drottningar og mjólkurhlaup (8)
**20** Í ISS ryksugar fólk partíduft (7)
**22** Vilja upplýsa stíginn að skólanum (12)
**23** Sigldu til Íslands með hæfileika til bókabrasks (6)
**24** Hrygla að neðan, eða var það gleypni? (6)
**25** Allt um hró sem risti af reðri (6)
**27** Fylgjum rangólum í seinni leitum (11)
**28** Hvað segirðu, er blágulur tengdur efnahag manna? (7)
**29** Er massi anna ekki eitthvað rugl? (7)
**34** Vont er að vera illa birgur ef bandamannasótt brýst út (8)
**36** Kemst í dag nær hjarta þeirrar sem nudduð er (7)
**37** Fer í stofu mótlætis og meðlætis (6)
**38** Reikna með rugluðum stjóra (6)
**39** Óðagot Ameríkana minnir á kanana (6)

*Jú, það má líka skrifa þetta svona!





Lausnarorð síðustu viku var
**SKATTASKJÓL**

FORLAGIÐ

## VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi að þessu sinni eintak af **Afturgöngunni eftir Jo Nesbø** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Hallfríður Frímannsdóttir, Reykjavík.**




## LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist fyrirlitinn griðastaður gráðugra (11). Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 16. febrúar næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „11. febrúar".

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.




# Þrautir

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### ÓVENJULEGA ÖRUGGUR SIGUR

Sveit Danmerkur vann óvenjulega öruggan sigur í sveitakeppni Bridgehátíðar. Sveit þeirra sat lengstum í efsta sætinu og endaði með 149,71 stig í 10 leikjum sem gerir tæp 15 stig í leik. Næsta sveit var ensk, „De Botton", sem endaði með 137,50 stig, meira en 12 stigum neðar. Spilarar í dönsku sveitinni voru Mikael Askgaard, Andes Hagen, Mads Eyde og Jacob Rön. Í síðustu umferð keppninnar spilaði sveit Danmerkur við enska sveit „Team Black". Danirnir eru þekktir fyrir að berjast vel um að eiga lokasamninginn og styðja það með góðu úrspili. Í þessu spili í leiknum spiluðu þeir báða samningana. Mikael Askgaard og Anders Hagen fengu að spila fjögur lauf í NS, samningur sem var næsta auðveldur til vinnings. Niðurstaðan var enn betri í hinu borðinu í leik þeirra. Suður gjafari og AV á hættu:

**Norður**
♠ Á6
♥ 3
♦ G52
♣ KD97543

**Vestur**
♠ 985
♥ D10982
♦ D8
♣ ÁG6

**Austur**
♠ KDG732
♥ G7
♦ K976
♣ 8

**Suður**
♠ 104
♥ ÁK654
♦ Á1043
♣ 102

Eftir mikla sagnbaráttu fengu Mads Eyde og Jacob Rön að spila 3♠ doblaða á AV hendurnar. Sá samningur fékk að vinnast eftir ónákvæma vörn og við töluna 130 bættist talan 930 við. Það voru 14 impar sem Danirnir þáðu með þökkum og átti stóran þátt í sigri Dananna í leiknum, 12,18-7,82 og næsta öruggan sigur í sveitakeppni Bridgehátíðar.

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Pirisi átti leik gegn Szalanczy í Búdapest árið 1981.

**Hvítur á leik**
**1. Hxh6!! Bxh6 2. Dg6+ Bg7 3. Re6! Bxe6 4. Bd4! 1-0.** Bikarsyrpa TR hófst í gær. 24 skákmenn taka þátt.
**www.skak.is:** Bikarsyrpa TR.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | 7 | 6 | | 2 | | 4 | |
| 6 | | | | | 5 | | 2 | |
| 9 | 5 | | | 4 | 8 | | | 1 |
| | 2 | | | 6 | | 1 | 9 | |
| | 4 | | | 5 | | 2 | | 8 |
| 3 | | | | | 7 | 5 | | |
| | | | 1 | | 4 | 7 | | |
| | | 9 | | 8 | | | | |
| 8 | 1 | | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | 6 | 2 | | | 7 | | |
| 5 | 7 | 8 | | | | 1 | | |
| 9 | 1 | | | | | 8 | | 4 |
| | 6 | | | | | 2 | | |
| | 5 | | 8 | | | | 6 | 3 |
| | | 3 | 4 | 5 | 6 | | | 8 |
| | 8 | | 6 | 4 | 5 | | 9 | |
| | | | 1 | 8 | 9 | | 4 | |
| | | | | 3 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 7 | | | 6 |
| | | 5 | | | | 4 | | 9 |
| | 2 | | | | | | | |
| | | | | 2 | | 9 | 7 | 8 |
| 9 | 5 | | | | 8 | | | 3 |
| | | | 7 | | | | 5 | |
| 1 | 3 | 4 | | | 2 | | | 7 |
| | | | | | | | | |
| 6 | 7 | 2 | | 5 | 9 | 3 | | 1 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 4 | 7 | 9 | 2 | 8 | 3 | 6 | 1 |
| 6 | 8 | 1 | 7 | 3 | 4 | 9 | 2 | 5 |
| 9 | 2 | 3 | 5 | 6 | 1 | 4 | 7 | 8 |
| 7 | 9 | 4 | 1 | 8 | 2 | 5 | 3 | 6 |
| 2 | 1 | 5 | 3 | 9 | 6 | 7 | 8 | 4 |
| 3 | 6 | 8 | 4 | 5 | 7 | 2 | 1 | 9 |
| 8 | 7 | 2 | 6 | 4 | 5 | 1 | 9 | 3 |
| 1 | 5 | 9 | 8 | 7 | 3 | 6 | 4 | 2 |
| 4 | 3 | 6 | 2 | 1 | 9 | 8 | 5 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 6 | 1 | 3 | 7 | 2 | 4 | 8 | 9 |
| 4 | 3 | 7 | 5 | 8 | 9 | 2 | 6 | 1 |
| 8 | 9 | 2 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 5 |
| 6 | 4 | 3 | 7 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 |
| 9 | 7 | 8 | 4 | 2 | 1 | 5 | 3 | 6 |
| 1 | 2 | 5 | 6 | 3 | 8 | 7 | 9 | 4 |
| 2 | 1 | 9 | 8 | 4 | 3 | 6 | 5 | 7 |
| 7 | 8 | 4 | 9 | 5 | 6 | 1 | 2 | 3 |
| 3 | 5 | 6 | 2 | 1 | 7 | 9 | 4 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 2 | 7 | 5 | 4 | 3 | 8 | 9 |
| 3 | 4 | 5 | 9 | 6 | 8 | 2 | 1 | 7 |
| 7 | 8 | 9 | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| 1 | 9 | 4 | 5 | 3 | 7 | 6 | 2 | 8 |
| 2 | 6 | 3 | 4 | 8 | 9 | 5 | 7 | 1 |
| 8 | 5 | 7 | 2 | 1 | 6 | 9 | 3 | 4 |
| 9 | 2 | 8 | 3 | 4 | 1 | 7 | 6 | 5 |
| 4 | 3 | 1 | 6 | 7 | 5 | 8 | 9 | 2 |
| 5 | 7 | 6 | 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 3 |



11.2 EINN EINN TVEIR dagurinn

# 112-dagurinn er í dag!



# Við björgum deginum

## með skemmtilegri dagskrá um allt land í dag

**Hörputorg og Faxagarður kl. 13-16**

- **Hörputorg**: Viðbragðsaðilar sýna fjölbreyttan tækjakost:
  *Sjúkrabíll – björgunarbílar – björgunarbátar – vélsleðar – lögreglubílar – lögreglumótorhjól – sprengjudeild – kafarar – slökkvibíll – skyndihjálpartjald – fjöldahjálparstöð – snjóruðningstæki*
- **Faxagarður:** Verið velkomin um borð í varðskipið Þór og Sæbjörg, Slysavarnaskóla sjómanna.

**Komdu og skoðaðu græjurnar og hittu 112-fólkið – við tökum vel á móti þér!**

### Björgum forsetanum kl. 14.30!

**Slysavarnafélagið Landsbjörg og Landhelgisgæsla Íslands bjarga forseta Íslands úr Reykjavíkurhöfn kl. 14.30. Ekki missa af því!**

**Dagskrá í Flóa í Hörpu kl. 15**

- **Ávarp: Sigríður Á. Andersen** dómsmálaráðherra
- **Verðlaun í Eldvarnagetrauninni 2016 afhent**
- **Eva Björk Eyþórsdóttir** og **Ragna Björg Ársælsdóttir,**
  starfsmenn bráðamóttöku LSH, syngja við undirleik Viðbragðssveitarinnar
- **Skyndihjálparmaður Rauða krossins útnefndur**

## Allir velkomnir!

11.2 EINN EINN TVEIR dagurinn

**Við stöndum saman að 112-deginum 2017:**
112, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Rauði krossinn á Íslandi, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Mannvirkjastofnun, Landspítali, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, Ríkislögreglustjórinn, Embætti landlæknis, Heilsugæslan á höfuðborgarsvæðinu, Barnaverndarstofa, Landhelgisgæsla Íslands, Vegagerðin og samstarfsaðilar um allt land.

# FERSKUR KJÚKLINGUR




1.879 kr. kg

**Kjörfugl Kjúklingabringur**
Ferskar




698 kr. kg

**Kjörfugl Kjúklingur**
Ferskur, heill




900g

1.198 kr. 900 g

**ES Kjúklingabringur**
Frosnar, 900 g

# FERSKT ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU




1.298 kr. kg

**Bónus Grísakótilettur**
Ferskar, með beini




859 kr. kg

**Bónus Grísahakk**
Ferskt



759 kr. kg

**Ali Grísbógur**
Ferskur

# NÝBAKAÐ OG ILMANDI



298 kr. 6 stk.

**Bónus Smáhringir**
Bleikir, 6 stk.



298 kr. 9 stk.

**Bónus Smáhringir**
Með súkkulaði, 9 stk.

**PRÓTEINBRAUÐ**
Inniheldur 25% prótein
Aðeins 12g kolvetni pr. 100g




398 kr. 420 g

**Bónus Próteinbrauð**
420 g




359 kr. 50 g

**Ferskar kryddjurtir**
50 g, margar tegundir

LÁGT VERÐ ALLA DAGA




259 kr. 55 g

**Barebells Próteinbar**
55 g, 3 tegundir

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




# BÓNUS

## skilar til viðskiptavina

**ólöglegri gjaldtöku ríkisins við útboð á kjúklingakvóta til innflutnings á kjúklingakjöti***

**398** kr. kg

**Danpo Kjúklingur**
Danskur, heill, frosinn

**60 TONN**
í boði á þessu verði

# POTTAR OG PÖNNUR Í BÓNUS




| | | |
|---|---|---|
| **Pottar og pönnur** 16-18 cm | 1798 | kr./stk. |
| **Pottar og pönnur** m/loki 18-20 cm | 2598 | kr./stk. |
| **Panna** 28 cm án loks | 2998 | kr./stk. |
| **Panna** 24 cm m/loki | 3598 | kr./stk. |
| **Pottar og pönnur** 26-32 cm | 3998 | kr./stk. |

**Fæst í eftirtöldum verslunum BÓNUS:**

| | |
|---|---|
| Korputorgi | Langholti Akureyri |
| Kauptúni Garðabæ | Egilsstöðum |
| Smáratorgi | Borgarnesi |
| Spönginni | Fitjum Reykjanesbæ |

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

## Konráð og félagar á ferð og flugi 236

Bragi Halldórsson

„Þessi þraut er þannig að við eigum að reikna út táknið sem vantar,“ sagði Lísaloppa. „Reikna út?“ sagði Kata spyrjandi. „Það eru engir tölustafir til að reikna með, hvernig getum við þá reiknað þetta út?“ „Jú,“ sagði Lísaloppa. „Táknin í hverri línu lesið frá vinstri til hægri fylgja ákveðnu lögmáli. En það vantar eitt táknið og hvert af táknunum A,B eða D passar í stað spurningamerkisins.“ Kata horfði tortryggin á dæmið nokkra stund. „Lögmáli! Mér litist nú betur á þrautina ef þetta væru bara tölustafir, en hver þremillinn, við hljótum að geta leyst þetta.“

Getur þú reiknað út hvaða tákn á að vera þar sem spurningamerkið er?






Svar: D

## Gátur



1. Hvað geturðu látið aðra fá en samt haft sjálfur áfram?
2. Þú berð það, en ég nota það þegar ég vil. Hvað er það?
3. Hvað er hægt að finna í tómum vasa?
4. Veistu hverju þú getur haldið uppi án þess að snerta það nokkurn tímann?
5. Hvað gerir fólki kleift að horfa í gegnum veggi?
6. Fátækt fólk á það. Ríkt fólk skortir það. Ef þú borðar það deyrðu? Hvað er það?
7. Hvenær hafa fílar tólf fætur?
8. Ef ég á það deili ég því ekki. Ef ég deili því, á ég það ekki. Hvað er það?

**LAUSN**

1. Flensu. 2. Nafnið þitt. 3. Gat. 4. Samræðum. 5. Gluggi. 6. Ekkert. 7. Þegar þeir standa þrír saman. 8. Leyndarmál.


**Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?**

**GUM eru hágæða tannvörur**




... fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum

IceCare
– allar upplýsingar á www.icecare.is


# Var alltaf að leika fyrir bangsana mína alls konar ævintýri

Leikarinn **Gói** elskaði ævintýri og þjóðsögur þegar hann var barn og reyndi oft að galdra en gekk það illa. Þegar hann var að skrifa leikritið Fjarskaland prófaði hann brandarana á börnunum sínum.

Gói heitir fullu nafni Guðjón Davíð Karlsson. Hann skrifaði leikritið Fjarskaland sem sýnt er í Þjóðleikhúsinu og fjallar um gömlu ævintýrin. Skyldi hann hafa lesið mikið af ævintýrum sem krakki? „Já, ég elskaði ævintýri og þjóðsögur. Foreldrar mínir lásu mikið fyrir mig og sögðu mér sögur. Það er kannski ástæðan fyrir því að ég er með ævintýrin á heilanum.“

**Hvert þeirra hélst þú mest upp á?** Ég var alltaf svakalega hrifinn af Eldfærunum og Búkollu.

**Varstu smeykur við eitthvað í ævintýrunum?** Átján barna faðir í álfheimum er saga sem ég var alltaf pínu smeykur við. Svo fékk ég alltaf kökk í hálsinn þegar ég las Dísu ljósálf.

**Langaði þig einhvern tíma að vera sögupersóna í ævintýri?** Ekki einhver ein. En ég var oft í ævintýraleikjum og þá var ég Pétur Pan, Hans klaufi (mér fannst hann svo fyndinn) og fleiri.

**Reyndir þú einhvern tíma að galdra?** Ég reyndi og reyndi. Ég fékk einhvern tíma töframannasett í jólagjöf. Það gekk alveg ótrúlega illa hjá mér. Enda gapi ég alltaf þegar ég sé einhvern gera töfrabrögð.

**Settir þú upp leiksýningar heima hjá þér sem barn?** Stöðugt. Ég var alltaf að leika fyrir bangsana mína. Alls konar ævintýri.

**Máttir þú vera með læti og fíflast þó pabbi þinn væri biskup?** Pabbi er prestur og þegar ég var unglingur þá varð hann biskup. En fyrir mér er hann alltaf pabbi minn. Það var mikið grín og gaman á heimilinu. Draumur minn er að verða jafn góður pabbi og hann er.

**Hvaða ævintýri lest þú helst fyrir börnin þín?** Við lesum saman alls konar ævintýri. Reynum að lesa sem mest. Þegar ég var að skrifa Fjarskaland þá las ég oft úr því fyrir þau og prófaði suma brandara og fékk hugmyndir að ævintýrum frá þeim. Þau voru svona tilraunadýr.



**Gói segir að hann reyni að lesa sem mest fyrir börnin.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Listaverkið

„Refur sem kann að labba eins og manneskja og er í fötum,“ segir höfundur þessarar myndar, **Júlía Líf Terrazas**, um hana.



# GÓÐ HELGI FYRIR MATARBOÐ

**SS BLÁBERJALÆRI**
HÁLFÚRBEINAÐ
**1299** KR. KG

**FJALLALAMB**
SÚPUKJÖT ÚR FRAMPARTI
**799** KR. KG
HAUSTSLÁTRUN 2016

**TOPPUR, EPLA**
2 LÍTRAR
**199** KR

**SS LAMBALÆRI**
FROSIÐ
**1199** KR. KG

**MS OSTAÞRENNA**
KASTALI, LJÓTUR, AUÐUR
**1099** KR

**MS KONUDAGS**
OSTAKAKA M. JARÐABERJUM
**1349** KR

**BLÓMVENDIR**
VERÐ FRÁ:
**1399** KR

**KONFEKT Í ÚRVALI**
VERÐ FRÁ
**129** KR

**POP CORNERS**
ALLAR TEGUNDIR
**299** KR

**ST. DALFOUR**
SULTUR, ALLAR TEG.
**369** KR

**LASAGNA**
FOR THE FAMILY
**899** KR
1,6 KG

OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

Iceland

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Hvöss suðvestanátt norðvestan til í dag og stormur seinnipartinn með talsverðri rigningu um tíma á Breiðafirði og á Vestfjörðum, en mun hægari sunnan og austan til, þurrt og yfirleitt bjart.

### Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 1° | Oslo -2° | Stokkhólmur 0° | Gautaborg 1° | Helsinki -5° | Þórshöfn 7° | Nuuk -7° |
| London 3° | Amsterdam 2° | Paris 3° | Berlín -3° | Madrid 4° | Brussel 2° | Róm 14° |
| Boston -6° | New York -1° | Orlando 11° | Moskva -2° | Singapúr 26° | Tókýó 0° | Sydney 24° |







### Flóð & fjara

| Flóð | Fjara |
|---|---|
| **Reykjavík** | |
| **6:45** | **12:31** |
| 4.35m | 0.33m |
| **7:07** | **1:00** |
| 4.04m | 0.27m |
| **Akureyri** | |
| **10:56** | **5:11** |
| 1.53m | 0.19m |
| **11:31** | **5:22** |
| 1.44m | 0.31m |
| **Ísafjörður** | |
| **8:32** | **2:32** |
| 2.43m | 0.18m |
| **9:01** | **3:06** |
| 2.13m | 0.14m |

### Tunglstaða.

100%

Sólarupprás.
9.35

Sólarlag.
5.49

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 6° ↑8 | 5° ↑5 | 5° ↖9 | 5° ↖10 | 5° ↖2 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 3° ↗21 | 3° ↗9 | 2° ↗7 | 2° ↖5 | -2° ↙18 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 4° ↗19 | 3° ↗5 | 0° ↗5 | 3° ↗4 | 0° ↓3 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 7° ↑3 | 4° ↘2 | 1° ↑4 | 3° ↖7 | 1° ↓4 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 4° ↓3 | 3° ↙1 | 3° ↙6 | 4° ←10 | 4° ↙2 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# GULLMOLAR ÚR PAPPÍR




**Rútan**
VILDARVERÐ: 2.899.-
Verð áður: 3.499.-




**Löggan**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.899.-




**Englar vatnsins**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.899.-




**Hrafnamyrkur**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.899.-




**Lífið**
VILDARVERÐ: 2.799.-
Verð áður: 3.399.-




**8 vikna blóðsykurkúrinn**
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð áður: 4.299.-




**Ör**
TILBOÐSVERÐ: 4.199.-
Verð áður: 6.999.-




**Jón úr Vör - Ljóðasafn (2 bindi)**
VILDARVERÐ: 7.999.-
Verð áður: 9.899.-




**Stúlkan sem enginn saknaði**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.899.-




**Vetrarhörkur**
TILBOÐSVERÐ: 3.199.-
Verð áður: 4.799.-




**Þögult óp**
VILDARVERÐ: 3.299.-
Verð áður: 3.999.-




**Leyndarmál húðarinnar**
VILDARVERÐ: 3.499.-
Verð áður: 4.299.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Ísafirði - Hafnarstræti 2

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Húsavík - Garðarsbraut 9

Framúrskarandi fyrirtæki

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er til og með 12. febrúar eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

FRÉTTABLAÐIÐ
MENNING

# Allir að missa sig yfir þriggja tíma þýskri grínmynd

**Þýskir kvikmyndadagar hófust af fullum krafti í gærkvöldi. Ása Baldursdóttir dagskrárstjóri segir að þar verði meðal annars að finna tvær myndir sem eru tilnefndar til Óskarsverðlauna og fleira góðgæti.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



„Þýskir kvikmyndadagar hafa fylgt okkur í Bíói Paradís frá upphafi og við fylgjumst líka alveg sérstaklega vel með því nýjasta í þýskri kvikmyndagerð á Berlinale-hátíðinni ár hvert,“ segir Ása Baldursdóttir, dagskrárstjóri Þýskra daga í Bíói Paradís sem hefjast í kvöld. Það eru Bíó Paradís og Goethe Institut sem standa fyrir Þýskum kvikmyndadögum í sjöunda sinn í samstarfi við Þýska sendiráðið. Ása segir að frá upphafi hafi verið leitast við að eignast dreifingarréttinn á sumum þessar þýsku mynda og því hafi þær líka ratað á myndbandaleigu í gegnum sjónvarp eða VOD eins og það er kallað í daglegu tali. „Þá eignast myndirnar ákveðið framhaldslíf og að auki þá höfum við fengið mikið hrós frá fólki úti á landi sem kemst ekki á Þýska kvikmyndadaga en getur engu að síður notið frábærra mynda.“

### Þriggja tíma grín

Ása segir að reglan hafi verið að vera alltaf með sex til sjö kvikmyndir á Þýskum dögum árlega. „Þetta eru kannski ekki svo margir titlar en þetta er rjóminn af því besta. Við fengum til að mynda að njóta þess heiðurs að vera viðstödd sérstaka blaðamannasýningu í Cannes á Toni Erdmann sem er aðalmyndin okkar í ár. Við stóðum þarna fyrir utan bíóið klukkan níu um morgun ásamt her alþjóðlegra blaðamanna og það vissi enginn við hverju var að búast. Fólk var satt best að segja alveg að mygla við tilhugsunina um að byrja daginn á þriggja tíma langri þýskri gamanmynd,“ segir Ása og hlær við tilhugsunina. „En svo byrjaði myndin og eftir tvo tíma þá stóð öll höllin upp og klappaði, ég hélt að myndin væri búin og var alveg hissa hvað þetta hafði liðið hratt, en nei þá voru það alþjóðlegir kvikmyndagagnrýnendur sem voru að standa upp fyrir einu atriði í myndinni. Ég fékk gæsahúð. Enda eru núna allir að missa sig af spenningi yfir þessari mynd enda ætlar Hollywood að endurgera hana og enginn annar en Jack Nicholson ætlar mæta aftur til starfa til þess að takast á við þetta magnaða hlutverk.

Toni Erdmann er tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta erlenda myndin og það voru stjarnfræðilega litlar líkur á því að þýsk gamanmynd yrði tilnefnd til Óskarsins. Að auki vann hún evrópsku kvikmyndaverðlaunin og þar eru nú þenkjandi menn að velja það besta af því besta, en málið með þessa mynd er líka að húmorinn í henni er alþjóðlegur og við getum hreinlega ekki beðið eftir að byrja að sýna hana. Við ætluðum að bjóða leikstýrunni, Maren Ade, og eins aðalleikkonunni, Söndru Hüller, en þær eru auðvitað bara að fara á Óskarsverðlaunaafhendinguna og við verðum að kyngja því,“ segir Ása og hlær og bætir við að þau ætli bæði að sýna myndina einu sinni á dag alla hátíðina og að auki þá fari hún í almennar sýningar eftir að Þýskum dögum lýkur.

### Uppgjör við fortíðina

Það er eftirtektarvert að einar þrjár myndir af sjö virðast tengjast uppgjöri Þjóðverja við seinni heimsstyrjöldina með einum eða öðrum hætti. Frantz í leikstjóra hins þekkta leikstjóra François Ozon, Der Staat gegen Fritz Bauer, saga manns sem náði að koma háttsettum þýskum nasista fyrir rétt vegna glæpa gegn mannkyni, og loks kvikmyndin Land of Mine eða Under Sandet. En Ása segir að Þjóðverjar hafi verið að stíga fleiri skref í átt til þess að gera upp fortíð sína í kvikmyndum. „Eftir því sem lengra líður frá fortíð, sem er þó nálæg okkur í tíma, er betra að fjalla um hana en þeir hafa samt verið að gera upp fortíðina í samframleiðslu með öðrum þjóðum. Under Sandet, sem er einnig tilnefnd til Óskarsverðlauna, er einmitt samframleiðsla með Danmörku. Þar segir frá nánast barnungum þýskum hermönnum sem Danir settu í að grafa upp jarðsprengjur á ströndinni. Þetta eru svona örsögur sem verða stórsögur með því að sýna fram á öll litlu svæðin og mannslífin sem urðu fyrir eftirstöðvunum af stríðinu. Algjörlega mögnuð mynd sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.“

Þýskir dagar í Bíói Paradís standa allt til 19. febrúar og á meðal fleiri mynda má nefna Democracy: Im Rausch der Daten eftir David Bernet, Who Am I Kein System ist sicher eftir Baran bo Odar og Gleißendes Glück eftir Sven Taddicken.




Ása Baldursdóttir dagskrárstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Atriði úr kvikmyndinni Toni Erdmann eftir Maren Ade sem sló í gegn á Cannes og er tilnefnd til Óskarsverðauna.

# Fallegur samruni óperu og leikrits

ÓPERA
★★★★☆

**Mannsröddin eftir Poulenc og Cocteau.**
**Íslenska óperan í Kaldalóni í Hörpu**

**Leikgerð og leikstjórn:** Brynhildur Guðjónsdóttir.
**Leikendur:** Auður Gunnarsdóttir og Elva Ósk Ólafsdóttir.
**Píanóleikari:** Eva Þyrí Hilmarsdóttir.
**Tónlistarstjóri:** Irene Kudela
**Búninga- og leikmyndahönnun:** Helga I. Stefánsdóttir



Auður Gunnarsdóttir og Elva Ósk Ólafsdóttir í hlutverkum sínum í Mannsröddinni í Kaldalóni Hörpu.

Óperan Mannsröddin, La Voix Humaine eftir Poulenc, er sérkennilegt verk. Aðeins einn söngvari stendur á sviðinu, kona sem talar í síma. Hún á síðasta símtalið við ástmann sinn til fimm ára, sem er búinn að binda enda á sambandið og er að fara að gifta sig daginn eftir. Óperan er mun styttri en gengur og gerist, tekur aðeins um þrjú korter í flutningi. Hún er upphaflega skrifuð fyrir litla sinfóníuhljómsveit, en er oftar flutt aðeins með píanóleikara, sem er praktískt fyrir svo smágert verk. Því miður nást ekki öll blæbrigði tónlistarinnar þegar eingöngu er leikið á píanó, stemningin sem best er framkölluð með strengjum er víðsfjarri. Sífelldur píanóleikur í tæpan klukkutíma gerir tónlistina einhæfa og ef söngurinn er ekki þeim mun meira spennandi er hætt við að óperan missi marks.

Leikgerð Brynhildar Guðjónsdóttur, sem jafnframt er leikstjórinn, mætir þessum veikleikum á óvanalegan hátt. Mannsröddin er byggð á samnefndu leikriti eftir Cocteau og Brynhildur fer þá leið að blanda því við óperuna. Það eru tvær leikkonur á sviðinu, Auður Gunnarsdóttir sópran syngur og Elva Ósk Ólafsdóttir flytur talaða textann. Í stað textavélar, sem hefð er fyrir að nota á óperusýningum, leikur Elva Ósk það sem Auður syngur á frönsku.

Þetta er djörf tilraun og hún er áhættusöm. Megineinkenni Mannsraddarinnar er einmanaleiki, hin forsmáða ástkona stendur uppi alein; skelfileg einsemd gegnsýrir allt verkið. Í uppfærslu Brynhildar eru aftur á móti tvær konur og þær eiga stundum í samskiptum, önnur réttir t.d. hinni símtólið á nokkrum stöðum í óperunni. Jú, við vitum auðvitað að þetta er sama konan þótt hún sé klofin. Engu að síður getur tilfinningin fyrir einmanaleika horfið þegar tvær konur sjást á sviðinu frekar en ein. Önnur áhætta er að áheyrandinn upplifi sífellt talið sem truflun á tónlistarupplifuninni, rétt eins og að vera við hliðina á málglöðum náunga á Sinfóníutónleikum. Ef maður hins vegar lítur á verkið sem leikrit, þá getur tónlistin hæglega komið út eins og alltof yfirgnæfandi leikhúsmúsík.

Það er til marks um snilld Brynhildar að óperan fellur aldrei í þessa gryfju, heldur er þvert á móti gríðarlega áhrifarík. Skiptingin á milli leikrits og óperu er snyrtileg, leikur Elvu Óskar er fullur af smitandi þjáningu en sársaukinn sem Auður miðlar er allur í söngnum. Leikur hennar er fjarlægur og látlaus, hún er fyrst og fremst mannsrödd án líkama. Fyrir bragðið vega konurnar tvær hvor aðra upp. Önnur er það sem hin er ekki og saman mynda þær kraftmikla heild, eina margbrotna persónu. Tónlistarlega séð kemur leikgerðin líka ágætlega út. Eva Þyrí Hilmarsdóttir spilar á píanóið og gerir það af fagmennsku, nákvæmni og tæknilegum yfirburðum. Einhæf píanóröddin fær svo nýtt líf með því að fléttast saman við leik fremur en bara við söng. Í óperunni er píanóið mun meira en undirspil, það undirstrikar tilfinningarnar í söngnum, skapar samhengið og stemninguna í leiknum. Á vissan hátt er það bæði leikmynd og lýsing. Það heppnast þó sjaldan í öðrum uppfærslum, en hér bætir leikur Elvu Óskar við píanóröddina og hún verður skiljanlegri og fjölbreyttari en ella. Ef svo má segja þá er byrði píanóleikarans að hluta til velt yfir á leikkonuna.

Þetta er í fyrsta sinn sem óperusýning fer fram í Kaldalóni í Hörpu, minnsta salnum. Smæð salarins skapar skemmtilega nálægð, og leikmynd Helgu I. Stefánsdóttur er hæfilega óreiðukennd, undirstrikar angistina í símtalinu. Heildarútkoman er óneitanlega mögnuð. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Áhrifamikil sýning, spennandi leikgerð, flottur leikur, glæstur söngur og píanóleikur.


ÓSKARSVERÐLAUNAMYND Í FULLRI LENGD
LIFANDI FLUTNINGUR SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR
KÓRAR OG EINSÖNGVARAR
UPPLIFIÐ MYNDINA Á ALGERLEGA NÝJAN HÁTT
THE LORD OF THE RINGS
THE FELLOWSHIP OF THE RING
Hljómleikabíó
YFIR 230 TÓNLISTARMENN Á SVIÐI
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
KÓR SÖNGSVEITAR FÍLHARMÓNÍU OG HLJÓMEYKIS
BARNAKÓR KÁRSNESSKÓLA
VERÐLAUNATÓNLIST HOWARD SHORE
ELDBORG 25. OG 26. ÁGÚST
TÓNLEIKUR - SINFÓNÍANORD
MIÐASALA Á HARPA.IS-TIX.IS OG Í SÍMA 528 50 50
WWW.LORDOFTHERINGSINCONCERT.COM
ÍSLENSKUR TEXTI

# Alltaf þurfa tröllin að hörfa undan mannfólkinu

**Handbendi er alþjóðlegt brúðuleikhús sem er starfrækt á Hvammstanga. Í dag frumsýna þau verkið Tröll í Samkomuhúsinu á Akureyri og í framhaldinu eiga þau eftir að ferðast víða og meðal annars um Bretland.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



„Við erum búin að forsýna í heimabyggð á Hvammstanga. Við búum í Húnaþingi vestra en ég er þaðan upphaflega, en bjó reyndar í London í tuttugu ár og kynntist þar konunni minn. Hún er brúðulistamaðurinn á bak við sýninguna og hún er reyndar orðin ágætlega þekkt innan þess geira í Bretlandi,“ segir Sigurður Líndal Þórisson, leikstjóri og einn að aðstandendum brúðuleikhússins Handbendi sem í dag frumsýnir sýninguna Tröllin í Samkomuhúsinu á Akureyri. Það er Greta Clough sem handgerir brúðurnar, er höfundur sögunnar og sér um brúðuleikinn ásamt Aldísi Davíðsdóttur, hljóðmynd og tónlist er eftir breska tónskáldið Paul Mosley, listakonan Kathleen Scott sem hefur undanfarið haft listamannadvöl að Nesi á Skagaströnd sér um skuggamyndir og ljósahönnun er í höndum Aðalsteins Stefánssonar en leikstjórn er eins og áður sagði í höndum Sigurðar.



Greta Clough, Sigurður Líndal Þórisson og Aldís Davíðsdóttir með allt klárt fyrir frumsýningu í Samkomuhúsinu á Akureyri.

„Við hjónin fluttum heim fyrir rétt um einu og hálfu ári og höfum síðan verið að búa til sýningar á Hvammstanga. Vonandi er það að bæta í menningarflóruna á staðnum. En við höfum líka verið að flytja inn brúðuleikara og listamenn, sem mörgum þykir sérstakt, en þá höfum við æft sýningarnar hér og sýnt þær svo á nokkrum stöðum og m.a. farið í leikferð um Bretland. Þannig að Handbendi er alþjóðlegt samstarfsverkefni og að lokinni frumsýningu hér í Samkomuhúsinu þá förum við í félagsheimilin á Norðurlandi vestra, svo er það Frystiklefinn á Rifi, þaðan í Tjarnarbíó og seinnipart sumars og í haust þá verða Tröllin á ferð í London og víðar um Bretland.“

Sigurður segir að þau hafi byrjað ferlið fyrir sýninguna með því að lesa vandlega tröllasögurnar sem er að finna í þjóðsögunum eins og þær koma fyrir af skepnunni. „Við keyrðum líka um landið og mynduðum tröllakletta og andlit í klettunum og brúðurnar byggja soldið á þessum myndum. Mér finnst skemmtilegt að þegar maður fer að lesa þetta í heild sinni, þá sér maður hvað þetta er mikið um komu kristninnar til landsins. Hvítserkur er nú eitt frægasta dæmið um það, sagan um tröllið sem bjó á Ströndum og þoldi ekki hljóminn í kirkjuklukkunni á Þingeyri svo hann rauk af stað til þess að þagga niður í henni. Greyinu entist þó ekki náttmyrkrið, brann inni á tíma og varð að steini. Átök á milli nýja tímans og þess gamla eru þannig algengt þema í þessum sögum. Það má líka sjá þarna átök á milli upplýsingaaldarinnar og óheftrar náttúra, vísindi versus bábilja. Kannski er þetta að einhverju leyti líka saga fólks sem kemur á nýjan stað og frumbyggjanna sem voru þar fyrir. Því alltaf er það þannig að tröllin þurfa einhvern veginn að hörfa með einum eða öðrum hætti.“

**KANNSKI ER ÞETTA AÐ EINHVERJU LEYTI LÍKA SAGA FÓLKS SEM KEMUR Á NÝJAN STAÐ OG FRUMBYGGJANNA SEM VORU ÞAR FYRIR.**

Sigurður segir að þegar þau hafi verið komin með sögurnar sem þau völdu að vinna með sem grunn þá hafi þau farið að skoða hvernig væri best að setja saman söguna. „Við reyndum ýmsar nálganir og enduðum með því að fara alveg aftur til þess tíma þegar paparnir koma til landsins. Í okkar sögu kemur ung stúlka til landsins með þeim og sögurnar koma svo til okkar í gegnum þessa stúlku. Hún er bæði hugrökk og ævintýragjörn og fer að fara um landið. Upp á fjöllum rekst hún svo á þessa skelfilegu óvætti Truntum Runtum úr samnefndri þjóðsögu.“






Snorri Sigfús Birgisson tónskáld hefur útsett níu laga flokk sem verður frumfluttur á 15:15 tónleikunum á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Dalasöngvar og Hallgerður

Til sjávar og sveita með Hallgerði langbrók er yfirskrift tónleika í 15:15 tónleikasyrpunni í Norræna húsinu nk. sunnudag, 12. febrúar, kl. 15:15. Einsöngvarar á tónleikunum eru Hanna Dóra Sturludóttir og Ingibjörg Guðjónsdóttir en hljóðfæraleikur er í höndum Caput hópsins undir stjórn Guðna Franzsonar.

Hanna Dóra og Snorri Sigfús Birgisson munu frumflytja lagaflokk Snorra Sigfúsar sem nefnist Níu lög að vestan en Snorri segir að hér séu á ferðinni níu þjóðlög sem eru varðveitt hljóðrituð í þjóðfræðisafni Stofnunar Árna Magnússonar. „Þetta eru upptökur frá sjöunda áratug síðustu aldar og heimildarmennirnir í þessum lögum voru allir fæddir á ofanverðri nítjándu öld. Þetta er allt saman úr Dalasýslu, Hanna Dóra er ættuð þaðan og þessar útsendingar eru tileinkaðar henni. Það er ómetanlegt hugsjónastarf sem þau Hallfreður Örn Eiríksson, Jón Samsonarson og Helga Jóhannsdóttir unnu þegar þau ferðuðust um landið á sjöunda áratugnum og tóku upp alls konar efni. Þar á meðal eru um sjö hundruð klukkustundir af tónlist.“

Snorri Sigfús segir að það eigi afskaplega vel við sig að vinna með þetta efni. „Lögin eru mjög ólík og fjölbreytileg. Síðan eru þau líka sungin á mismunandi vegu á upptökunum þannig að þetta vekur upp ýmsar ólíkar hugsanir. En Hanna Dóra syngur þetta allt af mikilli list enda fádæma fín söngkona.

Svítan Hallgerður langbrók eftir Finn Torfa Stefánsson er á síðari hluta tónleikanna. Svítan var gerð fyrir Caput hópinn og Ingibjörgu Guðjónsdóttur söngkonu og byggð á samnefndri óperu Finns í fullri lengd. Finnur segir að þar sem hann sé að vinna með Hallgerði Langbrók þessa dagana þá passi hann sig sérstaklega vel á þjófssögum og á því að gefa engum kinnhest þessa dagana og hlær við. „Upprunalega er þetta ópera sem ég samdi og þetta eru sýnishorn úr henni. Auk Caput hópsins og Ingibjargar þá kemur Edda Þórarinsdóttir leikkona inn og segir söguþráðinn til að setja tónlistina í samhengi.“

Finnur Torfi segir að það sé afar skemmtilegt að semja tónlist við Njálu. „Það er reyndar stórhættulegt því það er svo mikil vinna og fæst ekki króna fyrir. Þetta er bara eins og hver önnur della og ég er með músíkdellu, það er óhætt að segja það. En Hallgerður var fyrst kvenréttindakonan en hún liggur í Laugarnesinu og þar malbikaði Reykjavíkurborg yfir hana svo að hún gengi ekki aftur.“ magnus@frettabladid.is





17

myndir & verð á
facebook.com/**gallerisautjan**










# FERMING 2017

galleri **sautján**

Kringlan | Smáralind








| ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 10:40 - 11:40 - 1 - 2 - 3:20 - 4:20 - 5:40 |
| LEGO BATMAN ENSKT TAL | KL. 10:40 - 1 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 |
| LEGO BATMAN ENSKT TAL VIP | KL. 10:40 - 1 - 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 |
| RINGS | KL. 10:40 |
| LA LA LAND | KL. 5:40 - 8 - 10:40 |
| XXX 3 | KL. 8:20 - 10:40 |
| MONSTER TRUCKS | KL. 5:40 |
| SYNGDU ÍSL TAL 2D | KL. 10:40 - 1 - 3:20 |
| ROGUE ONE 2D | KL. 8 - 10:40 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 10:40 - 1 - 3:20 |
| FANTASTIC BEASTS 2D | KL. 8 |

| EGILSHÖLL | |
|---|---|
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 1 - 2 - 3:15 - 5:40 |
| LEGO BATMAN ENSKT TAL | KL. 8 - 10:20 |
| FIFTY SHADES DARKER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| RINGS | KL. 8 - 10:40 |
| LA LA LAND | KL. 3 - 5:20 - 8 |
| XXX 3 | KL. 5:40 - 10:20 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 1 - 3:20 |

| AKUREYRI | |
|---|---|
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 1 - 3:20 - 5:40 |
| LEGO BATMAN ENSKT TAL | KL. 3:20 - 8 |
| RINGS | KL. 10:40 |
| LA LA LAND | KL. 5:20 - 8 |
| XXX 3 | KL. 10:20 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 1 |

| KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 1 - 2 - 3:15 |
| FIFTY SHADES DARKER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| LA LA LAND | KL. 1 - 3:40 - 5:20 - 6:20 - 8 - 9 - 10:40 |

| KEFLAVÍK | |
|---|---|
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 1 - 3:20 - 5:40 |
| LEGO BATMAN ENSKT TAL | KL. 5:40 |
| FIFTY SHADES DARKER | KL. 8 |
| JOHN WICK: CHAPTER 2 | KL. 10:30 |
| RINGS | KL. 10:40 |
| LA LA LAND | KL. 8 |
| SYNGDU ÍSL TAL 2D | KL. 1 |
| VAIANA ÍSL TAL 2D | KL. 3:20 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU KR.950

# Hvað? Hvenær? Hvar? Laugardagur

hvar@frettabladid.is

## 11. FEBRÚAR 2017

### Tónlist

**Hvað?** Belleville
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Rosenberg, Klapparstíg
Belleville leikur öll sorglegu frönsku lögin sem þig hefur alltaf langað til að heyra: Edith Piaf, Yves Montand, Aznavour og svo auðvitað fullt af frumsömdu efni, bæði gömul lög og ný. Hljómsveitina skipa: Ásta Ingibjartsdóttir, Eyjólfur Már Sigurðsson, Olivier Moschetta og Rut Berg Guðmundsdóttir. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.

**Hvað?** Papar
**Hvenær?** 23.59
**Hvar?** Hlégarður, Mosfellsbæ
Á nýju ári ætla Papar að telja í örfá böll og er stefnan að gera Hlégarð að heimavelli fyrir hljómsveitina hvað böll varðar. Stefnt er á að Papar komi fram á böllum í 2 eða 3 skipti á árinu. Síðast þegar Papar stigu á svið í Mosfellsbæ þá seldist upp á ballið nokkrum dögum áður. Það er því skynsamlegt að tryggja sér miða í tíma í þetta skiptið.

**Hvað?** Gestur frá gamla landinu
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Björg Brjánsdóttir flautuleikari og Tina Margareta Nilssen píanóleikari ásamt Stine Aarønes fiðluleikara og Brjáni Ingasyni fagottleikara flytja verk eftir Beethoven, Grieg og Sjostakovítsj á notalegum tónleikum í Hljóðbergi, tónleikasal Hannesarholts. Miðaverð 2.000 krónur.

### Viðburðir

**Hvað?** Samtakamátturinn 2017, þjóðfundur hinsegin fólks
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Tjarnarsalur Ráðhúss Reykjavíkur
Samtökin '78 boða nú öðru sinni til þjóðfundar hinsegin fólks sem haldinn er undir yfirskriftinni Samtakamátturinn 2017. Árin síðan Samtakamátturinn var haldinn í fyrsta sinn 2013 hafa verið viðburðarík og mörkuð af átökum um stefnu félagsins sem reyndust mörgum erfið. Það er því mikilvægt að stuðla að aukinni samkennd og samstöðu innan hinsegin samfélagsins, ekki síst þar sem enn er verk að vinna í baráttunni fyrir réttindum og heilsu hinsegin fólks á Íslandi. Markmið fundarins er ekki síst að móta stefnu félagsins til lengri tíma.


Gunnar Kvaran sellóleikari spilar ásamt píanóleikaranum Domenico Codispoti í Hannesarholti á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Hvað?** Heroine WOD
**Hvenær?** 11.00
**Hvar?** Norræna húsið
Sænska listakonan Victoria Cleverby notar CrossFit til að minnast kvenhermanna og gera áhorfandann meðvitaðan um karllægni samfélagsins. Heroine WOD, sem er tilbúningur listakonunnar Victoriu Cleverby, er kvenkyns útgáfa af CrossFit æfingum sem kallast Hero WOD. Æfingarnar, sem eru undirstaða í CrossFit, eru nefndar eftir körlum sem falla í stríði. Engar æfingar eru gerðar til að minnast þeirra kvenna sem misst hafa lífið í stríði.


Pétur H. Ármannsson arkitekt flytur fyrirlestur um Hannes Kr. Davíðsson, arkitektinn sem hannaði Kjarvalsstaði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Hvað?** Landnámabók og nafnafræði Þórhalls Vilmundarsonar
**Hvenær?** 13.15
**Hvar?** Oddi, Háskóla Íslands
Fyrsti fræðslufundur ársins hjá Nafnafræðifélaginu verður haldinn í dag. Helgi Skúli Kjartansson sagnfræðingur flytur fyrirlesturinn Landnámabók og nafnafræði Þórhalls Vilmundarsonar.

**Hvað?** Kínversk nýjárshátíð
**Hvenær?** 14.00












| BIO PARADIS | |
|---|---|
| Toni Erdmann ENG SUB | 18:00 |
| The People Vs. Fritz Bauer ENG SUB | 18:00 |
| Hjartasteinn ENG SUB | 17:30 |
| Original Bliss ENG SUB | 20:00 |
| Moonlight | 20:00, 22:15 |
| Paterson | 22:00 |
| Besti Dagur Í Lífi Olli Maki | 22:30 |

# Rae Sremmurd heiðrar Bítlana fyrir ótrúlega tilviljun í Late Show

Það var ótrúleg tilviljun að þegar hljómsveitin Rae Sremmurd spilaði smellinn sinn Black Beatles í Late Show á fimmtudaginn voru þeir að heiðra Bítlana á nýjan og óvæntan máta. Þannig var nefnilega mál með vexti að Bítlarnir höfðu akkúrat spilað á þessu sama sviði fimmtíu og þremur árum áður, en þá voru þeir í fyrsta sinn að spila í þætti Eds Sullivan.

Þó var það kannski ekkert svo mikil tilviljun því að Stephen Colbert, stjórnandi þáttarins, kynnti þá Slim Jimmy og Swae Lee á svið með orðunum: „Á þessum degi fyrir fimmtíu og þremur árum komu Bítlarnir í fyrsta sinn fram í amerísku sjónvarpi á þessu sviði sem ég stend á núna.“ Svo að það gæti nú allt eins verið að framleiðendur þáttanna hafi viljað fá einhvers konar Bítlatengt atriði til að spila þetta kvöldið. Það má hins vegar alveg deila um hversu viðeigandi Rae Sremmurd er í því hlutverki – en lagið sveitarinnar Black Beatles er vissulega eitt það vinsælasta í heiminum í dag og eru þeir því á svipuðum stað og Bítlarnir fyrir fimmtíu og þremur árum hvað vinsældir varðar að minnsta kosti.

**Á ÞESSUM DEGI FYRIR FIMMTÍU OG ÞREMUR ÁRUM KOMU BÍTLARNIR Í FYRSTA SINN FRAM Í AMERÍSKU SJÓNVARPI Á ÞESSU SVIÐI SEM ÉG STEND Á NÚNA.**

Í viðtali við Rolling Stone sögðu strákarnir í Rae Sremmurd að laginu væri ætlað að „fanga rokk og ról-lífsstílinn“. – **sþh**



**Strákarnir í Rae Sremmurd voru hressir í Laugardalshöllinni um árið.**
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Hvar?** Háskólatorg, Háskóla Íslands
Í tilefni árs hanans, sem nýlega gekk í garð, býður Konfúsíusarstofnunin Norðurljós alla hjartanlega velkomna á hina árlegu nýárshátíð á Háskólatorgi í Háskóla Íslands í dag. Dagskráin hefst með drekadansi kl. 14.

**Hvað?** Fyrirlestur um arkitekt Kjarvalsstaða
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Pétur H. Ármannsson arkitekt flytur fyrirlestur um höfund byggingarinnar, arkitektinn Hannes Kr. Davíðsson (1916-1995). Á næstu vikum beinum við athyglinni að byggingarlist Kjarvalsstaða, húsi sem hefur hýst myndlist frá árinu 1973. Í fyrirlestrum og leiðsögnum er sjónum beint að byggingunni, sögu hennar og forsendum.

**Hvað?** Morgunsögustund á náttfötum
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Sólheimum
Sögustundir á náttfötunum eru alla jafna haldnar annan fimmtudag í mánuði kl. 19. Í þetta skipti verður hins vegar brugðið út af vananum og boðið upp á morgunsögustund á náttfötunum í notalegu umhverfi bókasafnsins í dag. Boðið verður upp á heitt súkkulaði eftir lesturinn.

**Hvað?** Opnun: Stund – Steingrímur Gauti
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Salur íslenskrar grafíkur, Hafnarhúsinu
Steingrímur Gauti opnar sýningu sína Stund og verður boðið upp á léttar veigar við það tilefni.

## Sunnudagur

### 12. FEBRÚAR 2017

### Tónleikar

**Hvað?** Dúó-tónleikar fyrir selló og píanó
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Sellóleikarinn Gunnar Kvaran og píanóleikarinn Domenico Codispoti leika saman á dúó-tónleikum fyrir selló og píanó í Hljóðbergi, tónlistarsal Hannesarholts. Þeir leika verk eftir Brahms, Schumann, Rakhmanínov og Sjostakovíts. Miðaverð er 3.000 krónur.

### Viðburðir

**Hvað?** Lokasýning Australiana
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tjarnarbíó, Tjarnargötu
Hinn einlægi ástralski grínisti Jonathan Duffy verður með síðustu sýninguna af uppistandinu sínu í dag.

**Hvað?** Dansaðu fyrir lífinu
**Hvenær?** 12.30
**Hvar?** World Class, Laugum
Í dag kl. 12.30 sameinast Zumbakennarar í World Class og ætla að leiða 90 mínútna dansgleðitíma til styrktar UNICEF og verkefni þeirra í Sýrlandi. Það er pláss fyrir 80-90 manns og fyrstir koma, fyrstir fá!




**MILLJÓNAVELTAN 20.000.000**

8821 B

**MILLJÓN Á MANN 1.000.000**

14119 B 20355 G 21420 G 53337 E 55152 G

**AÐALÚTDRÁTTUR 70.000.000**

**5.000.000**
25.000.000 TROMP

46039

**500.000 /2.500.000 TROMP**

4168 30958 31360 41557 49156 56226

**200.000**
1.000.000 TROMP

2507 6698 7722 15033 23087 23144 27644 29840 31939 56859

**100.000**
500.000 TROMP

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2211 | 6982 | 13213 | 18400 | 26041 | 29277 | 40648 | 44828 | 51203 | 55091 |
| 2679 | 8857 | 15263 | 20083 | 26365 | 33820 | 41748 | 44895 | 52586 | 55973 |
| 2838 | 9024 | 15493 | 23455 | 27966 | 35814 | 42123 | 45485 | 53153 | 57243 |
| 4699 | 10112 | 16408 | 24631 | 28646 | 38534 | 43490 | 46616 | 54447 | 58107 |
| 4928 | 10832 | 17433 | 24907 | 28749 | 39181 | 44140 | 47115 | 54746 | 59490 |

**50.000**
250.000 TROMP

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 77 | 6675 | 9160 | 11760 | 16618 | 18953 | 33682 | 39057 | 43531 | 52032 |
| 1481 | 6682 | 9184 | 12871 | 16903 | 19127 | 33710 | 40630 | 43991 | 55524 |
| 1634 | 6973 | 9504 | 14963 | 17309 | 22114 | 33787 | 41254 | 45063 | 56652 |
| 4772 | 8351 | 11136 | 14966 | 17662 | 26120 | 34978 | 41792 | 45122 | 59286 |
| 6132 | 8398 | 11716 | 15963 | 18062 | 27659 | 37257 | 42018 | 49968 | 59454 |

**20.000**
100.000 TROMP

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 7900 | 10348 | 13121 | 15769 | 18945 | 22111 | 25261 | 27263 | 30683 | 33672 | 36866 | 40171 | 42910 | 45692 | 49005 | 51877 | 54702 | 57465 |
| | | | 7999 | 10359 | 13157 | 15772 | 18977 | 22115 | 25264 | 27310 | 30720 | 33690 | 36951 | 40234 | 42946 | 45758 | 49097 | 51903 | 54834 | 57572 |
| | | | 8021 | 10391 | 13162 | 15819 | 19095 | 22241 | 25272 | 27336 | 30732 | 33699 | 37169 | 40281 | 42986 | 45822 | 49111 | 52059 | 54841 | 57577 |
| | | | 8087 | 10443 | 13359 | 15862 | 19139 | 22287 | 25319 | 27346 | 30745 | 33757 | 37182 | 40282 | 43034 | 45882 | 49169 | 52213 | 54875 | 57578 |
| | | | 8124 | 10492 | 13404 | 15917 | 19162 | 22334 | 25340 | 27349 | 30765 | 33818 | 37188 | 40284 | 43105 | 45887 | 49197 | 52380 | 54984 | 57763 |
| | | | 8291 | 10493 | 13542 | 16019 | 19245 | 22336 | 25404 | 27415 | 30848 | 33821 | 37207 | 40286 | 43178 | 45892 | 49202 | 52383 | 55005 | 57770 |
| | 2490 | 5362 | 8329 | 10536 | 13550 | 16038 | 19340 | 22412 | 25414 | 27449 | 30855 | 33888 | 37263 | 40301 | 43205 | 45913 | 49353 | 52402 | 55047 | 57789 |
| 38 | 2529 | 5393 | 8331 | 10590 | 13566 | 16085 | 19400 | 22434 | 25472 | 27478 | 30977 | 33910 | 37322 | 40326 | 43218 | 45999 | 49395 | 52444 | 55100 | 57879 |
| 51 | 2568 | 5416 | 8335 | 10648 | 13638 | 16101 | 19463 | 22463 | 25473 | 27514 | 31019 | 33913 | 37585 | 40343 | 43273 | 46041 | 49406 | 52469 | 55115 | 57920 |
| 106 | 2590 | 5447 | 8352 | 10655 | 13644 | 16214 | 19607 | 22468 | 25484 | 27593 | 31058 | 33915 | 37638 | 40416 | 43304 | 46071 | 49451 | 52474 | 55129 | 58046 |
| 108 | 2620 | 5531 | 8407 | 10657 | 13832 | 16238 | 19625 | 22502 | 25491 | 27631 | 31103 | 33946 | 37669 | 40423 | 43320 | 46092 | 49478 | 52507 | 55156 | 58066 |
| 156 | 2710 | 5553 | 8416 | 10672 | 13851 | 16258 | 19636 | 22533 | 25605 | 27724 | 31190 | 34022 | 37689 | 40542 | 43328 | 46109 | 49490 | 52549 | 55211 | 58097 |
| 201 | 2716 | 5564 | 8428 | 10717 | 13866 | 16260 | 19661 | 22574 | 25613 | 27738 | 31209 | 34087 | 37742 | 40576 | 43330 | 46186 | 49522 | 52636 | 55244 | 58198 |
| 266 | 2726 | 5623 | 8431 | 10839 | 13868 | 16302 | 19664 | 22613 | 25654 | 27755 | 31220 | 34109 | 37749 | 40595 | 43414 | 46457 | 49537 | 52709 | 55312 | 58238 |
| 301 | 2732 | 5636 | 8560 | 10864 | 13892 | 16323 | 19833 | 22653 | 25705 | 27811 | 31284 | 34198 | 37820 | 40615 | 43474 | 46469 | 49560 | 52753 | 55329 | 58244 |
| 326 | 2831 | 5658 | 8572 | 10970 | 13920 | 16465 | 19834 | 22737 | 25727 | 27956 | 31335 | 34221 | 37860 | 40669 | 43535 | 46477 | 49651 | 52781 | 55337 | 58284 |
| 336 | 2853 | 5832 | 8681 | 10971 | 13942 | 16562 | 19873 | 22748 | 25811 | 27968 | 31371 | 34379 | 37898 | 40672 | 43536 | 46549 | 49804 | 52832 | 55370 | 58340 |
| 348 | 2867 | 5834 | 8685 | 11063 | 13953 | 16652 | 19942 | 22824 | 25828 | 27970 | 31504 | 34392 | 38063 | 40802 | 43676 | 46638 | 49836 | 52873 | 55421 | 58352 |
| 371 | 2903 | 5842 | 8703 | 11116 | 13964 | 16657 | 20077 | 23010 | 25888 | 28090 | 31505 | 34443 | 38124 | 40828 | 43733 | 46680 | 49854 | 52926 | 55435 | 58438 |
| 413 | 2915 | 5873 | 8706 | 11133 | 13994 | 16676 | 20078 | 23097 | 25904 | 28160 | 31561 | 34523 | 38262 | 40858 | 43751 | 46734 | 49855 | 52973 | 55473 | 58557 |
| 581 | 2925 | 5899 | 8720 | 11137 | 14007 | 16731 | 20089 | 23124 | 25944 | 28167 | 31564 | 34561 | 38333 | 40902 | 43825 | 46744 | 49909 | 53006 | 55502 | 58568 |
| 679 | 2961 | 5958 | 8727 | 11231 | 14022 | 16736 | 20152 | 23180 | 25993 | 28294 | 31726 | 34581 | 38339 | 41048 | 43839 | 46783 | 49910 | 53018 | 55520 | 58654 |
